

# EYVINDUR

XXIX. árgangur – Desember 2020



# Velkomin í BM Vallá á Akureyri

Úrvalið kemur þér á óvart



Í verslun BM Vallá, Austursíðu 2, fást allar hefðbundnar múrblöndur fyrir jafnt innimúr, útimúr sem viðgerðarblöndur og múrkerfi til utanhússklæðninga. Í versluninni erum við einnig með hellur, steina, lím, kítta og tilheyrandi verkfæri eru að sjálfsgöðu á lager.

## Hellur og steinar

Hellur og steinar eru stór liður í framleiðslu BM Vallá og prýða innkeyrslur og bílastæði víðsvegar um Akureyri og nærsveitir, auk sorptunnuskýla og ýmissa garðeininga eins og steyptra blómakerja, ljósastöpla, stauraundirstaða, klakka, setubekkjja osfrv.



PiparntBWA / SÍA



Austursíðu 2 · Akureyri  
Sími: 412 5204 · sala@bmvalla.is  
Opíð mán. – fös. kl. 8–17



**BM·VALLÁ**  
bmvalla.is

# Leiðari

Það er árið 2020 – Covid19 – Gerðist eitthvað annað? Líklega tíðindaminnta ár síðustu 200 ára! Eða hvað?

Árið 2020 er að renna skeið sitt á enda og hefur að mestu einkennst af þessum heimsfaraldri, sem átti upptök sín í stórveldinu í austri síðla árs í fyrra og breiddist með ógnarhraða um heiminn. Íslendingar hafa ekki farið varhluta af þessari skæðu pest og hingað í fjórðinn okkar hefur hún stungið sér niður á nokkrum heimilum. Sem betur fer hafa flestir þeirra náð sér aftur þó erfitt sé að meta það fyrir víst. Þegar þetta er skrifað ber hæst í fréttum að von sé á bóluefni með vorinu og vonandi gengur það eftir.

Eyjafjarðarsveit er eins og öllum er kunnugt mikið bændasamfélag og þar eiga þeir eins og aðrir bændur þessa lands allt sitt undir sól og regni, þó að nútímataekni geri mönnum kleift að heyja þótt þurrkar séu stopulir. Eftir illviðrasaman vetur kom gott sumar og nú á haustnóttum er hefyngur góður og kartöflu- og kornuppskera með ágætum. Annað má segja um ferðaþjónustubændur sem vissulega hafa borið skarðan hlut frá borði vegna kórónuveirunnar. Þótt Íslendingar hafi verið duglegir að ferðast um sitt eigið land vegur það engan veginn upp á móti þeim fjölda sem áður sótti landið heim. Mörgu hefur verið umturnað, engin handverkshátíð, íþróttaviðburðir eru án áhorfenda, fundum frestað eða aflýst, fermingum barna seinkað, engar stórar veislur og jarðarfarið eingöngu fyrir nánustu aðstandendur.

Ekki dugir þó að láta eina veiru stoppa sig og íbúar Eyjafjarðarsveitar hafa ekki látið deigan síga og hafa verið duglegir að láta í sér heyra. Facebooksíðan „Íbúar Eyjafjarðarsveitar“ hefur óspart verið vettvangur skoðanaskipta, auglýsinga á jólagjöfum í heimabyggð, sölu á trommusetti, týndir kettir hafa fengið pláss á síðunni og íbúum sveitarinnar var gert viðvart um kýr á veginum við Grund. Ekki má heldur gleyma umræðunni um rykspólandi ungmenni á bílaplönunum sveitarinnar. Einnig hefur framtakið Matarstígur Helga magra vakið verðskuldaða athygli og sýnir hugmyndaauðgi og athafnasemi íbúa í Eyjafjarðarsveit.

Við verðum að trúá því að öll el birti upp um síðir, þótt eflaust sé langt í land að þjóðin komist á beinu brautina á ný. Þá er gott að hafa í huga ljóðlinur Davíðs frá Fagraskógi:

*„Í þúsund ár bjó þjóð við nyrstu voga.  
Mót þrautum sínum gekk hún djörf og sterk.  
Í hennar kirkju helgar stjörnur loga  
og hennar lífer eilíft kraftaverk*

Eyvindur óskar íbúum Eyjafjarðarsveitar, sem og öðrum lesendum sínum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári

*Benjamin Baldursson og Snæfríð Egilson*

# EYVINDUR

1. tölublað • 29. árgangur

Forsíðumynd: Inga Dagný Eydal

Útgáfa: Menningarmálanefnd

Eyjafjarðarsveitar

Prófarkalestur: Valdimar Gunnarsson

Prentvinnsla: Ásprent

## Efnisyfirlit

Leiðari	3
Ritnefnd Eyvindar	3
Ferðalag litlu fjölskyldunnar	4
Kirkjan í sókn	6
Hugleiðing 10. bekkings	7
Bylgja og Sigurgeir á Ytra-Gili	8
Á réttir hillu	10
Þorvaldur Örn Davíðsson nýr kórstjóri	12
Úr dagbók býflugnabónða	13
Tvær eyfirskar heiðurskonur	15
Brautin frá Brekkugirðingunni fram að Torfufellsá	16
Heilræði	16
Brot úr væntanlegri bók kvenfélagsins Hjálpin	17
Nokkur orð um Bernharð Pálsson mjólkurbílstjóra	20
Eftirminnilegur dagur 9. apríl 1963	22
Ein lítil saga af bræðrum	23
Helgastaðir í Saurbæjarhreppi hinum horfna	24
Minning frá sumrinu 1955	26
Bernskuminning	27
Minningabrot frá stríðsárunum	28
Sendibréf úr sveitinni 1937	31
Frá sóknarnefnd Kaupangskirkju	32
Forystusauðurinn Botni	33
Allt fram streymir endalaust – eða eðlilegar breytingar?	34
Bændur flugust á	36
Galdrar og fjölkunnugir menn í Eyjafjarðarsveit	38
Hjá álfaborgum	40
Í skjóli trjáa	41
Við Aldísartréð	42
Reiðvegagerð í Eyjafjarðarsveit	43
Tjarnavirkjun vígð	45
Búnaðarfélag Eyjafjarðarsveitar, mikilvægur hlekkur í samfélagi bænda	48
Rafstöðin á Munkaþverá	50
Frá Laugalandsprestakalli	52
Skímir	52
Fermingar	52
Hjónavígslur	54
Andlát	54

## Ritnefnd Eyvindar



Auður Thorberg.



Arnbjörg Jóhannsdóttir.



Snæfríð Egilson.



Jóhannes G. Sigurgeirsson.



Benjamin Baldursson.



Katrín R. Guðmundsdóttir.

# Ferðalag litlu fjölskyldunnar

*Að vera búsettur í öðru landi er oftast mjög gefandi og vikkar sjóndeildarhring manns. Þó er alltaf gott að koma heim í faðm fjölskyldunnar og hitta vini og kunningja og njóta lífsins í sumarfríinu. Sérstaklega var þetta dýrmætt vegna þess ástands sem er í heiminum og það var í raun alveg spurning hvort við kæmumst heim til Íslands í frí. Allt beint flug milli Íslands og Grænlands hafði verið lokað frá miðjum mars og fyrst þann 3. júlí fékk Air Iceland Connect leyfi til að fljúga frá Reykjavík til Nuuk. Um leið og það var komið á hreint, var rokið í það að kaupa flug. Á þessum tímamarki var samningur milli Grænlands, Færeyja og Íslands, að þeir sem höfðu verið 14 daga heima, gátu komið til Íslands án þess að fara í 14 daga sóttkví. Það er þriggja tíma flug með Dash 8 vél Air Iceland Connect, og við fengum skemmtun um borð, en grænlenk ungmenni spiluðu á grænlenka trommu og sungu þegar stutt var eftir af flugi til Reykjavíkur og var það góð tilbreyting fyrir flughrædda konu.*



Litla fjölskyldan, Ivan, Snæfrið og Ivalu Birna.

Þó svo að þessi Íslandsheimsókn hafi nú mestmegnis verið til að heimsækja og vera með fjölskyldunni á Norðurlandinu, var ekki annað hægt en að ferðast smá innanlands, eins og svo margir Íslendingar gerðu sem lögðu land undir fót þetta sumarið, enda var ekki gæfulegt að fara mikið utanlands þetta árið vegna Covid 19. Við vorum engin undantekning og ákváðum við hjónin ásamt Ivalu Birnu, dóttur okkar, að halda austur á land í 2-3 daga. Við vorum í raun ekki alveg búin að ákveða hvert við ætluðum að fara og hvar átti að gista, en við nýttum nýju síðuna á Facebook, **Landið mitt Ísland**, til að spyrjast fyrir hvert fólk mælti með að maður færi og hvar væri gott að gista, og ekki var að spyrja að hjálpsemi landans í þeim efnunum.

Leiðin lá sem sagt austur snemma einn fimmtudagsmorguninn, allt klárt í gullitaða bílaleigubílunum og Guðjón Valur á fóninum... nei ég meina á hlaðvarpinu. Ferðinni var fyrst heitið á

nýjan og afar vinsælan stað, Stuðlagil, í Efri Jökuldal, þar sem Jökulsá á Dal rennur í gegn. Ekki er þörf á neinni nánari lýsingu á staðnum en við völdum 10 km göngu fram og til baka til að komast að þessu náttúruundri og vorum alls ekki svikin af því sjónarspili. Vona bara að það verði passað vel upp á umhverfið þarna þegar fleiri ferðamenn koma til landsins, því þangað vilja þeir örugglega fara.

Við vorum búin að panta gistingu á Hótel Blábjörg á Borgarfirði eystri fyrstu nóttina og þangað var ferðinni heitið eftir stutta viðkomu í fæðingarbæ undirritaðrar, Egilsstöðum, þar sem farið var í Kaupfélagið (sem heitir reyndar Nettó núna) og mikill spennur hvort maður þekkti einhvern (bara ónefnda fjölskyldu úr Hrafnagilshverfi).

Sumarið 1980, þá 14 ára, dvaldi ég á bænum Höfn í Borgarfirði eystri hjá hjónunum Þórdísi Jónsdóttur og Þorsteini Magnússyni og syni þeirra, Magnúsi Þorsteinssyni þáverandi odd-

vita. Þau áttu heima á bænum Höfn, sem er staðsettur rétt hjá Hafnarhólmanum. Þar var ég kaupakona hjá þeim hjónum, sem bæði voru átræð á þeim tíma. Þórdís var einstaklega barngóð, og hafði sérstakt lag á að vekja athygli barns á fegurð náttúrunnar sem ég tel mig búa að enn þann dag í dag.

Þórdís átti stórt og glæsilegt safn af steinum sem hún hafði á heimili sínu í Höfn og leyfði öllum sem þess óskuðu að skoða það. Á hverju sumri dreif fjölda manns að og stórir hópar ferðamanna komu að skoða safnið. Og öllum var boðið í kaffi og kanelsnúða og skonsur með eplum og banana og hins vegar með tómötum og agúrkum. Uppskriftir af þessum kökum á ég enn þann dag í dag.

Ég var þetta sumar send upp um fjöll og firnindi til að finna steina og skeljar sem hún svo meðal annars bjó til hálsmen og hringa með meiru. Þetta ásamt rekaviði og blómum voru allt gersemar sem voru þess virði að skoða vel.



Borgarfjörður eystri.



Bærinn Höfn í Borgarfirði eystri.

Þarna borðaði ég lunda í fyrsta skipti og ég finn enn dásamlega bragðið. Ég átti ófáar heimsóknir í hólmann til að skoða bátana og lundana. Það er að sjálfsögðu orðin mjög mikil breyting á síðan þá en ég hef ekki komið í Hafnarhólmann eða að Höfn síðan árið 1980. Það var gaman að sýna fjölskyldunni þennan stað, sem ég kynntist eitt sumar og leita oft í minningarnar um dvölinna þarna. Þórdís Jónsdóttir varð 93 ára gömul og áður en hún dó, gaf hún af rausnarskap sínum steinasafn sitt í Safnahús Borgarness.

Við kvöddum Borgarfjörð eystri með loforði um að þangað skyldum við fara aftur, og þá lofaði ég sjálfri mér því að ég skyldi banka upp á hjá heimilismönnum að Höfn næst þegar við kæmum. Því í minningunni lítur staðurinn allt öðruvísi út og í fyrstu ætlaði ég nú ekkert að trúa því að bærinn væri svona nálægt Hólmanum... fannst þetta alltaf svo langt hérna fyrir um 40 árum síðan. Svo er ekki spurning um að fara í gönguferðir um þetta stórbrotna landslag í kring, og við eigum alveg Stóruð eftir!

Leiðin lá í smá bíltúr niður á firði og ætluðum við að kíkja niður á Reyðarfjörð og skoða umhverfis álverið, sem einkadóttirin var spennt að sjá og keyra í gegnum bæinn og skoða hús og garða. Svo var rennt í gegnum göngin á Fáskrúðsfjörð, þar sem meiningin var að skoða safnið og gamla spítalann en það varð ekkert úr því. Því notuðum við tímunn vel og keyrðum og gegnum þennan fallega bæ og fengum okkur að borða. Á leið okkar frá Egilsstöðum, í gegnum Fagradalinn, rifjast upp góðar minningar frá því þegar skíðasvæði

Egilsstaðabúa var þar í miðjum dalnum. Þar lærði maður á skíði og keppti á sínu fyrstu skíðamótum. Manni fannst alltaf að brekkurnar væru svo háar og erfiðar, en allt er að sjálfsögðu öðruvísi þegar maður eldist og flytur í burtu.

Næstu nótt höfðum við pantað á 1001 nótt við Lagarfljótið, með útsýni yfir fljótið. Þá rifjast alltaf upp minningarnar og umræðurnar um lagarfljótsorminn úr minni æsku á Egilsstöðum. Þó hef ég ekki séð hann en trúi því stutt og stöðugt að hann sé til í einhverju formi. Egilsstaðir hafa breyst mikið síðan og lítil tenging við bæinn og fólkid þar í dag, en það rifjast oft upp minningar þegar maður keyrir um bæinn, og yfir Lagarfljótsbrúna yfir í Fellahverfið, en á brúnni var eitt árið háð skeiðkeppni, þar sem Nös frá Urriðavatni bar sigur úr býtum, enda landspekkt í kringum 1975.

Þá verður að minnast á Vök við Urriðavatn sem er vinsæll staður og margir sækja og þurfti að panta til að komast að. Hef kannski sem unglingur synt í Urriðavatni, en mikið skelfing var vatnið kalt þegar maður dýfði tánum ofan í en auðvitað lét maður til leiðast að skella sér í smá sund í köldu vatninu.

Undirrituð hélt upp á afmælið sitt á Héraði, akkúrat 54 árum áður fæddist ég nefnilega á Egilsstöðum. Fékk þennan dásamlega morgunverð á 1001 nótt og héldum svo heim á leið í gegnum Hallormstaðaskóg og kiktum í Höfðavík þar sem systir mín, Bryndís, var þar með fjölskyldu sinni í útilegu og fékk afmælissöng og allt.

Á leið heim í rigningu stoppuðum við að sjálfsögðu í Fjallakaffi í Möðrudal og fengum okkur kjötsúpu. Ekki var mikið útsýni enda þoka en þarna er

ótrúlegt landslag sem maður í æsku minnst enda keyrði maður alltaf Möðrudalsræfin milli landshluta.

Dagur endaði á Grenivík á veitingastaðnum Milli Fjöru og fjalla með dásemdar mat sem hægt er að mæla með, enda notað hráefni úr héraði.

Þó ferðin hafi verið stutt og margt annað sem hægt hefði verið að skoða, var þetta mikill gæðatími fyrir litlu fjölskylduna sem hafði ekki sést síðan um jól. Tímunn var vel nýttur til að spjalla saman og njóta samverunnar við hvort annað og náttúruna. Því það þarf ekki alltaf að vera á fullu og skoða allt og finnast maður vera að missa af einhverju. Það er mikilvægast að njóta á líðandi stundu. Þegar ég spurði Ivan og Ivalu Birnu hvað það hefði verið sem væri eftirminnilegast úr þessari stuttu ferð okkar, þá sögðu bæði að Borgarfjörður eystri, lundarnir, hótelið (það var geggjað) og lyktin hefði staðið upp úr.

Ivalu Birna býr ásamt Þóri Steini kærasta sínum í Kaupmannahöfn þar sem hún er í námi. Við Ivan unum okkar hag vel í Nuuk, en söknum alltaf sveitarinnar, fjölskyldunnar og fólksins þar og erum þakklát fyrir að geta fylgst vel með því sem er að gerast heima.

Meiningin var að við ætluðum að halda jól heima á Íslandi, en núna eins og í vor, hafa beinar flugsamgöngur milli Íslands og Nuuk verið lokaðar (út af dálitlu), svo litla fjölskyldan heldur jól hér í Nuuk.

Gleðileg jól héðan frá Nuuk!

*Snæfríð Egilson og fjölskylda*



Lagarfljótið.



Stuðlagil.

# Kirkjan í sókn

## Hugleiðing eftir séra Jóhönnu Gísladóttur

Tíminn líður áfram og hann teymir mig á eftir sér og ekki fæ ég miklu ráðið um það hvert hann fer.

Kirkjukór Laugalandsprestakalls hóf starf sitt í upphafi árs á því að æfa ýmsar perlur úr dægurlagaflóru Íslendinga. Þeirra á meðal var hið þekkt lag *Tvær stjörnur* eftir skáldið og tónlistarmanninn góðkunna Megas. Á áætlun var að vera með dægurlagamessu svokallaða á vordögum þar sem vel þekkt sönglög áttu að hljóma í Grundarkirkju.

En líkt og Megas staðhæfir þá fáum við stundum lítið um það ráðið um hvert tíminn teymir okkur og eins er alls óvíst hvað verður þegar morgundagurinn gengur í garð.

Dægurlagamessunni varð að aflýsa líkt og svo mörgum öðrum áhugaverðum viðburðum sem áttu að fara fram hér í sveitinni á þessu ári. Veiran skæða miskunnaði hvorki almennu helgihaldi, vortónleikum kórsins né fermingaathöfnum, sem fóru að lokum fram með töluvert breyttu sniði þetta árið. Eins var nánast öllum hjónavígslum þessa árs slegið á frest og fyrirkomulag útfara á skjön við það sem við höfum áður vanist. Er þessar línur eru ritaðar liggja kóræfingar niðri og alls óvíst hvernig helgihaldi verður háttað á aðventu og jólum.

Þegar það sem áður hefði þótt óhugsandi verður að veruleika þá er ljóst að aðlögunarhæfni manneskjunnar er töluverð. Öll höfum við með einum eða öðrum hætti reynt að aðlaga okkur að breyttum aðstæðum, hugsað í lausnum og haldið í vonina að betri tíð sé handan við hornið.

Sjálf varð ég að finna upp nýjar leiðir til að sinna ýmsum verkefnum sem krefjast alla jafna nærveru prests. Áður hefði mér þótt ógerlegt að eiga sál-gæslusamtöl og sáttumleitanir í gegnum síma og tölvu en hef nú komist að því að það er vel gerlegt og hentar raunar sumum betur en að hitta mig í eigin persónu.

Þessi pistill minn ber heitið *kirkjan í sókn*. Það er einlæg trú mín að svo sé raunin hér í sveit. Mikill hlýhugur ríkir í garð kirkjunnar sem og áhugi á starfi



Jóhanna Gísladóttir.

hennar, fólk sem ég hitti á förnun vegi er duglegt að koma með uppástungur og ábendingar um alls kyns nýjungar sem gaman yrði að innleiða og fyrir það er ég þakklát. Ég ætla að stikla á stóru um sameiningu prestakalla sem átti sér stað fyrr í haust og þær breytingar sem verða í kjölfarið á þjónustu kirkjunnar hér í sveit.

Nú í októberbyrjun átti sér stað samruni prestakalla í Eyjafirðinum er Akureyrarprestakall og Laugalandsprestakall voru sameinuð undir einn hatt og ber hið nýja prestakall nú heitið Akureyrar- og Laugalandsprestakall. Töluverður aðdragandi hefur verið að þessum breytingum og farvegurinn svo að segja fullmótaður þegar ég hóf störf í Eyjafjarðarsveit á vordögum 2019.

Þetta breytingaferli sem nú stendur yfir hjá íslensku þjóðkirkjunni á sér hvorki upphaf né endi í Eyjafirðinum heldur hafa sameiningar prestakalla átt sér stað víðs vegar um land undanfarin ár og fleiri eru án efa í farvatninu. Segja má að þessar sameiningar haldist í hendur við breytta tíma, bættari samgöngur og alls kyns tækninýjungar sem gera heiminn minni og okkur kleift að vera í samskiptum með fjölbreyttari hætti en áður.

Rökin fyrir þessum breytingum eru mörg. Að því leyti sem snýr að starfs-

fólki kirkjunnar þá er talið gæfulegra til framtíðar fyrir presta að vinna í teyllum í stað þess að bera einir hitann og þungann af kirkjustarfi í dreifbýli. Hið raunverulega sóknarfæri verður þó vonandi helst að finna í aukinni þjónustu kirkjunnar í heimasveit. Ég ber miklar væntingar til þess að meiri samvinna leiði af sér að hægt verði að efla til muna kirkjustarf fyrir börn og unglinga, hægt verði að standa fyrir fræðslustarfi fyrir alla aldurshópa og sýnileiki á starfi kirkjunnar aukist til muna.

Það er til mikils að vinna fyrir sjálfstætt sveitarfélag eins og Eyjafjarðarsveit að varðveita þá þjónustu sem í boði er í nærumhverfi okkar. Nú þegar er hafið samtal um þann möguleika að kirkjan geti verið með einhvers konar aðstöðu í Hrafnagilshverfi til frambúðar. Þar gætu prestur og organisti haft skrifstofuaðstöðu og mögulega haldið úti skipulögðu hópastarfi. Er það mín von að þessar hugmyndir verði að veruleika.

Gert er ráð fyrir því að einn prestur af þremur verði búsettur í Eyjafjarðarsveit til framtíðar. Sá hinn sami skal halda utan um starfið í sveitinni og skipuleggja almennt helgihald í samstarfi við sóknanefndir. Á sama tíma munu íbúar hér í sveit að sjálfsögðu hafa fullan aðgang að öllum þrem prestum og öðru starfsfólki er starfa í hinu sameinaða prestakalli. Þau sem starfa mér við hlið eru líklega flestum kunn en prestar Akureyrarkirkju eru sr. Svavar Alfreð Jónsson og sr. Hildur Eir Bolladóttir.

Ég leyfi mér að fullyrða að einhugur ríkir hjá okkur þrem er nú þjónum saman að vanda til verka er snýr að skipulagi til framtíðar og tryggja að með tíð og tíma færast safnaðarstarf Eyjafjarðarsveitar ekki inn í Akureyrarkirkju, eins og hætta er alltaf á er minni og stærri einingar sameinast í eina, heldur tryggja að kirkjunnar sem prýða Eyjafjarðarsveit haldi áfram að vera sameiningartákn sveitarinnar og prestþjónustan sýnileg og aðgengileg.

Skipuð hefur verið sameiningarnefnd sem hefur það hlutverk að hafa

yfirsjón með þessu ferli og fyrir hönd sóknanna í fyrrum Laugalandsprestakalli sitja auk mín Hjörtur Haraldsson formaður Grundarsóknar og Auður Thorberg formaður Saurbæjarsóknar. Fyrir hönd sóknarnefndar Akureyrarkirkju sitja Stefán Arnaldsson og Stefanía Hauksdóttir auk sr. Svavars Alfreðs og sr. Hildar Eirar.

Ég hóf þennan pistil á því að vitna í þjóðskáldið Megas sem í textum sínum ratatst oftast en ekki satt orð á munn. Síðar í sama lagi segir:

*Jú, ég veit að ókeypis er allt það sem er best en svo þarf ég að greiða dýru verði það sem er verst.*

Þetta ár sem fljótlega líður í aldanna

skaut hefur verið okkur öllum lærdómsríkt. Við höfum væntanlega flest sterkari tilfinningu en áður fyrir því hvað það er sem gæðir líf okkar lit og hvað það er sem má missa sín. Að þegar harðnar á dalnum er það tengslin við okkar nánustu og væntumþykja samferðafólks okkar sem styrkir okkur og styður. Og hjá mörgum okkar tengslin við almættið sem veitir okkur skýrari sýn.

Í lok dags er ekkert sem getur komið í stað þess að koma saman saman í holdi og blóði, að takast í hendur og faðmast. Brosa hvert til annars. Tilheyrja samfélagi.

Verðmæti kirkjunnar er að finna í

fólkinu sem lætur sig hana varða. Samfélaginu innan veggja hennar. Það getur verið tilhlökkunarefni að takast á við breytta tíma, ef við mætum þessum breytingum með opnum hug. Saman getum við stuðlað að öflugra og stærra samfélagi kirkjunnar sem opið er öllum. Góður Guð blessi starf kirkjunnar hér í sveit til framtíðar og Guð blessi þig lesandi góður. Megi aðventa og jól færa frið og heilagleika á hvert heimili og gefa okkur von í hjarta fyrir því sem koma skal.

*Jóhanna Gísladóttir, prestur  
Akureyrar- og Laugalandsprestakalls*



## Hugleiðing 10. bekkings

*„Ef barn segir ósatt, segðu því að það segi ósatt en ekki kalla það lygara. Ef þú segir barninu þínu að það sé lygari, skaðar þú sjálfsmynd þess,“ sagði Jean Paul Richter. Hér á eftir ætla ég að tala um það hvernig það er að vera unglíngur og hverjar mér finnst vera helstu áskoranir unglínginga í dag. Mér finnst þetta vera gott viðfangsefni til að fjalla um vegna þess að nú er gott tækifæri til að velja þessu fyrir sér og tjá sig um þetta. Það er góður tími til að fjalla um þetta vegna þess að við erum unglíngar.*

Það er ömurlegt að vera unglíngur. Foreldrar vita bara ekkert hvernig þetta er og þeir segja alltaf að þeir skilji en þeir gera það í raun ekki og það er mjög pirrandi. Það eru líka alltaf allir á móti okkur og margir segja að við séum bara til vandræða en það er ekki satt. Líklega er eitt það versta við að vera unglíngur að maður er á þroska-skeiðinu og það er erfitt, allt er að þroskast og breytast og það eru allskonar tilfinningar sem maður skilur bara alls ekki. Ég hata líka þegar fólk segir „þetta er allt í lagi þú er bara unglíngur“ eða „þetta líður hjá“ eða „þetta eru bara tilfinningar“ vegna þess að þótt þetta líði hjá og séu bara tilfinningar er það samt ekki gott á meðan það er. Eins og t.d. fullorðnir taka ekki mark á því þegar við segjum að við séum með kvíða eða að við viljum bara hverfa ofan í jörðina og aldrei koma aftur. Þá segja þeir bara „þetta líður hjá þú ert bara unglíngur“ en í raun er þetta ekki allt í lagi vegna þess að manni líður illa, það er erfitt og þótt maður sé



*Minna Kristín Óskarsdóttir.*

unglíngur á að koma fram við okkur eins og alla aðra.

Maður kvíðir öllu eða allavegana ég og það er óþolandi. Síðan eru líka allir að dæma mann og segja manni hvernig maður á að klæðast og hvað er fallett en það vantar alveg að kenna okkur að

elska okkur sjálf. Unglíngar í dag eru mikið að fylgja tískunni og ef við fylgjum ekki tískunni stöndum við út úr. Ef þú ert einhvern veginn öðruvísi er gert grín að þér eða þér strítt bara vegna þess að þú ert þínu öðruvísi, það er ekki sanngjarnt. Til dæmis ef einhver er feitari, mjórri, stærri, minni eða með öðruvísi hár en hinir er gert grín að honum. Unglíngar í dag eru hræddir við allt sem er öðruvísi vegna þess að það er ekki búíð að kenna þeim að allt sem er öðruvísi er allt í lagi og að það þurfa ekki allir að vera eins.

Nú er ég búin að tjá mig um hvað mér finnst vera helstu áskoranir unglínginga í dag. Það er margt gott við að vera unglíngur en ég ákvað að sleppa að tala um það að því að mér finnst mikilvægt að þetta neikvæða heyrast.

*Minna Kristín Óskarsdóttir  
Nemandi í 10. bekk Hrafnagilsskóla*



Ytra-Gil.

Ljósmynd: Sigurgeir Hreinsson

## Bylgja og Sigurgeir á Ytra-Gili

*Það er fallegur haustdagur í október, eins og þeir gerast bestir, milt veður, djúpir haustlitir allt um kring og gaman að sjá bleikar slaufur á mörgum staurum til styrktar krabbameinsfélaginu. Undirrituð hafði aldrei keyrt afleggjarann upp að Ytra-Gili áður og var spennt, það er alltaf gaman að sjá sveitina frá öðru sjónarhorni en venjulega og sérstaklega á svona yndislegum degi. Bylgja og Sigurgeir taka vel á móti mér og bjóða upp á kaffi og kex. Eftir nokkra yfirferð um mál mála-anna, Covid, förum við að ræða skemmtilegri mál.*

Bylgja og Sigurgeir sátust fyrst í september árið 1979, Bylgja fór í bíltúr með systur sinni, vinkonu og Tryggva Aðalbjörns að hitta vin hans sem var nýkominn frá Noregi. Einhverjar væntingar höfðu þær líklega gert sér um þennan veraldarvana dreng því vonbrigðin voru nokkur og mikið hlegið að hallærislega sveitagaurnum á leiðinni til baka í bæinn. Sigurgeir viðurkennir að hafa einhvern tíma verið betur til hafður, hann hafði ekkert látið klippa sig í Noregi um sumarið, var í gömlum útvíðum buxum að vinna með pabba sínum í flagi í Saurbæjarhaganum, moldugur, sveittur og órakaður. Bylgja var sem sagt ekki yfir sig hrifin við fyrstu sýn en á áramótaballi í Laugarborg seinna um veturinn, nánar tiltekið 4. janúar 1980, varð ekki aftur snúið eftir að þau dönsuðu seinasta dansinn. Líklega hefur Sigurgeir verið betur til hafður þá því það var upphafið að þeirra sambandi. Bylgja hafði aldrei farið leynt með það að hún ætlaði sko ekki að búa í sveit en frá fyrstu kynnum var frekar augljóst að hann myndi alltaf vilja vera þar. Tilhöfðum Sigurgeir tókst nú samt að draga kaupstaðarbarnið alla leið fram í Hríshól og þar bjuggu þau þangað til fyrir nokkrum árum þegar þau fluttu í Hrafnagilshverfið. Það tók Bylgju heldur ekki langan tíma að fatta að hún kunní í



Sigurgeir og Bylgja úti í náttúrunni þar sem þau kunna best við sig.

rauninni mjög vel við að hafa nóg pláss og ekki nágranna mjög þétt upp við sig, sem Sigurgeir finnst meinfyndið.

Bylgja er klæðskeri og hefur rekið saumastofu og Brúðarkjólaleiguna úr leiguhúsnæði á Akureyri í 4 ár og hug-

myndin var að kaupa hús á Akureyri með bílskúr til að hafa þann rekstur í. Þeim fannst það líka oft vera mikil keyrsla úr hverfinu að vera bara þrjú í heimili og fara á hverjum degi í bæinn á þremur bílum. En þá vaknaði líka upp spurningin hvar áttu hestarnir að vera sem Sigurgeir og Eydís dóttir þeirra eiga. Eftir kvöldgöngu eitt vorkvöld fyrir tveimur árum nefnir Bylgja þetta, hvort þau eigi ekki bara að kaupa Ytra-Gil. Morguninn eftir mundi hún nú varla eftir að hafa nefnt þetta en hugmyndin lagðist svo vel í Sigurgeir að hann átti erfitt með svefn af spenningsi. Úr varð að þau kaupa Ytra-Gil og finnst þeim það hafa verið frábær ákvörðun í dag.

Þau hafa einungis búið á Ytra-Gili í rúmum ár og hefur verið gaman að fylgjast með framkvæmdum frá þjóðveginum. Þau hafa lagt nýja heimreið, Eydís og Jónas eru búin að setja hús norðar á jörðinni, sem til stendur að flytja inn í fyrir jólin. Sumarið 2019 fór í að gera miklar breytingar á íbúðarhúsinu og núna eru ennþá meiri breytingar framundan við útihúsin. Á jörðinni er mikið af góðum og vel byggðum húsum sem þau hafa hugsað sér að nýta sem best. Hugmyndin um að taka því frekar rólega eftir að þau hættu að búa á Hríshóli með kýrnar var ekki mjög lengi að detta út af borðinu eftir að þau keyptu þessa jörð. Húsaskiptingin á heimilinu





Bylgja og blágrésið.

Ljósmynd: Sigurgeir Hreinsson

er mjög skýr, Bylgja er með fjósið og þangað fara engin dýr inn, þó að einu barnabarninu hafi fundist það algjör soun á flottum og hagkvæmum húsum fyrir dýr. Sigurgeir er með fjárhúsið og fjárhúshlöðuna, þar var hann ekki lengi að bæta við dýrastofninn sem voru bara fimm hross. Núna eru nokkrar fengnar holdakvígur, kindur og hænur búnar að bætast við. Þau skoðuðu að nota hlöðuna fyrir hjólhýsi en fannst það hvorki spennandi kostur né góð nýting á pláss. Hugmyndin núna er að nota mykjuhúsið undir nokkur fellihýsi og smá líkamræktaraðstöðu fyrir heimilisfólkið, aðallega slökkviliðsmennina. Þetta er skjólgóð jörð sem grænkar snemma og snýr mikið í suður svo aðstæður til að rækta utandyra eru góðar auk þess sem plássinu í hlöðunni hefur ekki verið ráðstafað svo möguleikarnir eru miklir. Eftir að hafa tekið íbúðarhúsið í gegn í fyrra stóð til að eiga rólegt sumar en það breyttist fljótt þegar Urtasmiðjan kom til.

Þau keyptu sem sagt Urtasmiðjuna á Svalbarðsströnd í maí á þessu ári og tóku við rekstrinum 1. júní. Þetta byrjar allt fyrir um ári síðan þegar Kristín Bjarna í Siglufvík benti Bylgju á að Gígja vildi selja Urtasmiðjuna og Bylgja varð strax spennt fyrir þessu og fékk að koma og skoða hjá henni, þá byrjuðu einhverjar þreifingar og vangaveltur. Gígja hafði verið með fyrirtækið í söluferli í einhvern tíma en vildi ekki selja hverjum sem er, hún vildi hafa þetta áfram í heimabyggð en ekki bara selja uppskriftirnar suður eða sam-eina þetta annarri framleiðslu. Upphaf Urtasmiðjunnar er að Gígja lærði af



Partur af vörulínu Urtasmiðjunnar.

ömmu sinni að gera græðismyrslíð og fer að framleiða það og fleira fyrir meira en 30 árum. Hún gerir miklar kröfur fyrir vörurnar sínar og hefur alltaf notað bara gæðaeftirni og mest jurtir sem hún tinar sjálf. Sterka hlið Bylgju og Sigurgeirs er áhuginn á jurtunum og trúin á vörurnar og krafta íslenskrar náttúru, en það er ekki alveg nóg til að lifa af í samkeppni á markaði. Þau fengu því Sigríði Róberts, eiginkonu Finns sveitarstjóra, til að aðstoða þau, hún hefur verið á fullu í tölvuvinnunni, nýbúin að klára nýja heimasíðu og uppfæra pöntunarsíðuna á vefnum, það var mikið sem þurfti að uppfæra og færa til nútímans. Urtasmiðjan er með heimasíðu og vefverslun, [www.urtasmiðjan.is](http://www.urtasmiðjan.is) Hér fyrir norðan selja Heilsuhúsið og Akureyrarapótek vörurnar þeirra og fyrir sunnan er Heilsuhúsið að selja í Kringlunni og Lág múla auk Íslandsapóteks og Fjarðarkaupa. Bylgja og Sigurgeir hafa verið að nota tímann síðan í vor til að læra á ferlið, tína jurtir og undirbúa flutning á framleiðslunni í Ytra Gil. Þau hafa lært mjög mikið af Gígju og er það ómetanlegt að hafa aðgang að henni og hennar viskubrunni svona á fyrstu metrunum, hún býr yfir mikilli næmni, sem aðeins

lærst með reynslunni. Gert er ráð fyrir að framleiðslan færst frá Fossbrekku á Svalbarðsströnd og yfir í Ytra-Gil um komandi áramót, en það veltur auðvitað á framkvæmdum og frágangi á fjósinu, því hlutirnir ganga nú oft hægar í raunheimum en á áætlunum og margt sem seinkar meðal annars vegna Covid. En þessi fjárfesting er ekki tekin í neinum asa, fyrir þeim er númer 1, 2 og 3 að læra aðferðina og fara svo í vörubrúun og stækka. Það er mikil áhersla markaðarins á lífrænt sem hentar þeim og þeirra framleiðslu vel. Í grunninn hafa þau trú á hraefninu og vörunum og að þetta virki, flest allar jurtirnar sem þau nota vaxa í landi Ytra-Gils, sem kom þeim skemmtilega á óvart. Einnig er gaman hvað náttúrusýnin breytist eftir því sem notin af henni aukast, núna sér Bylgja rauðsmára og gulmöðru alls staðar sem hún tók lítið eftir áður. Einnig vex blágresi, vallhumall og fleira á jörðinni þeirra svo það eru miklir möguleikar og spennandi að prufa sig áfram. Það sjást einmitt margar krukkur með prufum út um allt hús, extractar og fleira. Eins og fyrr segir er Bylgja alveg með fjósið á sinni könnu og þar er fyrirhugað að vera með pláss fyrir allt sem viðkemur Urtasmiðjunni, sem sagt þurrkun, framleiðslu, þökkun og lager. Einnig verður þar pláss fyrir Brúðarkjólaleiguna og saumastofuna þar sem alltaf er nóg að gera fyrir 1. desember ball MA. Rúsínan í pylsuendanum er að verið er að útbúa setustofu í austasta enda fjóssins, stækka á gluggana til austurs fyrir setustofuna með útsýni austur yfir og niður á veg, þar sem þau vilja geta tekið á móti hópum.

Bylgja og Sigurgeir eru svo sannarlega hvergi af baki dottin. Bylgja er með mikið af hugmyndum og margt sem hana langar að gera hvort sem það snýr að heimilisiðnaði með sperðla, sultur og súrkál eða endurnýtingu á fötum og Sigurgeir langar að prófa hvað hægt sé að rækta og gera spennandi á jörðinni. Undirrituð hafði verulega gaman af þessari stuttu heimsókn til þeirra heiðurshjóna og fór frá þeim full af innblæstri, bjartsýni og tilhlökkun að fylgjast með og fá að koma aftur þegar framkvæmdirnar eru lengra komnar.

Auður Thorberg Jónasdóttir

# Á réttri hillu

## Hver er maðurinn?

Ég heiti Arnar Þór Hjaltason og er fæddur á Akureyri 9. júlí árið 1983. Ég bjó á Akureyri og Akri til skiptis til þriggja ára aldurs, flutti þá í Rútsstaði í Eyjafjarðarsveit með foreldrum mínum og svo í Kvistás árið 1991 þar sem þau búa enn. Foreldrar mínir eru Hjalti Þórsson frá Akri og Arnbjörg Jóhannsdóttir frá Krónustöðum. Ég bjó síðan um tíma á Akureyri og kynntist þar eiginkonu minni, Rakel Vilhjálmisdóttur og saman eigum við Alexander Þór og Kamillu Dögg. Við fluttum í Vallartröð 5 í Hrafnagilshverfi árið 2014 og búum þar í dag.

## Skólaganga

Skólaganga mín hófst á Laugalandi en þegar ég byrjaði í 4. bekk þá sameinuðust litlu skólarnir, Laugaland, Sólgarður og Hrafnagil í Hrafnagilsskóla.

Skólagangan var ekki alltaf dans á rósum. Mér gekk vel í verklegu en ekki eins í bóklegum fögum. Mér fannst ekki gaman að læra, náði ekki að einbeita mér og fannst þar af leiðandi flest bókleg fög leiðinleg. Ég hafði því ekki mikla trú á að ég gæti menntað mig þegar ég yrði fullorðinn. Ég útskrifast úr Hrafnagilsskóla árið 1999 eftir mikla vanlíðan síðustu þrjú árin í skólanum. Veturinn eftir útskrift var ég fjósamaður hjá Valgerði og Gunnari heitnum á Rifkelsstöðum. Þar lærði ég ýmislegt í íslensku hjá Völu, sem ég bý ennþá að í dag.



Arnar Þór Hjaltason og Gurrý, Guðriður Helgadóttir starfsmenntanámstjóri Landbúnaðarháskólans á Reykjum. Hér er Arnar nýútskrifaður skráðgarðyrkjufraeðingur með hæstu einkunn fyrir lokaverkefni í sínum útskriftarhóp.

## Hvað fórstu þá að gera?

Þegar ég var 17 ára var ég á sjó á fraktskipum hjá Eimskip sem sigldu hringinn í kringum landið og til Evrópu. Þá vaknaði áhugi á því að verða vélstjóri. Ég var þrjú ár á sjó og þegar heim kom, skráði ég mig í nám í vélstjórn en hætti fljótt þar sem bóklegu fögin reyndust mér erfið. Nokkrum árum seinna kláraði ég námskeið í málmsuðu í Verkmenntaskólanum á Akureyri (VMA) og fór í framhaldinu í kvöldskóla í Símei. Ég kláraði þar grunnfög sem eru undirstaða fyrir hvert iðnnám en þar gekk mér mjög vel. Símei er frábær staður og lausn fyrir fólk sem hefur hætt í námi eða gengur illa að læra.

Því næst fór ég í raunfærnimat í málmsuðu og vélvirkjun hjá Símei. Kláraði svo það sem vantaði upp á í lðunni í Reykjavík og tók svo sveinspróf í málmsuðu í VMA á Akureyri. Eftir það vann ég ýmis störf og meðal annars í vaktavinnu. Mér fannst ég eiga of mikinn frítíma þegar ég var í vaktavinnu og þá vaknaði hjá mér hugmynd að stofna fyrirtæki. Ég keypti mér lítinn götusóp og kantsteypuvél. Fyrirtækið er stofnað í mars 2017 og fékk nafnið A. Hjaltason ehf. Seinna meir keypti ég svo annan stærri götusóp og málningarvél þannig að fyrirtækið var farið að sinna bílastæðamerkingum líka.



Verkefni við Hjallatröð lokið.



Frágangur lóðar við Brúnahlið.



Hólakirkjugarður.

*Hvenær kviknaði áhuginn fyrir garðyrkju?*

Þegar ég fór að vinna við að sópa og steypa kantsteina fyrir fyrirtæki og einstaklinga fór ég að fylgjast með þeim sem vinna við garðyrkjuna og fékk þá hugmynd að þetta gæti hentað mér. Ég hef ekki alltaf haft áhuga á garðyrkju en þegar áhuginn kviknaði þá beindist hann aðallega að útliti og hönnun. Þannig lá leið mín í skrudgarðyrkju.

Veturinn 2018 sé ég auglýst raunfærnimat í skrudgarðyrkju frá Símei og ákveð að slá til. Ég fer í matið vorið 2018 og skrái mig í fjarnám í skrudgarðyrkjufraði við Landbúnaðarháskóla Íslands í framhaldi af því. Ég ákvað að henda mér í djúpu laugina, tók fjögurra ára nám á tveimur árum.

Mér gekk ekki vel á fyrstu önninni, mikið bóknám, latína og páfagaukalærdómur. Sum prófin tók ég nokkrum sinnum en gafst ekki upp og fékk mikinn stuðning og hvatningu frá kennurum



Lagfæring kringum hús.

mínum í skrudgarðyrkjudeildinni. Hins vegar gekk mér alltaf mjög vel í verklegum fögum sem varð til þess að ég var hvattur til að taka þátt í Íslandsmóti í verk- og iðngreinum (Verkið) sem ég og gerði. Það endaði með Íslandsmeistaratitli í skrudgarðyrkju árið 2019.

Eftir þrotlausu vinnu og endalausar ferðir í Hveragerði í staðarlotur, útskrifast ég sem skrudgarðyrkjufraeðingur vorið 2020 með hæstu einkunn fyrir lokaverkefni í mínum útskriftarhópi.

### Skrudgarðyrkjufraeðingurinn

Síðan ég útskrifaðist hefur verið meira en nóg að gera. Fyrirtækið hefur nú tekið miklum breytingum frá því það var stofnað þar sem ég er hættur að sópa og mála bílastæði. Nú sinni ég mest því sem tengist skrudgarðyrkju þ.e. hellulögnum, trjáfellingum, runna-klippingum, stubbatætingum, ýmis-konar jarðvinnu, hönnun og ráðgjöf. Ég er einnig að steypa kantsteina þegar



Prófverkefni.

eftirspurn er. Eftir útskrift hef ég líka verið að vinna fyrir einstaklinga á Akureyri og hér í Eyjafjarðarsveit, auk þess að vinna fyrir sveitarfélagið og kirkjugarðana. Ég setti til dæmis nýja girðingu í Munkaþveráarkirkjugarð og slétti og lagfærði í Hólakirkjugarði. Ég hef einnig tekið að mér stórt verkefni á Húsavík og lært mikið af því. Starfið er því fjölbreytt og skemmtilegt.

Ég hef þó ekki sagt skilið við málmstuðuna þar sem ég hef t.d. unnið fyrir bændur að smíða milligerðir og fleira í fjósum en nýti vetrarmánuðina frekar í það.

Eins og komið hefur fram þá er reynsla mín af grunnskólanámi ekki góð en ef til vill hefði upplifun mín verið öðruvísi ef ég væri barn í dag og ég fengi viðeigandi aðstoð. Því hvet ég alla þá sem vilja mennta sig en hafa ekki trú á sér, að láta á það reyna. Ég tel mig vera gott dæmi um að allir geta lært ef áhugi er fyrir hendi.

*Snæfríð Egilson*



Hellulögn á Húsavík.



Girðing kringum Munkaþveráarkirkju.

# Þorvaldur Örn Davíðsson nýr kórstjóri

*Mitt í kófinu þegar allt er lokað og læst, samkomubann og grímuskylða í verslunum, hafði tíðindamaður Eyvindar samband við nýja söngstjórnann og organistann hjá Kirkjukór Laugalandsprestakalls, Þorvald Örn Davíðsson. Hann kom til starfa í ágúst og voru æfingar hafnar í Laugarborg. Tveggja metra reglan virt og allt á góðu róli eftir atvikum, en þá skall á svokölluð þriðja bylgya kórónuveirufaraldursins og þegar þetta er skrifað í byrjun nóvember er alls óvíst hvernig málin þróast.*

*Sæll Þorvaldur. Ertu til í smá viðtal svona til að kynna þig fyrir íbúum Eyjafjarðarsveitar?*

„Já, alveg sjálfsagt.“

*Hvernig líst þér á ástandið í þjóðfélaginu?*

„Nú, ætli mér lítist ekki svipað á það eins og öðrum. Þetta er skafli sem við verðum að komast í gegnum og ég hef fulla trú á að það takist. Að sjálf-sögðu truflar þetta okkar daglega líf meira og minna.“

## Ætt og uppruni?

„Ég er fæddur og uppalinn á Eskifirði. Móðir mín, Inger Linda Jónsdóttir er Akureyringur og pabbi Davíð Baldursson er frá Keflavík. Hann var prestur á Eskifirði og prófastur fyrir Austurland. Móðir mín var löreqlustjóri þar. Það var mjög gott að alast upp fyrir austan.“



Mynd: Jóhann Ólafur Halldórsson



Mynd: Valdis Eyja Pálsdóttir.

Ég kom svo í Menntaskólann hér á Akureyri og þaðan lá leiðin í Listaháskóla Íslands fyrir sunnan og ég útskrifaðist þaðan m.a. með mastersgráðu í tónsmíðum. Ég er núna að ljúka kantorsnámi hjá Tónskóla Þjóðkirkjunnar. Núverandi fjölskylduhagir eru þannig að við Árný, sambýliskona mín, eigum von á okkar fyrsta barni. Það er gaman að segja frá því að við séra Jóhanna þekkjumst ágætlega. Við störfuðum saman í fjögur ár í Langholtssókn í Reykjavík. Ég byrjaði þar í afleysingum en síðan varð ég þar kórstjóri. Það var alveg yndislegur tími að

starfa með henni þar og ánægjulegt að taka upp þráðinn á ný hér norðan heiða.“

*Eru viðbrigði að koma norður?*

„Nei, ég bjó hér í sex ár og er því nokkuð hagvanur. Það hefur verið tekið mjög vel á móti mér og ekki yfir neinu að kvarta. Það væri þó mun skemmtilegra að geta unnið en þetta hlýtur að fara að lagast,“ segir Þorvaldur og leggur áherslu á síðustu orðin.

*Hvernig líst þér á kórinn og aðstæður í Laugarborg?*

„Bara ljómandi vel. Forverar mínir Daniel Þorsteinsson, sem var búinn að vera allmörg ár með kórinn og Eyþór Ingi síðastliðinn vetur, voru búnir að vinna gott uppbyggingarstarf þannig að ég geng að góðum hópi. Laugarborg þekki ég vel þar sem Leikfélag MA sýndi söngleik þar fyrir einhverjum árum þar sem ég var hljómsveitarstjóri þannig að ég var aðeins búinn að kynnaast rýminu.“

*Viltu segja eitthvað að lokum?*

„Ég hlakka til að geta farið að byrja aftur þó erfitt sé að segja hvenær það verður og er fullur tilhlökkunar að starfa með þessu góða fólki.“

Eyvindur þakkar viðtalið og býður Þorvald Örn velkominn til starfa.

Viðtal Benjamín Baldursson

# Úr dagbók býflugnabónda

**Eftir harðan vetur, þar sem búin fóru nánast á kaf í snjó, vöknudu býin og flugu hreinsunarflug út í sólskinið snemma í apríl. Þær eru svo miklir snyrtipinnar að það kemur ekki til greina að létta á sér inni í búinu, heldur bíða þær vors með slíkar athafnir.**

Á sumardaginn fyrsta tók ég einangrunarkápuna utan af búinu, tók einangrunarkassann sem ég hafði fyllt með ull ofan af því og gaf frjódeig í fódurvasa. Einnig lokaði ég botninum undir búinu til að auðvelda flugunum að hita það upp í nægilegan hita fyrir varpið. Um mánaðamótin pantaði ég nýtt bú frá Álandseyjum í gegnum Býræktarfélagið og það fékk ég afhent í byrjun júlí.

6. maí var hlýtt í veðri og þá var komið að ítarlegri skoðun í búinu. Þá fann ég Þórhildi drottningu í fullu fjöri byrjaða að verpa og þernurnar farnar að bera inn frjó af víðireklum. Flugunum hafði fækkað talsvert yfir veturinn en fylltu þó 13 býgötur í þremur kössum. Býgata er bilið á milli rammanna í búinu og í stað þess að telja flugur (sem er erfitt!) er talið hversu margar býgötur flugurnar fylla.

Viku seinna setti ég sykurvatt í fódurtrog yfir búinu til að koma í veg fyrir sveltí meðan lítið væri af blómgróðri til að sækja í blómasafa og því hunang frá fyrra ári var að verða uppétið.

Á næstu vikum þegar fíflar og ýmsir vorlaukar fóru að blómgast mátti sjá þernurnar önnur kafnar í fæðuöflun vítt og breitt. Einn daginn hringdi Beate í Kristnesi og sagði að þar væri krökkt af býflugum í krókusunum. Það má sannarlega segja að býflugurnar séu nýr

vorboði í Eyjafjarðarsveit, því þær fara ekki af stað fyrr en hlýna fer í veðri.

Við skoðun í búinu eftir miðjan júní hafði flugunum fjölgað mikið og sátu nú í 24 býgötum. Frá því eggi er verpt og ný þerna skríður út líða 21 dagur, druntar skríða út eftir 24 daga en komi búinu sér upp nýrri drottningu tekur það ekki nema 16 daga enda eru þær lirlfur aldar á miklu kröftugra fódri en aðrar. Fyrir utan fjölda flugna mátti sjá ungvíði á öllum stigum í hólfunum, egg, lirlfur og lokuð hól með púpum. Innan um ungvíðið var frjó í sumum hólfunum og á öðrum römmum var byrjað að fylla hólfin með hunangi. Viku seinna bætti ég nýjum kassa ofan á búinu til að ekki yrði of þröngt um flugurnar og einnig til að þær hefðu nóg af römmum til að safna í hunangi.

Í lok júní fann ég nokkra drottningarbolla í búinu. Það þýðir að búinu er að huga að því að skipta sér með því að koma sér upp nýrri drottningu. Hvert bú getur aðeins haft eina drottningu þannig að ef ný drottning verður til er um tvennt að ræða; þær berjast þar til önnur drepst eða gamla drottningin fer með drjúgan hluta hirðarinnar og leitar sér að nýjum bústað.

Nú var komið að ögurstundu, því mjög mikilvægt er að missa ekki drottninguna með sverminn frá sér, heldur að reyna að búa til afleggjara með nýrri drottningu. Ég kallaði því til Höddu í Fífilbrekku sem er komin með nokkurra ára reynslu af býflugnarækt. Fyrst litum við í nýja búinu þar sem Silvía drottning ríkir. Þar var allt eðlilegt nema ég hafði ekki brotið lokið af drottningarbúrinu sem hún kom í, svo að hún var enn innilokuð og ekki kom-

in til starfa. Síðan skoðuðum við Hadda bú Þórhildar. Þar var fullt af drottningarbollum og 1 lokað drottningarhólf sem þýðir að skammt er í að ný drottning skríði út og tvö önnur með lirlfum. Við bjuggum nú til afleggjara á nýjum stað með römmunum sem drottningarbollarnir, - hólfin sátu á, slatta af þernum sem fylgdu og nokkrum römmum með fódri (hunangi). Nú var spennandi að sjá hvort ný drottning kæmi út og síðan hvort henni tækist að frjóvgast. Ný drottning flýgur aðeins einu sinni til að frjóvgast og þá dugir ekki minna en 17 stiga hiti og hægviðri. Við það tækifæri eru druntarnir tilbúnir í háloftunum ofan við búinu og keppast um að fá að parast við drottninguna. Hún gefur kannski 10 - 20 druntum tækifæri en það er þeim heppnu dýrkeypt því á eftir drepast þeir.

Við skoðun í afleggjarann 20. júlí var drottningin skríðin út úr hólfinu en ég kom ekki auga á hana enda getur verið erfitt að sjá unga drottningu, ómerkta, innan um allar þernurnar. Þrátt fyrir vikulega skoðun í bú Þórhildar fór fram hjá mér að þar var enn hallarbylting í bígerð, því 29. júlí gekk ég fram hjá býgarðinum og heyrri hávært suð og við nánari aðgát sé ég að búinu hefur svermað og svermurinn hangir eins og stór kúla í grein á birki-tré nokkra metra frá búinu. Ég dríf mig heim til að klæðast hlífðarfötum og sækja víðeigandi verkfæri og kassa og ramma og hringi neyðarhringingu til Höddu sem hendir öllu frá sér og kemur strax. Nú þarf að handsama sverminn eða koma honum niður í pappakassa áður en hann flýgur í burtu. Því miður tókst þessi áætlun ekki því



Styttist í vorið.



Býflugur í vorlaukum.



*Nauðsynlegur hlífðarbúningur þegar unnið er við býflugur.*



*Býflugurnar skriða aftur inn í búið.*

svermurinn var eins og piparkökudrengurinn í ævintýrinu, hann beið ekki eftir mér! Hins vegar fundum við Hadda nýklakta drottningu í búinu svo nú var bara að vona að hún frjóvgaðist og tæki við búsföráðum. Til öryggis pantaði ég nýja drottningu frá Álandseyjum ef frjóvgun tækist ekki. Þetta tókst ekki, ekkert varp fór í gang hjá drottningunni. Bið varð á því að ný drottning kæmi með póstinum, sendingin var 4 vikur á leiðinni og komið að lokum ágúst þegar ég fékk hana loksins en ég ákvað samt að skipta um og fjarlægja þá ófrjóu og setja þá nýju í búið. Var það gert upp á von og óvon. Með ófrjórrí drottningu er búið dauðadæmt en hugsanlegt var að ný drottning gæti orpið nægilega mörgum vetrarflugum til að halda búinu lifandi til vors.

Í afleggjaranum var það sama í gangi, drottningin frjóvgaðist ekki og því ákvað ég að fjarlægja drottninguna

úr honum og setja þernurnar í búið til Silvíu. Þetta var mikið ævintýri sem hófst með því að ég tók alla rammanna með flugunum á og hristi þær á stórt lak. Síðan setti ég drottningargrind undir búið sem allar flugur nema drottningin komast í gegnum og lagði lakið upp að opinu og horfði síðan á flugurnar skriða upp lakið og inn. Þegar allar voru komnar inn lyfti ég drottningargrindinni og þar undir var drottningargreyið og auðvelt að fjarlægja hana. Næst þurfti að henda flugunum út aftur og láta þær skriða inn í nýja heimilið.

Í byrjun september fjarlægði ég nokkra hunangsramma úr búinu. Hunang er tilbúið þegar flugurnar eru búnar að þurrka það og loka hólfunum með vaxloki. Þegar þernurnar koma inn með blómasafa er hann svo fljótandi að hann rennur auðveldlega úr hólfunum en með því að þernurnar blaka vængj-

unum ótt og títt framan við hólfín gufar rakinn upp og hann þykkar og tilbúið hunang er með innan við 20% raka-innihaldi. Aftur leitaði ég til Höddu sem á hunangsslyngju og við tókum dag í það að slyngja hunangið, fyrst hennar hunang og svo mitt. Hunangsslyngja er nokkurs konar þeytinvinda sem þeytir hunanginu úr römmunum. Uppskeran hjá mér var um 7 kíló og aldrei hef ég bragðað betra hunang! Það er fljótandi og tært þegar það er nýslyngt en er unnið áfram með því að hræra í því í 10-14 daga tvisvar á dag og kristallast þá í fina kristalla og verður seigfljótandi og ógegnsætt og getur geymst þannig í áraradír.

Ég er reynslunni ríkari eftir þetta fyrsta ár í býflugnarækt og í þessum búskap er mikilvægt eins og í öðrum búskap að fylgjast vel með búpeningnum og læra vel inn á hegðun hans og þarfir. *Anna Guðmundsdóttir*



*Hunang rennur úr slyngjunni.*



*Glænýtt hunang.*



*Kristallað hunang.*

# Tvær eyfirskar heiðurskonur

*Sjálfsbjörg félag fatlaðra á Akureyri og nágrenni vill heiðra minningu tveggja hugsjónakvenna, sem báru fyrir brjósti hag þeirra sem höllum fæti standa og arfleiddu Sjálfsbjörg með erfðaskráum að eigum sínum. Sjálfsbjörg hefur oft notið góðra gjafa, en þessar gjafir eru einstakar og hafa komið í afskaplega góðar þarfir.*



**Guðrún Bergrós Tryggvadóttir** fæddist þann 28. feb. árið 1917 að Rútsstöðum. Hún var þriðja barnið í systkinaröðinni. Guðrún, eða Góa eins og hún var jafnan kölluð, átti heima á Rútsstöðum fyrstu æviárin, en Tryggvi faðir hennar var vinnumaður á bænum en móðir hennar Ágústína, var ljósmóðir í hreppnum. Árið 1921 keyptu þau Svertingsstaði í Kaupangssveit. Þar bjó Góa þar til hún fluttist á

dvalarheimili aldraðra á Hlíð árið 1994 og lést þar 1. ágúst árið 2008. Góa giftist ekki og átti engin börn. Sömu sögu var að segja um elsta bróður hennar Sigurgeir. Þau systkinin tóku við heimilinu af foreldrum sínum og ráku búið á Svertingsstöðum, seinna í félagi við Harald bróður sinn sem byggði yfir fjölskyldu sína á hlaðinu hjá þeim. Góa fór í Húsmæðraskólann á Laugalandi og átti þaðan góðar vinkonur. Góa var einstök barnagæla og systkini hennar áttu samtals 15 börn sem hún lét sér annt um. Börn og barnabörn Haraldar og Guðlaugar konu hans áttu hjá henni athvarf og voru mikið hjá henni. Nær daglega sátu gestir við rausnarlegt borð hennar, fjölskylda eða sveitungar. Góa bar hag þeirra sem minna máttu sín fyrir brjósti og ákvað snemma að láta andvirði eigna sinna renna til góðgerðarmála eftir sinn dag. Sú tilhugsun var henni mikið ánægjuefni og fjölskylda Góu er stolt af því hversu gott hún lét af sér leiða.



**Rósa Jónheiður Guðmundsdóttir** fæddist á Litla-Hamri 3. mars árið 1931. Foreldrar hennar voru Þóra Daniélsdóttir (1892-1974) og Guðmundur Jónatansson (1896-1992). Eldri en Rósa var Aðalbjörg Rósa (Lilla), f.15. desember árið 1929, dáið 22.10.1994. Auk dætranna höfðu þau Guðmundur og Þóra eignast andvana dreng 1928. Rósa ólst upp á Litla-Hamri og gekk í farskóla sveitarinnar. Á Litla-

Hamri var hluti bókasafns Lestarárfélags Munkaþverársóknar. Á heimilinu var því vel fylgst með þjóðlífinu með lestri og umræðum. Rósa mundi margt af því sem hún heyrði á uppvaxtarárunum í sveitinni. Sjálf var hún frekar hlédræg á full-

orðinsárum og tranaði sér sist fram. Þegar þær systur, Rósa og Lilla, voru ungar heimasætur skiptust þær á yfir vetrartím-ann að vera heima við bústöðfin eða vinna á Akureyri. Fjölskyldan brá búi og fluttist öll til Akureyrar árið 1962. Rósa vann m.a. á Heklu á Gleráreyrum og í skólanum á Húsabakka í Svarfaðardal. Drýgstum hluta starfsævinnar eyddi hún þó í eldhúsi heimavistar Menntaskólans á Akureyri. Hún var smávaxin, en snörp til vinnu og athafnasöm Hún var einkar notaleg í viðmóti og þess minnst margir sem þáðu mat af henni í mótuneytinu í MA. Hún var hin mesta fjallageit og ferðaðist víða innanlands sér til fróðleiks og skemmtunar. Hún starfaði mikið með Ferðafélagi Akureyrar og var oft matráðskona í ferðum félagsins. Rósa Jónheiður bjó í eigin íbúð á Akureyri þar til hún fluttist á dvalarheimili aldraðra á Hlíð árið 2015 þar sem hún lést 12. ágúst árið 2018.



## Endurhæfingarstöð stofnuð

Vorið 1970 var Magnús Ólafsson sjúkraþjálfari ráðinn hjá Sjálfsbjörg til að kaupa tæki og undirbúa húsnæði nýrrar endurhæfingarstöðvar á Bjargi við Hvannavelli. Þar var starfsemin fyrstu árin þar til hún sprengdi af sér húsnæðið. Endurhæfingarstöð Sjálfsbjargar að Bjargi við Bugðusíðu hélt því upp á 50 ára endurhæfingarstarf þann 11. október síðastliðinn. Arfurinn frá þessum hógværu heiðurskonum hefur runnið til þess að endurnýja tæki og uppfæra tækni og búnað á þessum tímamótum. Það gerir endurhæfingarstöðinni enn frekar kleift að takast á við flókin og krefjandi verkefni með sínu frábæra starfsfólki. Hjálparsjóður Sjálfsbjargar var einnig styrktur verulega með hluta af arfinum og kemur það umsækjendum um framlög úr honum til góða á komandi árum.

Leitað var heimilda hjá Hansínu Maríu Haraldsdóttur og Valdímar Gunnarssyni við gerð þessarar samantektar.

Stjórn Sjálfsbjargar sendir fjölskyldum, vinum og sveitungum þeirra Guðrúnar Bergrósar og Rósu Jónheiðar kærar kveðjur og árnaðaróskir.

Fyrir hönd stjórnar Sjálfsbjargar félags fatlaðra á Akureyri og nágrenni.

*Herdís Ingvadóttir formaður*

# Brautin frá Brekkugirðingunni fram að Torfufellsá

**Á næst síðasta ungmennafélagsfundinum sem haldinn var á Tjörnnum í sumar, vakti ég máls á því við félagsmenn, hvort þeir vildu ekki taka til meðferðar eitt okkar stærsta velferðarmál „Hólasóknarbúa“ brautarlagninguna frá Brekkugirðingunni fram að Torfufellsá. Vegna þess að eigi var tími til að ræða þetta mál þar, gaf ég aðeins bendingar hvernig helst ég álitni haganlegastar leiðir til að hrynnda þessu máli áleiðis. Var því þessu máli frestað til næst fundar.**

Síðasti fundur var haldinn í Hólum þann 21. nóvember. Þar var málið tekið til alvarlegrar yfirvegunar og rætt aftur og fram, að síðustu var tillaga borin upp, þess efnis, að boða skyldi allar bændur til fundar svo fljótt sem unt væri til að kom sér saman um öll stærstu atriðin málinu viðvíkjandi.

Jeg hefði því gaman af að drepa á helstu atriðin í málinu, sem við þurfum að koma okkur saman um. Fyrsta og fremst er þá að fá sýsluvegin lengdan frá Saurbæ fram að Jórunnarstöðum, því til gildis tel ég í fyrsta lagi það, að við ættum að fá lögskipaðan póst þangað frameftir. Í öðru lagi það, að um leið og við erum búnir að fá lögakveðinn veg og póst, erum við búnir að fá styrkveitingu til brautarinnar alt að hálfu leyti.

Þá er næsta aðtriði það, að koma sér saman um hvernig brautin á að vera, hvort heldur það á að vera upphleyptur samanhangandi vegur mölborinn, eða þá að gera við verstu partana fyrst.

Um þetta atriði er ég afar hræddur um einingarleysi meðal manna. Sumir vilja fá viðgerða verstu partana fyrst, en aðrir aftur byrja á öðrum endanum og fullgjöra hann; gjöra hann samanhangandi alla leiðina jaft yfir slétta bakka sem illfærur. En hér verðum við að smíða okkur stakk eftir vesti; hér verðum við að fara eftir efnunum og ástæðum. Ef okkur tekst að fá sýsluvegin lengdan og þar af leiðandi styrk úr landsjóði að hálfu leiti, þá fáum við ekki áður nefndan styrk nema með svo feldu móti, að brautin verði óslitin heild og upphækkuð.

Nú er það ósk mín og von að við verðum einhuga með að fá þetta og vinnum að því sem einn maður. Þótt það kosti okkur ár og daga. Næsta atriði erð að mæla fyrir veginum og gera áætlun um hvað hann muni kosta. Jeg hef gert hér lauslega áætlun, því miður hef ég ekki við annað að styðjast en það sem hlutaðeigandi bændur eða ábúendur á þessum jörðum hafa sagt mér, eftir því ætti vegalengdin að vera, fimm og hálfur kílómeter (5½ km).

Mér hefur reiknast svo til að hver k.m. kosti 1.000,00 kr (eitt þúsund krónur). Vegurinn í heild sinni 5.500,00 kr. (fimm þús. og fimm hund.)

Nú reyndum við að taka þennan veg á 5 árum, til þess þurfum við að hafa á

millum handanna (eitt þúsund og eitt hundrað kr). Þar af legði landið til 550,00 kr., Sýslan 275,00 og við 275,00 kr, samtals 1.100,00 kr. Árlegt vegabóttagjald hér í sókninni er sem næst því 65,00 þá eru það 210,00 kr. sem við þurfum að riðja okkur með, 40 fjéritíu dagsverk als. Jeg geing út frá því að bændur í sameiningu legðu til 30 dagsverk, ungmennafélagið 10 dagsv. Ef þessi áætlun hefur við nokkuð að styðjast, get ég ekki annað séð en það væri vinnandi vegur að leggja í verkið þrátt fyrir það, þótt þessari áætlun minni skeiki að einhverju leiti þá nemur það ekki því eina, að það geti orðið hugmyndinni að bana. *H.K.*





# Brot úr væntanlegri bók kvenfélagsins Hjálpin

## Hjúkrunarfélagið/kvenfélagið Hjálpin

*Við Saurbæ hreppur hengir nafn,  
hófst þar forðum saga  
er kærleiksrikt þar kvenna safn  
kynntist forðum daga.*

*Að Saurbæ forðum sást einn dag  
nær sjötti tugur kvenna  
sem bæta vildi heimsins hag  
og hjálp þær vildu kenna.*

*Þar líknarhönd og hjúkrun fékk  
hópin til að starfa  
og ötul fylking áfram gekk  
einlæg lundin djarfa.*

*Móðurhöndin mjúk og hlý  
mildi nær að skarta  
en síst er gott að gleyma því  
sem gleður barnsins hjarta.*

*Hin kærleiksrika kvennaföld  
fær kjark sem lausn frá hiki  
og hefur nú í heila öld  
haldið sínu striki.*

*Kristján Hreinsson*

## Skemmtinefnd/árshátíðar- nefnd

Árið 1915 þótti æskilegt að félagið efndi til skemmtisamkomu til ágóða fyrir félagið og var þá fyrst kosið í skemmtinefnd. Oft var boðið upp á hlutavelta og fyrirlestur á þessum skemmtunum sem voru oftast þrjár á ári. Árið 1925 var ákveðið að hafa skemmtisamkomu 1. desember ár hvert og skyldi tekjum af henni varið til jólagjafa. Var þá verið með tombólu eða bögglauppboð og dans til skemmtunar. Í blaðinu Degi var eftirfarandi auglýsing fyrir skemmtun félagsins 1936:

Skemmtisamkomu heldur kvenfélagið Hjálpin 1. des. n. k. í nýja samkomuhúsinu að Saurbæ. Til skemmtunar verður: Tombóla, söngur (söngfélagið Þröstur syngur), upplestur, dans. —

Skemmtunin byrjar kl. 8.30 e. h. Aðgangur kostar kr. 1.00. Veitingar seldar á staðnum.

Þessar skemmtanir eða böll voru fastur liður í fjáröflun félagsins alveg fram yfir 1990.

Ein skemmtunin var kölluð vinnukonuball eða slægjuball og var haldin í þinghúsinu, seint í ágúst á fimmta og sjötta áratugnum. Þessi viðburður var mjög vinsæll hjá unga fólkinu en á þeim tíma var mikið um vinnufólk í sveitinni og sjálfsagt hafa einhver sambönd orðið til þar.

## Kvennaferð Hjálpin

*Fyrir örfáum dögum flaug fregn sú um  
hreppinn*

*Að fráfr þaðan boð ættu, ykkar á fund  
Þar var nú aldeilis kerling hver heppin  
Karlarnir tautuðu, úfnir í lund*

*Hjá konunum upphófst nú annríki  
mikið*

*Því öllu skyldi nú tjaldað  
Kjóla þær strauja, af kápum slá rykið.  
Klippt er, og saumað, og faldað.*

*Ferðin gekk vel, því að gatan var greið  
Þó geyst væri ekið, þær urðu ekki  
hissa.*

*Einstaka minntist þó, miðri á leið,  
Að manninn sinn gleymt hefði að  
kyssa.*

*Kökurnar hérna, nú kátar þær maula,  
Við krakkaþras lausar um sinn.*

*En í vesalings körlunum garnirnar  
gaula*

*Hann gleymdist víst, kvöldmaturinn.  
Höf. Óþekktur*

## Innköllunar/innheimtumenn/ konur

Árið 1915 voru kosnar 4 konur sem innköllunarmenn en í lögum félagsins hétu þær innheimtumenn og voru hluti af 7 manna stjórn. Kosin var ein kona úr hverri sókn til að innheimta félagsgjöldin sem og safna saman og/eða taka á móti munum sem gefnir voru í hlutaveltu/tombólu.

Alls voru 4 sóknir í Saurbæjarhreppi: Möðruvallasókn, Hólasókn, Saurbæjar-sókn og Miklagarðssókn.

## Hlutaveltunefnd/ tombólunefnd/basarnefnd

Árið 1960 var ræddur sá möguleiki að hafa basar á Akureyrir og jafnvel kaffi-

sölu um leið til ágóða fyrir félagið. Í starfsskýrslu 1964 segir: „Félagskonur komu saman nokkur kvöld til að vinna muni á basar til fjáröflunar. Þrjónuð voru 75 stk. á vél af þrem konum, hinar settu saman og gengu frá flíkunum. Auk þess var nokkurt magn handþrjónaðra muna gefið s.s. sokkar og vettlingar á börn. Einnig voru saumaðar svuntur og annar smáfatnaður.“ En ekki var bara komið saman í Sólgarði til að vinna heldur voru saumaklúbbarnir fjölsóttir þar sem konur settu saman þrjónaflikur og ræddu í leiðinni ýmis framfara og menningarmál.

Árið 1970 er eingöngu selt brauð á jólabasar „konur komu saman í Sólgarði og bökuðu laufabrauð og fleira, einnig var bakað heima. Virðist sem þetta sé mjög vinsælt því þetta seldist allt á örfáum mínútum.“ (starfsskýrsla 1970). Það varð að árlegum viðburði að vera með kökubasar á Akureyri og var hann svo vinsæll að fólk beið í röðum eftir að væri opnað. Félagið fékk inni á ýmsum stöðum s.s. Túngötu 2, Hótel Varðborg og Laxagötu 5.

## Iðnaðarsýningarnefnd/ heimilisiðnaðarsýningarnefnd/ vefnaðarnefnd

Á fundi 1917 eru færð rök fyrir til hve mikilla framfara það gæti horft ef menn kæmu á fót heimilisiðnaðarsýningum og var þá fyrst kosið í sýningarnefnd. Ýmist var þetta kallað iðnaðarsýning eða heimilisiðnaðarsýning og kosnar voru fjórar konur í nefndina. Árið 1918 var samþykkt að karlmenn sem konur innan hrepps hefðu heimild til að taka þátt í sýningunni og væri nauðsynlegt að hafa hana á hverju ári. Ýmislegt var gert til að draga fólk að og árið 1921 var ákveðið að „skemmtisamkoma yrði haldin í sambandi við aðalfund og að þann dag yrði haft til skemmtunar iðnaðarsýning, fyrirlestur og dans.“

Árið 1928 kemur fram í fundargerð að það sé „mjög æskilegt að fjelagið gæti haft iðnsýningar, að minsta kosti annað hvert ár. Myndi það vekja áhuga fjelagskvenna fyrir heimilisiðnaði.“

## Ævifélagi

Á aðalfundi í Saurbæ, 1919 er mál á dagskrá sem kallast: „Æfifjélagar. Framsögu hafði Sig. Einars. Bar hún það upp á fundinum hvort ekki væri rétt að mönnum væri gefin kostur á að gjörast æfifjélagar, og stofnaður væri sérstakur sjóður. Um málið urðu nokkrar umræður og samþikt svohljóðandi tilaga. Fundurinn samþykkir að bætt sje inn í 5 gr. hjúkrunarfélagsslaganna að á eftir orðunum. Minnsta árgjald sje 1 kr. komi: æfifjélagar geta allir orðið bæði karlar og konur. Minsta æfifjélagsgjald sje 20,00 kr. Fyrstu æfifjélagar urðu síra Þorsteinn Briem og kona hans Valgerður Lárusdóttir. Tillag þeirra var 50,00 kr.“

Ekki er hægt að sjá þessa breytingu í lögnum þegar viðaukar eru samþykktir árið 1928 og það kemur hvergi fram í fundargerðum að þetta hafi verið felld niður. Þorsteinn og Valgerður eru einu ævifélagarnir sem vitað er um.

## Hjúkrunarkonur

Félagið er stofnað gagngert til að ráða hjúkrunarkonu til starfa eins og stendur í lögnum: Takmarki sínu leitast félagið við að ná með því að taka í þjónustu sína lærða hjúkrunarkonu, og efla sem mest sjóð sinn til þess að af honum megi veita bágstöddum og félitlum sjúklingum styrk til meðalakaupa [og þess annars], er þeir að dómi læknis og hjúkrunarkonu nauðsynlega þarfnast í sjúkdómi sínum. „Fyrsta árið starfaði fjelagið að því að stofna ofurlitinn sjóð (300.00). Annað árið keypti það nokkur hjúkrunaráhöld og tók lærða hjúkrunarkonu í þjónustu sína og styrkti fátæka sjúklinga. Starfsemin var í smáum stíl fyrst, en árlega hefir hún farið vaxandi. Nú er fjelagið búið að lána hjúkrunarkonu um 320 daga, og 27 sjúklingar hafa notið hjúkrunar. Hjúkrun hafa fátækir ekki þurft að borga nema að litlu leyti, hitt er borgað úr fjelagssjóði. Sömuleiðis hefir fjelagið styrkt fátæka sjúklinga og glatt gamalmenni á fjelags-svæðinu, nemur sú upphæð 1300.00 kr.“ (Starfsskýrsla 1922)

Fyrsta hjúkrunarkonan var Rut Lárusdóttir og ári seinna tók Ólöf Jónsdóttir, Æsustöðum við. En hjúkrunarnámið var dýrt og erfitt að fá lærða hjúkrunarkonu. Á aðalfundi 1918 voru þessi mál rædd: „Forstöðukona skýrði fundinum frá kostnaði sem leiddi af



Í skoðunarferð í Kalda árið 2008. Sigríður Rósa Sigurðardóttir, Elin Stefánsdóttir Elisabet Wendel, Guðrún Steingrimsdóttir, Bylgja Sveinbjörnsdóttir, Svana Svanbergisdóttir, Lilja Sverrisdóttir, Anna Jónsdóttir, Guðrún Harðardóttir og Anna Þórsdóttir.



Kvenfélagskonur í skoðunarferð í Laxárvirkjun 2003. Sigríður Bjarnardóttir, Elsa Sigmundsdóttir, Kristrún Þórhallsdóttir, Elin Stefánsdóttir, Svava Friðjónsdóttir, Guðný Óskarsdóttir og Lilja Sverrisdóttir.



Kvenfélagskonur á leið út í Grimsey með Drang árið 1980. Þýskur ferðamaður, María Guðmundsdóttir, Kristbjörg Magnúsdóttir og Kristjana Finnsdóttir.

námi og veru hjúkrunarkonu á Sjúkra-  
húsi Akureyrar, sem voru rúmar 73,00  
kr. og beindi hún máli sínu sjerstaklega  
til hjúkrunarkonu til þess að grenslast  
eptir, hvað hún vildi taka mikinn þátt í  
þessum kostnaði, næst tók hjúkrunar-  
kona Laufey Guðmundsdóttir til máls,  
og bauðst hún til að borga 30,00 kr af  
þessum 79,00 kr frá sjálfri sjér, ef fjelag-  
ið borgaði hitt og var því boði tekið með  
þökkum.“ Hún starfaði svo sem hjúkr-  
unarkona til ársins 1920 er Fanney  
Einarsdóttir tekur við.

**Vísur er urðu til í skemmti-  
ferð kvenfélagsins Hjálpin  
2. september 1978**

Bílstjórinn Eggert Jónsson kvað:

*Á ferð með fjölda kvenna  
á fund við álfa og tröllin.  
Ljúfan læt ég renna  
léttan bíl á fjöllin.*

Ingibjörg Bjarnadóttir sendi Eggert  
þessa vísu:

*Ferðast um með lífsglatt lið.  
Lokkaprúða bænda svanna  
Eggert knúsar kvenfókið  
Í krókabeygjum öræfanna.*

Eggert svaraði:

*Öræfin mitt örva blóð  
Í æðum fossar þjóta.  
Lokkaprúða fagra fljóð  
Fæ ég þín að njóta?*

**Öræfafriður**

*Öræfanna fangar friður,  
Fyllir hugann ró.  
Eyðibýlið, áar niður,  
Angar þeyr og mosató.*

*Laufey Sigurðardóttir frá Torfufelli.*

Lilja Sverrisdóttir



Kvenfélagskonur á leið út í Grimsey með Drang árið 1980.



Við heimskauntsbaug.

*Gleðileg jól  
og farsælt komandi ár*



*Ekki vandamál!*



**ÁK SMÍÐI**

*Gleðileg jól  
og farsælt komandi ár*



Guðrún Sveinbjörnsdóttir og Bernharð Pálsson.

## Nokkur orð um Bernharð Pálsson mjólkurbílstjóra

**Benni Pálsson eins og hann var kallaður hér í sveit var mjög áberandi persóna enda nánast heimilisvinur bænda. Fyrir utan að annast mjólkurflutning var hann oft beðinn að versla fyrir bændur. Hann var gláðsinna og orðheppinn og alltaf með hressilegar athugasemdir við brúsapallinn. Honum fannst í lagi að kaupa kjólefni fyrir Signýju á Botni enda átti hún ekki bíl en hann var ekki áncægður þegar Jón á Litla-Hóli bað hann að versla fyrir sig, því það fyrsta sem hann sá þegar hann kom til Akureyrar var Jón.**

Benni var fæddur í Torfufelli 1903 og dó 1969. Faðir hans Páll Sigurðsson dó 1905 og líklega flutti konan hans, Ástný Sigríður Jónsdóttir, Benni og systir hans Hólfríður, sem seinna var húsfreyja á Finnastöðum gift Katli Guðjónssyni, út í Grund því Magnús var bróðir Páls.

Kona Bernharðs var Guðrún Sveinbjörnsdóttir. Fyrstu búskaparár þeirra Benna og Guðrúnar voru á Grund. Þau eignuðust 3 börn, Sigrúnu, Sigríði og Aðalstein en fyrir átti Guðrún 2 börn með fyrri manni sínum sem hét Sofus Franz Jónsson Trampe og þeirra börn heita Brynjar og Ragnhildur. Síðar voru þau fyrstu húsverðir Laugarborgar eða frá 1959-1969 en Guðrún hélt starfinu áfram við góðan orðstír til 1980. Það má segja að þau hjón hafi verið nokkurs konar „viðburðastjórar“ þess tíma. Þá tíðkuðust sveitaböll um hverja helgi og voru þau haldin til skiptis ýmist í Laugarborg eða Freyvangi.

Aðalsteinn Jónsson, þáverandi bóndi í Kristnesi, skrifaði þetta um Benna. „Hann var gleðimaður og söngvinn. Hann var ætíð virkur í félagi í öllum söngfélagsskap er til var í sveitinni og var þar góður liðsemdarmaður og kátur félagi. Hann átti ríka kímniáfu og gat verið smáglettinn. Glettni hans var stundum dálítið hrjúf en oft hnyttin og skemmtileg“

Í Verkamanninum 1955 birtist grein um verkfallsbrot þar sem mjólkurbílstjóri úr Hrafnagilshreppi Bernharð Pálsson að nafni var talinn hafa framið verkfallsbrot með aðstoð starfsmannsins á Olíustöð KEA. Um þennan atburð var settur saman vísnaþragur. Fyrstu tvö erindin af sjö hljóða svo:



Páll Ingvarsson, greinarhöfundur.

*Bílstjóri einn sem B.P. heitir búsettur er á stóru Grund. Flytur hann mjólk um fagrar sveitir frægur maður á ýmsa lund. Til Esso Guðmundar ók hann sko oliubrúsa keypti tvo Þar stóðu verkfallsverðir skæðir, verslun enga þeir leyfa hér. Beint gegnum hópinn bíllinn æðir burtu þeir mega forða sér. Til annarra síma upp í bæ eltu B.P. um lönd og sæ.*

Ekki veit ég hver samdi þennan brag en hann fannst í dóti Benna og hann safnaði vísun en orkti ekki að sögn Siggú, dóttur hans „Pabbi var 16 árum eldri en mamma en mér fannst hann aldrei vera gamall“, sagði Sigga „En hann var stríðinn“ Að lokum fylgir hér bragur eftir Hreiðar Eiríksson sem heitir Bygging Laugarborgar hafin og er það viðeigandi því Benni og Gunna voru fyrstu húsverðir í Laugarborg.





Bernharð Pálsson tyllir sér á stuðarann með dóttur sína Sigríði, í fanginu. Önnur dóttir hans Sigrún, er inni í bilnum. Hundurinn Skuggi fylgist með. Myndin er tekin við Holtset ca. árið 1955.

### Bygging Laugarborgar hafin

En dagarnir rísa úr dökkvanum aftur  
 hér er dugur og festa og vaxandi kraftur.  
 Og framtakið skellir á skeið.  
 Og er nokkur furða, þó hafist sé handa,  
 þegar hendurnar langt fram úr ermunum standa  
 og gatan til afreka greið.  
 Og menn stikuðu og fetuðu fram og til baka,  
 það var fjallað um vinkla og kúbein og haka,  
 því lík heilabrot höfðu ei sést,  
 menn hétu að staðarins val skyldi vanda.  
 Það er vanda að sjá hvar slíkt hús skyldi standa.  
 Hvar á fósturjörð færi það best.  
 Og staðurinn fannst, það má furðulegt telja,  
 hann fannst hérna, sem stað skyldi velja,  
 einmitt hérna, sem byggja var best.  
 Og skapið var létt eins og syngjandi svanur,  
 menn sömdu við Þórð, hann er neglingum vanur,  
 og nú varð að negla sem mest.  
 Og menn skoðuðu teikningar aftur og aftur,  
 hún er undur og viska og skapandi kraftur  
 þessi blessaða byggingarlist.  
 Hún greinir oss frá hvað í huga skal hafa,  
 hvort það hentar oss strax fyrir veggjum að grafa  
 eða staðsetja strompana fyrst.  
 Og byggingin reis, það var gróflega gaman.  
 Það var glatt þegar konurnar þyrptust hér saman  
 á kvöldin er sólin var sest.  
 Af öryggi gripu þær hamra og hnalla,  
 jafnvel héldu um sköftin og létu falla.  
 Þórður hann mat þetta mest.

Og karlarnir horfðu á konurnar vinna.  
 hér var kappsemi, þolni og vakandi sinna.  
 Þeir göptu af hrifningu hreint.  
 Þær knálega fóru með kústa og spaða  
 og klettþunga hamrana létu þær vaða.  
 Ó...þær börðu á puttana beint.  
 En hvað er um statusinn, vinirnir vænu?  
 Voru ekki fjármálin í hyldýpi grænu?  
 Nei, við höfðum þá Halldór og Jón.  
 Um skammsýni og vanmátt þeim ber ekki að brigsla.  
 Um banka og sjóði, með tækka og víxla,  
 þeir gengu sem grenjandi ljón.  
 Og húsið var vígt, það er mörgum í minni.  
 Það var mugga í lofti en vistlegt hér inni.  
 Það var glaðværð um ganga og sal.  
 Og menn litu yfir verk, sem til loka var unnið,  
 þetta langsóttá skeið, sem til enda var runnið  
 og menn tóku upp léttara tal.  
 Nú litum við hingað, sem Laugarborg stendur,  
 með lagni og kunnáttu meistarans hendur,  
 hér hafa allt sterklega steipt.  
 Hún var byggð upp af elju og örlæti manna,  
 hér er atorka, hjartsýni og fjélagslund granna,  
 til minja í múr hennar greipt.  
 Hér er sungið og leikið og saumað og hjalað,  
 hér er setið og unnið og hvatlega talað,  
 þó vináttan hafi hér völd.  
 Hér bergjum við hreysti- og hjartsýnis minni,  
 hér bægjum við þorra úr hugarins- inni,  
 til þess hittumst við hérna í kvöld.

Páll Ingvarsson



Fjárhópur við gömlu fjárhúsin í Hriflu, faðir minn Vagn Sigtryggsson stendur fyrir aftan hópinn.

## Eftirminnilegur dagur 9. apríl 1963

**Veturinn 1962-1963 var ég við bústörf heima í Hriflu í Þingeyjarsveit (áður Ljósavatnshreppi) en þar er ég fæddur og uppalinn og þarna er ég 19 ára. Á jörðinni var rekið blandað bú með nautgripi og sauðfé og auk þess nokkrar hænur og fáein hross. Á þessum árum var sauðfé rekið til beitara yfir veturinn flesta daga ef veður voru skapleg og snjóalög ekki mjög mikil. Stór hluti jarðarinnar er vel gróið hraun þar sem oftast mátti finna svæði, sem hægt var að beita. Þá á jörðin beitarrétt á Hrutey, sem er eyja milli Skjálfandaflióts og Hruteyjarkvíslar og nær suður að Godafossi, en þar er svipað land til beitara.**

Veturinn var snjóléttur, nokkur hríðar-áhlaup gerði þó í janúar og febrúar með talsverðum snjó, sem tók síðan fljótt upp. Í mars og byrjun apríl var tíðin einstaklega góð, stillur og hlýindi og jörð orðin nánast snjólaus.

Þriðjudaginn 9. apríl, sem var í dymbilvikunni, var veður stillt um morguninn, nánast logn, hiti vel yfir frostmarki en dimmt í lofti. Eftir að ég hafði lokið fjósverkum með föður mínum um kl. 9 fór ég og rak féð til beitara. Þessa dagana var beitt á Hrutey en það er um 2 km leið sem þurfti að reka eftir heimreiðinni og svo austur yfir brúna á Hruteyjarkvíslinni (Kvíslarbrúna). Síðan var ég í ýmsum snúningum fram að

hádegi. Í fréttum í hádeginu er svo sagt að búast megi við vondum hríðarhvelli seinni partinn.

Ég flýtti mér að ljúka við hádegismatinn, klæddi mig í utanyfirföt og hraðaði mér af stað til að sækja féð. Með mér í för var heimilishundurinn Lappi, sem var ágætur rekstrarhundur. Nú fór mjög að dimma í lofti og hljóp ég við fót síðasta spölinn. Mig grunaði hvar kindurnar mundu halda sig og fór beint austur á miðja eyjuna og reyndust þær vera þar á afmörkuðu svæði. Hóaði ég nú kindunum saman og við Lappi í sameiningu drifum hópinn af stað áleiðis heim. Ekki máttum við seinni vera því nú fór að moksnojá og skyggni varð nánast ekkert. Gekk reksturinn þó allvel vestur eyjuna og vestur yfir Kvíslarbrúna en þar var snúið til norðurs eftir heimreiðinni.

Rétt eftir að við höfðum tekið stefnuna til norðurs skall stórhriðin svo á eins og hendi væri veifað. Var veðurhæðin strax óskapleg, ofankoman gríðarleg og hitinn lækkaði hratt. Hópurinn snarstoppaði og breytti engu þó við Lappi hömuðumst fyrir aftan hann. Engin hreinræktuð forystukind var í hjörðinni en ein ærin, hún Gæf, hafði þann eiginleika að ef gengið var á undan hópnum fylgdi hún fast á eftir mannum. Ég fór nú fram fyrir hópinn og strax var Gæf komin á hæla mína og

heyrði ég að Lappi galti og hamaðist fyrir aftan. Settum við Gæf nú hausinn undir okkur og lögðum af stað móti veðrinu og þokaðist hópurn strax af stað.

Sannaðist nú á mér máltækið, að fáir kunna sig í góðu veðri heiman að búa. Hafði ég klætt mig í venjuleg vinnuföt, boxur og stakk en reyndar sett allgóða skinnhúfu á höfuðið og var með ullarvettlinga á höndum. Vantaði mig tilf innanlega trefil eða eitthvað annað til að skýla hálsinum og fann ég fljótt fyrir því. Vegna veðurhæðarinnar var kælingin mjög mikil og brá ég á það ráð að snúa mér undan veðrinu af og til. Þar sem ég vildi ekki að hópurn stöðvaðist alveg reyndi ég að ganga aftur á bak en það gekk ekki vel þar sem veðurhæðin var svo mikil að ég réð ekki við mig. Skárta var að snúa sér á móti veðrinu, setja hausinn undir sig og halla sér áfram en ekki var hraðinn mikill. Dáðist ég að því hve fremstu ærnar og þó einkum Gæf voru harðar af sér á móti veðrinu sem alltaf harðnaði frekar en hitt. Þá var eins og Lappi skildi vel alvöru málsins og heyrði ég stöðugt galtið í honum á eftir hópnum þegar hann reyndi að reka á eftir. Þar sem frostlaust var þegar byrjaði að snjóa hlóðst snjórin í ullina og klesstist í andlit kindanna. Þegar svo frysti myndaðist klakabrynja sem varð

þeim til mikilla óþæginda. Svona mjökudumst við áfram en mikið voðalega tók það langan tíma að fara þessa leið ekki þó lengri en þetta. Kuldinn á hálsinum var líka illþolanlegur og var ég að reyna að verja hann með vettlingunum en frekar lítið gagn var að því og vettlingarnir snjúgir. En áfram var mjakast og tókst okkur Lappa að koma í veg fyrir að hópurinn stöðvaðist því þá óttaðist ég að ærnar myndu strax snúa sér undan veðrinu og þá gæti orðið erfitt að koma þeim af stað aftur.

Þegar voru eftir 3-400 metrar af leiðinni kom pabbi til móts við okkur en hann var þá farinn að hafa verulegar áhyggjur af ástandinu. Gekkt hann á undan síðasta spölinn en ég aðstoðaði

Lappa við að reka á eftir. Og mikill var nú léttirinn þegar búíð var að koma öllu í hús og ganga úr skugga um að enga kind vantaði. Afleiðingar kuldans á hálsinn komu svo í ljós um kvöldið og nóttina á eftir en þá bólgaði ég svo að ég leit út eins og mjög slæmur hettusóttarsjúklingur. En það lagaðist fljótlega og hafði engin eftirmál. Nefna má, að lækkun útihita á meðan ég var í þessari ferð mun hafa verið allt að 15 gráður, úr +4-5° í -10-11°.

Seinna velti ég því fyrir mér hvernig öllu hefði reitt af ef ég hefði verið t.d. 15 mínútum seinna á ferðinni. Þá hefði ég ekki verið búinn að finna féð þegar fór að moksnióa og hefði það tafið við að finna hópinn. Einnig hefði bylurinn

þá verið skollinn á þegar kom að því að reka yfir Kvíslarbrúna og hefði senni-lega verið óðs manns æði að reyna það meðan hvassast var. Leiðindaveður var næstu daga og setti niður mikinn snjó.

Þess má geta að í þessu veðri urðu einhverjir fjárskaðar t.d. í Fnjóskadal þar sem beiturfé náðist ekki í hús og fórst. Svo má ekki gleyma þeim hörmungum, að í þessu veðri fórust nokkrir bátar m.a. frá Dalvík og með þeim margir menn.

Að lokum vil ég leggja áherslu á það, að ef ekki hefði verið um að ræða aðstoð þeirra Gæfar og Lappa veit ég ekki hvernig farið hefði.

Ólafur G. Vagnsson



## Ein lítil saga af bræðrum

*Þetta er sönn saga af bræðum sem hétu Gunnar og Kristján. Pabbi þeirra, Jónas bóndi útbjó orf handa þeim sem var passlega stórt fyrir byrjendur. Orf handa fullorðnum var auðvitað allt of stórt fyrir ca. 10 ára stráka, og eftir að nýja orfið kom urðu þeir harla glaðir að geta tekið þátt í heyskapnum rétt eins og hinir karlmennirnir á bænum.*

Hestasláttuvél var komin, en þótti stundum slá illa og oft var gripið í orf til að slá ýmsa kanta og þar sem „nútima“-sláttutæki var ekki við komið. Gallinn var sá, að aðeins eitt lítið orf var til, en bræðurnir voru tveir, þ.e.a.s. yngri bræðurnir voru á þessum tíma ekki komnir með sláttumannavit, og voru að sjálfsögðu ekki gjaldgengir við slík áhættustörf! Þeir tveir Gunnar og Kristján áttu að skiptast á, en ekki var alltaf samkomulag um hvor ætti hafa gripinn og var ekki laust við að stundum hvessti milli þeirra, ýmis fúkyrði heyrðust og jafnvel lá við handalögumálum.

Einn sólskinsdag stóð til að slá frammi á kofabaki og nú hófst kapphlaup niður kjallarastigann – í gúmmískóna og fram á hlað, til að vera fyrri til að ná í orfið! Í þetta sinn hafði Kristján betur, greip orfið og hóf slátt undir snúrustaurunum sem þar voru stutt frá. Er hann hafði slegið um stund gerðist það ótrúlega, hann kallaði í Gunnar og bauð honum að nú mætti hann fá orfið og taka við sláttinum. Gunnar varð bæði glaður og undrandi yfir mann-gæsku bróður síns. Þarna var nú bróðurkærleikurinn að verki. Kristján dreif sig í burtu en Gunnar sló í erg og gríð alsæll með verkefnið.

Um kvöldið kom Hulda á efri hæðinni

niður og sagði við Gunnar: „Ég sá að þú varst duglegur að slá Gunnar minn“ – og Gunnar samsinnti því með feimnisbros á vör. En þá bætti hún við: „En þú fórst nú hálfilla með sængina hans Dodda frænda þins“. Nú hófust yfirheyrslur yfir Gunnari, sem hélt fram sakleysi sínu statt og stöðugt og hvikaði hvergi frá sinni frásögn – hann hafði ekki skemmt sængina hans Dodda, en minnst þess að hafa séð þvott á snúrunni.

Það var sumsé þvottadagur á efri hæðinni – skipt var á rúmum og sængur víðraðar, þar með sængin hans Dodda, þessi fina dúnsæng, sem nú hafði lent í slysi. Þegar sængin var sótt vantaði eitt hornið á hana, og eitthvað af dúninum hafði flögrað út í veður og vind. Gunnari var kennt um, þar sem hann hafði staðið með orfið lengi vel, og engin önnur sængur-bitandi áhöld voru höfð um hönd við snúrunnar. Nei, hann hafði ekki skemmt sængina – sór og sárt við lagði að hann hefði ekki komið nálægt henni. Eflaust hefur Hulda gert við gatið og var ekki meira um þetta talað að sinni, allavega er það ekki í minnum haft.

Svo liðu árin og árin urðu að áratugum. Kristján var orðinn eftirsóttur sveitarsmiður og lagði haga hönd sína að ótalmörgu í þágu sveitunga sinna, og

Gunnar löngu orðinn bóndi og sinni um búskap og fjölskyldu. Þeir voru komnir vel á fimmtugsaldur þegar Kristján leysti frá skjóðunni, og játaði verknaðinn. Golan hafði sveiflað til sænginni og eitt hornið lafði niður undir jörð þegar sláttumanninn bar að. Hann hafði sveiflað orfinu aðeins of frjállega og alveg óvart rekið ljáinn í sængurhornið með þessum afleiðingum. Auðvitað var þetta eins og hvert annað slys, en hann varð logandi hræddur þegar dúnninn fór að þyrlast út um gatið svo nálægar þúfur litu út eins og hálfreyttar hænur. Hann sá sér leik á borði að koma orfinu og skömmunum yfir á grunlausan bróður sinn, sem í sakleysi sínu tók alls hugar feginn við hvoru tveggja án þess að hafa hugmynd um hvað hékk á spýttunni.

Þegar játning Kristjáns lá fyrir var of seint að krefjast rannsóknar og réttarhalda, sönnunargögn löngu ónýtt og hagsmunaaðilar fluttir, ýmist á brott eða yfir móðuna miklu og málið löngu fyrnt, þegar sökudólgur létti á hjarta sínu seint og um síðir. Það skal tekið fram að þetta olli ekki vinslitum bræðrana og sátu þeir báðir glottandi yfir kvöldkaffinu þegar þetta bar á góma.

Skráð eftir frásögn söguhetjanna.

Valgerður G. Schiöth



## Helgastaðir í Saurbæjarhreppi hinum horfna

*Í hverri sveit eru bæir sem búa yfir sinni sögu. Sögu um fólkið sem þar bjó, örlögum þeirra, ættmennum, afkomendum, sorgum og sigrum. Eftir vill voru þetta kot sem urðu að höfuðbólum, eða öfugt, höfuðból sem urðu að kotbýlum, jafnvel eyðibýlum.*

Helgastaðir búa yfir sinni sögu eins og aðrir bæir og þar ólst upp ein af þekktari skáldkonum síns tíma, Kristín Sigfúsdóttir. Samdái hún smásögur, ljóð og leikrit jafnhliða hefðbundnum störfum sem húsmóðir í sveit, og var margt af hennar verkum gefið út, m.a. ritsafn í þremur bindum. Í fyrsta bindinu er gömul, snjád mynd af bænum Helgastöðum sem mig langar að gera nokkur skil og fólkinu sem þar birtist. Í þessu bindi er rakin ætt Kristínar og svo má að sjálfsgöðu rekja þetta allt í dag í Íslendingabók. Faðir minn, Sigfús Jónsson, bróðursonur Kristínar, átti þessa mynd í förum sínum sem litla, svart-

hvíta mynd, en hver tók hana er mér ekki kunnugt um. Pabbi hafði sterkar taugar til Helgastaða og ræddi því oft um þetta æskuheimili sitt við okkur systkinin. Fór mamma því eitt sinn til Eðvarðs Sigurgeirssonar ljósmyndara og bað hann að taka myndina, lita hana og stækka og gera nokkur eintök, eitt handa hverju okkar systkinanna, eitt handa pabba og líka handa systur hans báðum, þeim Guðrúnu og Vildísi. Gerði Eðvarð þetta með miklum ágætum og á myndin sér stað upp á stofu-veggjum okkar systkinanna og erum við afar stolt af henni, eins og okkar uppruna. Þessi mynd mun vera tekin um 1910, miðað við aldur afa míns sem þarna er á myndinni en nákvæmt ártal liggur ekki fyrir.

Helgastaðir stóðu á þeim tíma hátt, skammt frá fjallinu og þá, og raunar enn, var hverfið kringum Helgastaði kallað Möðruvallaplass. Núverandi bærendur hins vegar mun neðar, á flatlendi og mun gamla bæjarstæðið vera

nánast horfið af yfirborði jarðar. Ég fór þó einu sinni með pabba þangað en erindið var að sækja þangað hestastein sem stóð þar og sést mjög greinilega á myndinni. Fundum við hann í tóftarbotnunum og er hann nú á lóðinni heima hjá mér í Grundargerði 2b. Á þessum tíma sem myndin er tekin bjuggu á Helgastöðum langafi minn og langamma, þau Sigfús Hansson f. 5. ágúst 1848, d. 21. júní 1917 og Guðrún Jónsdóttir f. 24. desember 1853, d. 13. mars 1930. Guðrún var systir Páls J. Árdal, skálds. Eignuðust þau Sigfús og Guðrún 4 börn, Kristínu f. 19. júlí 1876, d. 28. september 1953, Guðrúnu f. 18. september 1878, d. 8. nóvember 1950, Jón, f. 6. apríl 1886, d. 19. október 1967 og Sigrúnu f. 15. apríl 1889, d. 16. apríl 1889. Einnig eignuðist Sigfús langafi barn með Rannveigu Jónsdóttur, Gunnar, f. 7. desember 1888, d. 28. október 1974. Ólst hann upp á Helgastöðum með systkinum sínum.



## Er þá komið að myndinni

Samkvæmt henni hafa Helgastaðir verið all reisulegir á þeirra tíma mælikvarða, þar var löngum tvíþýli en ekki var þetta landmikil jörð né auðveld til búskapar. Lengst til vinstri stendur Gunnar, hann kvæntist Albinu Kristjánsdóttur f. 29. maí 1887, d. 10. júní 1976, börn þeirra voru Ingólfur, Tryggvi og Kristín. Þá kemur Jón afi minn, hann kvæntist Ragnheiði Pálsdóttur f. 10. maí 1887, d. 6. apríl 1970. Börn þeirra voru Sigfús, Guðrún og Vildís. Foreldrar Ragnheiðar ömmu voru Páll Sigurðsson, bróðir hins þekkta manns, Magnúsar á Grund og kona Páls var Sigríður Jónsdóttir. Þá er komið að konu sem hallar sér upp að veggnum, ekki er alveg ljóst hver hún er en gæti verið önnur heimasætan, Kristín eða Guðrún, og sama má segja um konuna lengst til hægri á myndinni. Þó hafa líka komið getgátur um að þetta væru vinnukonur á heimilinu, en það er ólíklegra. Síðan koma þau í dyragættinni Guðrún og Sigfús og að lokum drengur sem örugglega hefur

verið þarna sem smali eða léttadrengur.

Afasystur mínar þær Kristín og Guðrún giftust báðar og eignuðust börn. Kristín giftist Pálma Jóhannessyni frá Skriðu í Saurbæjarhreppi og eignuðust þau 6 börn, Hólmgeir, Sigurínu, Hannes, Jakobínu, Jóhannes og Guðrúnu. Guðrún giftist Ólafi G. Jóhannessyni og eignuðust þau 5 börn. Hólmfríði, Sigfús, Aðalstein sem dó á öðru ári, Aðalstein og Jóhannes.

Ljóst má vera að afkomendur þeirra Guðrúnar og Sigfúsar eru orðnir margir og dreifast víða. Skáldskapur hefur fylgt mörgum þeirra og t.d. gaf barnabarn Gunnars og Albinu, Anna Ingólfsdóttir, út sína fyrstu ljóðabók á síðasta ári, 2019. Kristín Gunnarsdóttir, var einnig mjög vel hagamelt og er mikið til eftir hana. Jón afi minn var líka hagameltur og Vildís dóttir hans einnig og á sínum efri árum safnaði hún saman kveðskap afa og gaf út í kveri sem hún dreifði til afkomenda hans. Þar flutu einnig með ljóð og vísur eftir hana. Örugglega hafa fleiri afkomendur Sigfúsar og Guðrúnar látið frá sér fara

bæði bundið og óbundið mál þó mér sé ekki kunnugt um það.

Jón afi minn sendi mér þessa vísu á fermingardegi mínum:


*Hvert sem liggja leiðir þínar  
og lífsins straumröst fley þitt ber.  
Innilegar óskir mínar  
til æviloka fylgi þér.*

Eitt nafn er all algengt í ættinni en það er Sigfús. Kemur það til með nokkuð sérkennilegum hætti. Sigfús langafi var Hansson sem var skráður Jóhannesson en heimildir telja að hafi í raun verið Sigfússon. Segir Kristín frá þessu í ritsafni sínu 1. bindi. Hafði móðir Hans verið heitbundin Sigfúsi nokkrum en giftist samt Jóhannesi. Var Sigfús þessi talinn göldróttur nokkuð og forspár og bjó hann með móður Hans og Jóhannesi. Hans skírði engan son sinn Jóhannes en Sigfús hét fyrsti sonur hans og kemur þar nafnið inn í ættina. Hafa nú 6 ættliðir borið nafnið í beinan karllegg, Sigfús og Jón til skiptis.

*Jón Ólafur Sigfússon*

# Gleðileg Jól

*Kea óskar félagsmönnum  
sem og samstarfsaðilum sínum  
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári*



# Minning frá sumrinu 1955

*Þetta var sunnangolusumarið mikla. Það voru stöðugar sunnanáttir, gólur, þurrkar og hlýindi. Heyið þornaði af ljánum og stundum reyndist erfitt að hemja það og fauk oft hey af túnum út í móa og settist á girðingar.*

Það var 13. ágúst sem er mér sérstaklega minnisstæður dagur. Þetta sumar ég var 10 ára og Ólafur 8 ára að verða 9.

Við Ólafur Helgi Theodórsson frændi minn vorum staddir niðri á Fit, sem kölluð var. Hlýtt var í veðri og ekki hvasst, líklega vorum við að huga að hornsílum sem krökkt var af í heitum polli á Fitinni.

Við vorum staddir í eða við Álfa-hvamminn, en það var falleg náttúrusmíð þar sem brekkan mætir flatanum. Hvammur, vel gróinn bolli með standandi klöppum brekkumegin. austan og norðan við. Á syðstu klöppinni rann Gerðislækurinn, þá ómengaður, yfir klöppina og myndað fallett slör, norður með hækkuðu klappirnar og mynduðu lóðréttan vegg sem veitti skjól. Man ég vel að móðir mín hélt upp á þennan stað og var álitíð að þarna væri álfabyggð. Þarna var ævinlega matast þegar heyjað var á Fitinni.

Síðar var þessi fagri blettur eyðilagður af hitaveitu framkæmdum sem endilega þurftu að leggja hitaveituríð yfir Álfahvamminn. Eftir það hafa örugglega allir álfar flutt þaðan burt.

Þarna á Fitinni og mýrinni þar sem kallaðir voru Kílar og Álfatjörn var mikil mergð fugla og var þá kríuvarp mikið þarna í kílunum, sem síðar varð yfirtekið af hettumáfabyggð, en fjöldi annarra fugla svo sem anda, stelka, sendlinga og óðinshana sem með taktföstum rykkjum hjuggu hausnum fram og til baka þar sem þeir syntu á skurðunum.

Sem við erum þarna staddir sá ég að á næsta bæ Háagerði silaðist löng heybandslest móti brekkunni yfir Fitina. Í Háagerði var bindingsdagur af engjalslætti. Í þessum svifum varð allt í einu uppi fótur og fit hjá fuglunum á svæðinu. Allt gerið í Kílunum á Fitinni þyrlaðist upp með miklu gargi og hávaða, það kom einhver óvænt truflun í lífríkið og þá sáum við Ólafur svartan hlut ílangan, keilulagaðan fara yfir fugla-



Kristján með hest sinn Goða frá Ytri-Tjörnum.

Ljósmynd: Benjamin Baldursson

svæðið í kílunum með miklum gný og hávaða.

Hluturinn virtist fljúga frekar lágt og ekki fara neitt sérstaklega hratt yfir En hann fór yfir fuglunum í Kílunum, kom úr norðri og flaug til suðurs. Við vorum að sjá fljúgandi furðuhlut, fljúgandi disk eins og svona fyrirbrigði voru gjarnan kölluð, nema þessi hlutur líktist alls ekki diskum að lögun. Hann var heldur ekki ýkja stór mér fannst hann vera á stærð við hrafn sem klemmdi að sér vængina. En var örugglega stærri, fjarlægðin gerði hann minni. Við héldum heim uppfullir af þessari sjón.

Er við komum upp á hlaðið heima við hús þá er þar kominn jeppi K 149, bíll Bjartmars frænda míns. Ég sé Bjartmar snarast út úr jeppanum og hann mætir pabba og faðmar hann að sér og ég heyri hann segja við bróður sinn: „Það er búið.“

Það fóru kippir um andlit pabba þegar hann segir: „Það var bara gott.“ Það varð ekki mikið úr frásögn okkar frændanna Það hafði alvarlegri hlutur gerst á heimilinu. Amma mín Fanney dó í dag.

Um haustið skrifaði ég stíl í skólanum um þessa sýn. Ég man að ég hitti Kristján frænda í Hól einhverntíma um haustið og honum þótti sagan merkileg og sagði: „Þú skalt varðveita stílabókina, kannski verður þessi stíll þinn eina heimildin í framtíðinni um þessa merki-legu sýn“.

Það er eins og gerst hafi í gær, þessi minning er mjög skýr í huga mínum þó síðan séu 63 ár.

Reykjavík, 28. desember 2018.

Kristján Baldursson  
frá Ytri-Tjörnum

# Bernskuminning

***Þegar nafni hringdi í mig og spurði hvort ég gæti skrifað grein í Eyvind um minningar frá dögum mínum á Syðra-Laugalandi, kom það mér á óvart. Ég féllst á að gera tilraun til upprifjunar á veru minni þar en rétt er að hafa í huga að á þeim árum var ég á besta aldri, tveggja til sex ára þannig að rétt er að taka viljan fyrir verkíð.***

Þegar ekið var frá Akureyri var beygt til austurs og ekið yfir Eyjafjarðarbrýrnar og síðan beygt til suðurs í áttina fram í fjörð. Ég man alltaf eftir Kaupangskirkju þar sem hún stendur upp á hæð fyrir ofan veginn og gnæfir yfir umhverfið.

Þaðan var ekið fram hjá Þórustöðum og var grínast með það nafn í tengslum við nafn móður minnar Þóru Bjarkar. Næst var ekið fram hjá Ytra-Hóli. Þar bjó Hreiðar Sigfússon og var hann skotveiðimaður. Mér er sagt að á þessum árum hafi verið skotið á páfann í Róm og kom það í fréttum. Þá mun Þorgeir bróðir ungur að árum tengt þann atburð við Hreiðar og spurt: „skjótti Hreiðar páfann“?

Nú áfram var ekið og farið yfir Þverána og framhjá Þverá ytri og Höskuldstöðum og komið að Staðarhóli og Öngulsstöðum. Þar nálægt eru einnig Bjarg og Garður. Þá var komið að Tjarnalandi og kom ég oft þar með móður minni til Theódórs og Guðmundu og hitti börn þeirra sem voru sum á svipuðum aldri og ég og önnur eldri, svo var ekið framhjá Ytri-Tjörnum og var einnig oft komið þangað eins og gefur að skilja að heimsækja ættingjana eins og á Tjarnalandi.

Á Ytri-Tjörnum var ég eitt sinn staddur tveggja ára að aldri. Var ég að leika mér með kettlinga og einn þeirra slapp frá mér og hljóp yfir fjóshauginn, og ég á eftir, en komst ekki þó langt. Ég sökk niður í hauginn upp að brjósti. Ég hafði misreiknað burðarþolið í haugnum.

Þá var ekið framhjá Háagerði og Hól. Ég man eftir Stjána í Hól og var oft um hann talað. Freyvangur er þarna á næstu grösum og átti ég einhver spor þar á sínum tíma.



*Benjamin Jósefsson.*

Er þá komið að Ytra-Laugalandi, Vökulandi og Laugarholti. Oft komum við í heimsókn í Laugarholt og Ytra-Laugaland en sjaldan í Vökuland. Þá er þarna húsmæðraskólinn sem kemur við sögu síðar. Ég man alltaf eftir hliðsúlunum við afleggjarann niður að Syðra-Laugalandi. Mér fundust þær verklegar. Þegar í gegnum hliðið var komið og fram á brekkubrúnina sást niður að áfangastað okkar, prestbústaðinn. Á hægri hönd á brekkubrúninni var fjósið en á vinstri hönd barnaskólinn. Þar í túninu man ég eftir stóðhestinum Svip sem Haraldur kennari átti. Það var fallegur hestur. Þegar niður brekkuna var komið var braggi þar á hægri hönd sem gegndi hlutverki bílskúrs og þar var ökutæki prestsins geymt, Volvo að gerð oft kallaður „kryppan“. Það breytir því ekki að þetta var hinn ágætasti bíll og gegndi sínu hlutverki með sóma. Hann var síðar í eigu Þorgeirs bróður. Ég man alltaf eftir viðbyggingunni sem hýsti skrifstofu prestsins, mér þótti hún stór og þar voru margar bækur í hillum.

Það var mjög gott að hafa sundlaug staðsetta þarna á torfunni og ég nýtti mér það óspart. Ég var á þessum árum ekki að hugsa neitt um umgengismál í lauginni, heldur beindist öll athyglin að lauginni sjálfri. Ég veit ekki hvort ég hafi tekið fyrstu sundtökin þarna, en ég geri ráð fyrir að sundstíll minn hafi flokkast undir eitthvað sem er á milli hundasunds og venjulegra sundtaka. Mér er sagt að ég hafi ekki verið vatnsbræddur og látið mig vaða í laugina eins og mig langaði til. Það orsakaði það að viðstaddar konur jesúsuðu sig þegar barnið fór á kaf. Ég er helst á því

að ég hafi unnið mér inn mörg prik hjá guði með því að auka verulega á guðræknina á staðnum.

Ég nefndi húsmæðraskólann hér að ofan. Talað var um að á þessum árum hafi ég gert mína fyrstu og einu tilraun til þess að fá inngöngu í þann skóla. Þannig var að barnið lagði af stað í langferð og kom sér yfir bæjarlækinn og upp að skólanum. Þar hékk ég á glugganum með þeim afleiðingum að hringt var á prestsetrið og látið vita af mér og var ég þá sóttur. Mun ég hafa skilið eftir lífssýni á glugganum úr nefi mínu. Lauk þar með áhuga mínum að því að fá inngöngu í kvennaskóla.

Ég man eftir mér við að renna mér niður brekkuna fyrir neðan bæinn og voru þá notaðir áburðarpokar og þótti gott. Meira þurfti ekki til á þeim tíma.

Á þessum árum var verið að byggja minn mig búningaklefa við völlinn sem var á Fit fyrir neðan bæinn. Þar var ég oft að sniglast og væntanlega að þvælast fyrir þeim sem þar unnu. Ég man eftir Birgi á Öngulsstöðum í því verki. Mér þótti það mikið sport að vera þarna niður frá, á heimavelli Ungmennafélagsins Áróðans sem þó náði svo langt að eignast landsdómara í knattspyrnu, hann Braga Bergmann. Geri önnur ungmennafélag betur.

Ég man ekki til þess að ég hafi farið með afa mínum séra Benjamín í margar kirkjur á svæðinu, en þó man ég eftir að hafa komið í Grundarkirkju og að sjálfsögðu Munkaþverárkirkju.

Mamma átti vinkonu á Stokkahlöðum, hana Eddu og fórum við stundum í heimsókn til hennar. Að öðru leyti man ég ekki eftir ferðalögum nema helst innansveitar á Staðarbyggðinni.

Það er fast í mínu minni þegar Hreinn Sigfússon bróðir fyrrnefnds Hreiðars, keyrði með okkur upp Hóla-fjallið það þótti mér ævintýraleg ferð og hafði gaman af. Á þeim tíma var verið að undirbúa flutning Jónínu og Benjamíns til Reykjavíkur. Hann lét af störfum árið 1967, einungis 66 ára að aldri. Hann hafði það á tilfinningunni að hann myndi ekki búa að fullu starfsþreki út starfsævina. Séra Benjamín var afskaplega ljúfur maður og Jónína sömuleiðis. Það var notalegt að dvelj-

ast hjá þeim, þessi sumur mín fyrir norðan. Ég dvaldi oft hjá þeim í Glaðheimunum í Reykjavík og átti þar góðar stundir.

Ég sagði grínsögu af bróður mínum hér að ofan og lét hér fylgja ámóta sögur af mér eftir að ég kom á Skaganum. Einhverju sinni týndist ég og fannst að lokum eftir mikla leit. Var ég þá staddur niðri í Slipp uppi á sandhaug ásamt þríhjólínu mínu og hreykti mér þar eins og hani á haug. Á þessum árum var lítil og hæg umferð á Skaganum og mamma og amma voru að vinna í kartöflum og ég stalst út úr garðinum og út á götu.

Þær heyrðu bremsuískur og ruku til. Þá sáu þær að afi minn hafði verið sá sem bremsaði. Kom þar vel á vandan því ég var oft með honum í bíl og hafði gaman af. Afi segir við mig með miklum þunga að ég geti dáið ef ég sé að þvælast á götunni og þá fái ég aldrei að koma í bíl aftur. Það var lögn þögn en svo sagði sá stutti: „Jú afi, einu sinni enn, þegar ég fer í kirkjugarðinn.“ Það hummaði bara í þeim gamla eftir þessar upplýsingar.

Ég veit ekki hvort það er tilviljun, en þegar ég var kjörinn fjöllumdæmisstjóri Lions, var það í Hofi á Akureyri.

Þá gat ég sagt og bent á sjúkrahúsið uppi á brekku, þarna fæddist ég og síðan benti ég fram í fjörð og sagði þangað fór ég eftir fæðinguna og nokkur sumur á eftir.

Ég átti þrjár afa og þrjár ömmur. Á Skaganum, í Eyjafirði og í Reykjavík. Afi minn í Reykjavík var ættaður úr Fljótunum og þegar ég hætti sem fjöllumdæmisstjóri var það á þinginu á Sauðárkróki. Upphafid var í Eyjafirði og endirinn í Skagafirði.

*Benjamín Jósefsson*

## Minningabrot frá stríðsárunum

Einn vordagur fyrir réttum áttatíu árum stendur mér alltaf ljóslifandi fyrir hugskotssjónum. Ég er sjö ára gömul og kem röltandi utan frá bæjarlæknum á bernskuheimili mínu, Munkaþverá í Eyjafirði. Á bæjarstéttinni mæti ég Möggu frænku, föðursystur minni, sem var ekkja, bjó í eigin húsi á staðnum og var okkur systkininum sem önnur móðir. Hún er í blárósóttum kjól með ljósa skuplu á höfði og heldur á hvítri emaleraðri vatnsfötu. Ég sé strax á svip hennar að eitthvað voðalegt hefur komið fyrir. Hún segir hægt og rólega:

„Veistu það, Gígí mín, að Bretar eru búnir að hernema Ísland.“

Ég skil ekki vel orðið „að hernema“, en veit að öll orð sem byrja á „her“ tengjast stríði. Og undanfarnar vikur hef ég heyrt fullorðna fólkið tala um stríð í útlöndum og hættulegan mann sem heitir Hitler og aðra menn sem heita Sjössil og Rósvelt. Eru þeir nú kannski allir að koma til Íslands?

Nei, ekki var það nú svo slæmt. En ekki leið á löngu þar til fréttist að breskir hermenn væru komnir til Akureyrar og farnir að reisa þar skritin hús sem kölluðust braggar. Við sem áttum heima austanmegin við Eyjafjarðará gátum fylgst með braggahverfi rísa á Hrafnagili, hinum megin við ána, og sagt var að þar ætluðu Bretarnir að hafa spítala með læknum og hjúkrunarkonum. Og svo fóru þessir ungu Bretar í hermannaþúningum að láta sjá sig í sveitinni.

Einn daginn vorum við börnin að

leika okkur upp við braut, en það kölluðum við þjóðveginn sem lá ofan við túnið. Kemur þá ekki stórt ferlíki með skritnum hjólum utan veginn og fór mjög hægt. Þrír eða fjórir hermenn fylgdu ferlíkinu og beygðu niður vegarspottann að Munkaþverá. Rigningarveður hafði verið undanfarna daga og vegurinn, sem var að hluta hálfgerður moldarvegur, var eitt forarsvað. Ekki vildi betur til en svo að ferlíkið, sem ég vissi seinna að hét skriðdreki, sat fast í eðjunni. Við börnin sátum hinum megin við lækinn skammt frá heimreiðinni og horfðum undrandi og smeyk á aðfarirnar. Allt í einu kom einn hermaðurinn hlaupandi, stökk yfir lækinn og sagði eitthvað glaðlega við

okkur um leið og hann rétti okkur stærðar súkkulaðistykki sem við skiptum bróðurlega á milli okkar og fannst ljúffengasta súkkulaði sem við höfðum bragðað. En það skritna var að beltin á skriðdrekanum höfðu myndað eins konar sikksakk-munstur í gljúpa moldina og mér fannst það vera líkt munstrinu á súkkulaðinu.

Þegar Bretarnir voru búnir að koma sér fyrir á Hrafnagili brugðu þeir sér stundum yfir ána og heimsóttu fólkið á bæjunum þar. Eitt sinn birtust tveir ungir holdvotir hermenn á hlaðinu heima. Höfðu þeir synt yfir ána og voru með einhvern streng meðferðis, ef til vill stóð það eitthvað í sambandi við síma því það var símstöð á Munka-



Mynd af barnahóp í blómagarðinum á Munkaþverá 1945. Frá vinstri: Eysteinn Jónsson, Kristján H. Jónsson, Guðbjörg Jónsdóttir, Jón Eyþór Jónsson, Arnheiður Jónsdóttir, Sigmar K. Jónsson, Vilhjálmur H. Baldursson, Jakob Thorarensen, Stefán Þór Jónsson, Stefán Eiríkur Baldursson, Einar Jónsson.

*Einar Júlíus Hallgrímsson tók myndina*

þverá. Menirnir voru strax drifnir inn og gefið heitt kaffi. Eftir skamma stund birtust þeir úti á hlaði, þurrir og hreinir, klæddir í spariföt af Jóni Stefánsyni frænda mínum og einum vinnumanninum. En mest varð ég undrandi þegar ömmubróðir minn, Jón Jónsson sem kominn var yfir nírætt, var allt í einu farinn að spjalla við Bretana á reiprennandi ensku. Hann hafði gerst landnemi í Vesturheimi árið 1875, en kom heim þaðan árið 1930 og átti heima á Munkaþverá til dauðadags 1945.

Við krakkarnir þóttumst stundum vera að tala ensku og lærðum orð og orð eins og „Good morning“. Einar bróðir minn, sem var tveimur árum eldri en ég, sagði við mig að ég mætti aldrei segja „fokking“ við Bretana því þá miðuðu þeir byssu á mig. „Þú ert að plata mig,“ sagði ég. Nei, Einar hélt nú ekki. „Og ef þú segir „fokking bast“ þá skjóta þeir þig!“ bætti hann við.

Fleiri Bretar frá Hrafnagili bönkuðu á dyr á Munkaþverá og man Kristján bróðir minn eftir einum sem kom seint á vetrarkvöldi. Hafði hann greinilega reynt að fara á ís yfir ána og ísinn brotnað því hann var rennblautur og fötin hans freðin. Kristján man að maðurinn sat í þvottabala og mamma og pabbi voru að nudda hita í hann og klæða hann í þurr föt.

Það var einu sinni snemma morguns þegar fullorðna fólkið var nýkomið úr fjósinu að mamma stóð við eldhúsbekkin og var að hnoða brauð. Ég sat við kvistgluggann og var að greiða mér. Allt í einu snarast hermaður inn í eldhúsið, lágvaxinn og feitlaginn. Hann gengur beint að mömmu, sem snýr baki í hann, grípur í aðra rauðu þykku fléttuna og segir hátt: „Sittárklippa, sittárklippa“. Ég rak upp hljóð, hljóp til mömmu og sagði hátt: „Nei, nei!“ En mamma tók þessu rólega og sagði: „No, no, thank you,“ hún hafði lært svolítið í ensku. Maðurinn snerist á hæli og flýtti sér niður stigann og út á hlað. Fólkið var furðu lostið og síðar fréttist að maðurinn hefði komið á fleiri bæi í sveitinni og sagt þetta við alla, jafnvel gamlan hálfsköllóttan mann. Sagt var að maðurinn, sem var breskur hermaður á Hrafnagili, hefði nýlega misst unnustu sína og bilast á geði, en unnustan hefði verið mjög hárrúð. Núna dettur mér hins vegar í hug sú skýring á háttalagi

mannsins að hann hafi verið hárskeri og ætlað að bjóða fólki klippingu.

Ég held að Bretarnir á Hrafnagili hafi margir hverjir gert sér far um að hitta fólkið í sveitinni og þess vegna ekkert vílað fyrir sér að vaða eða synda yfir ána. Ekki heyrðist annað en að þeim væri vel tekið og boðnar góðgerðir. Flestir voru þeir kornungir menn, langt í burtu frá fjölskyldum sínum, komnir í land þar sem þeir skildu ekki orð í tungumálinu. Sumir

komu aftur og aftur á sama bæinn og höfðu með sér gjafir til að launa fyrir góðar móttökur. Ég man eftir niðursoðnu svinakjöti í dósum sem ég fékk að smakka hjá Siggu frænku minni á Borgarhóli, en hún tók öllum sem þar bar að garði af sinni alkunnu hlýju og gestrisni. Hún og Jón maður hennar eignuðust tvo góða vini meðal Bretanna sem höfðu gaman af að heyra Jón spila á harmóníku og lærðu handtökin við mjaltirnar af Siggu.



Mynd tekin við bæjarlækinn á Munkaþverá 1940. Fremri röð frá vinstri: Einar Jónsson, Kristín Jónsdóttir. Aftari röð frá vinstri: Eva Kristjánsdóttir (móðursystir barnanna), Kristján H. Jónsson. Gullveig Valtýsson tók myndina.



Mynd tekin í Mögguhúsi á Munkaþverá 2018. Kristín Jónsdóttir í eldhúsinu í Mögguhúsi.

Una Margrét Jónsdóttir tók myndina.

Það lá í loftinu hræðsla um að Þjóðverjar mundu gera loftárás á Ísland og að mesta hættan á þessum árásum væri í Reykjavík og líka á Akureyri. Reynt var því að koma sem flestum börnum út í sveit og vissi ég um mörg kaupstaðarbörn í sumardvöl. Einnig voru mæður og ömmur frá Akureyri með börn tíma og tíma á bæjum þar sem var nóg húsrými. Mér telst til að eitt sumarið hafi verið samtals 20 aðkomubörn og 9 mæður og ömmur þeirra á Munkaþverá, en þar var fjórbýli og auk þess kom að góðum notum Ungmennafélagshúsið, einnar hæðar timburhús sem byggt var í kringum 1924. Oft var mikið fjör í leikjunum með þessari viðbót leikfélaga.

Á fyrstu árum stríðsins var farið að gera svokallaðar loftvarnaræfingar með hljóðmerkjum. Ég var einu sinni í heimsókn hjá ömmu minni, sem bjó á Akureyri, og við fórum niður á eyri til vinafólks hennar. Við sátum þar við kaffiborð þegar skyndilega heyrðist hátt píp. „Niður í kjallara, niður í kjallara!“ kallaði húsmóðirin og niður fórum við öll, líklega átta manns, og skriðum þar undir stórt gamalt borð. Loks hætti hljóðið jafn skyndilega og það byrjaði. Mér fannst þetta ógnvekjandi og spennandi í senn.

Brátt fór að heyrast um ungar stúlkur sem væru trúlofaðar Bretum og væru á leið til Englands til að setjast þar að. Ég man að á Akureyri heyrði ég talað um stúlku sem eignaðist barn og þá var sagt: „Því miður er hún ekki trúlofuð, barnið er Bretabarn, en þetta er víst myndarlegasta barn.“

Um þetta leyti vorum við býsna mörg frændsystkinin á Munkaþverá á svipuðu reki og lékum okkur mikið fimm til sjö saman. Oft vorum við í mömmuleik með brúðurnar okkar og þá stofnuðum við fjölskyldur: pabbi, mamma og eitt eða tvö börn, en það voru brúðurnar. Sigrún Gunnlaugsdóttir vefnaðarkennari var vetrarpart á Munkaþverá að vefa fyrir kvenfélagskonur og við vorum einu sinni í mömmuleik með brúðurnar nálægt vefstólnum. Sigrún sagði síðar mömmu minni frá því að hún hefði heyrt Einar bróður minn segja: „Það vantar einn pabba. Mömmurnar eru fjórar: Gígí, Bibí, Heiða og Hulda, en pabbarnir bara þrír: ég, Kristján og Stebbi.“ Þá



Mynd tekin 2019. Kristín Jónsdóttir á tröppunum á Munkaþverá. Una Margrét Jónsdóttir tók myndina

átti ég að hafa svarað: „Þetta er allt í lagi. Barnið er bara Bretabarn.“

Ekki man ég eftir því að ég heyrði talað niðrandi um þessar stúlkur sem sumar voru af menntuðu og efnuðu fólki og unnustinn ekki af verri endanum. Samt þótti mörgum óæskilegt að stúlkur kæmst í of mikil kynni við Breta og man ég til dæmis eftir einni stúlku sem send var til dvalar á bæ í sveitinni, sennilega til þess að koma henni burt úr sollinum á Akureyri. Þetta var stórglæsileg stúlka, 16-17 ára, og foreldrar hennar vel efnað fólk á Akureyri. Bærinn sem hún dvaldist á var gamall torfbær, en ekki var ætlast til þess að hún ynni þar við sveitastörf. Þetta var sólrikt sumar og stúlkan notaði sér það vel með því að liggja í sólbaði í sundbol. Fóru svo að heyrast þær sögur að þegar hún væri í sólbaði hefðu Bretarnir á Hrafnagili flýtt sér niður að ánni með sjónauka til þess að horfa á hana.

Vafalaust hefur verið erfitt fyrir ungu hermennina að vera langt í burtu frá fjölskyldum sínum, en Íslendingar sem átta börn eða náið skyldfólk í útlöndum átta líka erfitt á þessum tíma, einkum þeir sem átta skyldmenn í

löndum sem voru hernumin af Þjóðverjum. Kristjana móðursystir mín, kölluð Nana, var nýkomin til Kaupmannahafnar þegar stríðið skall á og frétti amma mín ekkert af henni allan tímann meðan Danmörk var hernumin því engin bréf bárust á milli. Eina lífsmarkið voru jólakveðjur sem bárust frá Íslendingum í Kaupmannahöfn fyrir jólin á vegum Rauða krossins og voru lesnar í útvarp. Ein jólin var amma hjá okkur á Munkaþverá og man ég hvernig hún fylgdist með kveðjunum milli vonar og ótta. Ekkert stóð þó í kveðjunum annað en „Gleðileg jól“ og nafnið, en það nægði til þess að amma vissi að Nana var á lífi. Önnur frænka mín bjó líka í Kaupmannahöfn og var gift dönskum manni. Einu sinni eftir jólakveðjunnar sagði amma mín: „Það er komið nýtt nafn í jólakveðjuna frá Nönu. Hún er greinilega búin að eignast annan dreng.“

Ég man hve fögnuðurinn var mikill hjá öllum þegar stríðinu lauk loksins árið 1945. En mest var gleði ömmu minnar að sjá nú loksins fram á að hitta dóttur sína eftir sex ára aðskilnað.

*Kristín Jónsdóttir*

# Sendibréf úr sveitinni 1937

*Bréfitari, Finnur Jóhannesson Ytra Laugalandi (f. 11. ágúst 1907 - d. 17. nóv. 1984) endar skrif sín á því að biðja viðtakanda, Theodór Kristjánsson á Ytri-Tjörnum (f. 12. mars 1908 - d. 1. maí 1994), sem þarna dvelur í Reykjavík hluta úr vetri, þess lengstra orða að láta ekki nokkurn mann sjá þessi skrif sín. Theodór stóð við það, en geymdi bréfið, átti enda bággt með að fleygja nokkru lesmáli og því er það nú, rúmum 83 árum seinna á mínu borði. Mér fannst fróðlegt að lesa þetta, því fyrir utan sígilt umræðuefni ungra piparsveina, kvenfólk og brennivín, gefst hér nokkur innsýn í félagslífið í sveitinni.*

Til skýringar: Sigrún sú er við sögu kemur, mun vera Sigrún Ingólfsdóttir vefnaðarkennari frá Fjósatungu í Fnjóskadal, sem þarna hefur væntanlega unnið að undirbúningi Húsmæðraskólans á Laugalandi sem hóf starfsemi seinna þetta sama ár. Hún giftist síðar Kristjáni Karlssyni sem lengi var skólastjóri Bændaskólans á Hólum. Grýtu-biskupinn og Jónsi eru einn og sami maðurinn þ.e. Jón Arason Jónsson á Grýtu. Jónas Halldórsson á Rifkelsstöðum hefur verið formaður umf. Ársólar. Um Helga í Reykhúsum fann ég engar heimildir. Auk þess kom við sögu tvær konur sem ég kann engin deili á og kys því að leyna nöfnum þeirra (X og Y). Þjálfvi var skákfélag sem starfaði beggja vegna Eyjafjarðarár. Mér finnst rétt að láta stafsetningu Finns standa að langmestu leyti, svona til að innramma tíðarandann.

*Ólafur Theodórsson.*

Gefum nú Finni orðið:

Laugalandi 1. mars 1937

Góði vin.

Jeg þakka þjer kærlega fyrir brjefið þitt, og alt gamalt og gott. Það eru fáar frjettir sem jeg hef að segja þjer, en eitt-hvað ætla jeg að reyna að tína til. Það hefur verið versta tíð, þessa síðustu viku, sífeldar stórhriðar og frosthörkur, svo það hefur ekki verið hægt að halda samkomur fyrir ótíð. Þeir ötluðu að leika á Þverá núna um helgina en máttu fresta því vegna ófærðar og illviðra.

Svo jeg er í versta skapi í dag, en biðum við, mjer verður lítið útum gluggann hjá mjer, og sje jeg þá ekki hvar hún Sigrún er að trítla upp í skóla, hún er nefnilega að vefa þar, og það er eins og allt ergelsi hverfi úr huga mínum bara við að sjá hana tilsýndar. Það vildi jeg að jeg kynni að vefa, jeg skildi þá sveimjer hjálpa henni til. Hvernig heldurðu að manni verði innan brjóstis seinna

meir þegar maður sjer þeim verða hleypt einum 30 útúr skólanum, og þær breiða sig um túnið eins og rollur á beit.

Jeg ætla að segja þjer ofurlítið frá samkomunni sem haldin var á Þverá stuttu eftir að þú fórst. Jeg skemti mjer þar mjög vel, nema hvað jeg fór anskolli halloka fyrir Grýtubiskupinum, en jeg skal nú jafna það upp aftur þó seint verði. Það var nefnilega eins og fyrri daginn að við vildum helst báðir dansa alltaf við eina dömuna, þú veist hver hún er. Þetta gekk alt sæmilega vel svona framanaf, svo tók jeg altíeinu eftir því að skolli var sestur svo skratti makráður við hliðina á henni úti horni og gott ef hann hjelt ekki utanum hana. Jeg var nú svona þjettkjendur þarna, og ef þú þekkir nú manninn rjett, þegar hann er í svoleiðis stemningu, þá verður þjer nú að skiljast það að jeg muni ekki hafa látið þau vera lengi í svona stellingum, jeg bara tók hana hispurslaust af honum, og dansaði við hana dans eftir dans þangað til jeg var orðinn kúguppgefinn, en þá ætlaði jeg að vera slóttugur og setti hana niður í allt annað horn, en viti menn, þegar jeg er rétt búinn að sleppa henni þá gerir hún sjer hægt um hönd og röltir til Jónsa og sest hjá honum, og þá skil jeg ekkert í mjer að jeg skildi ekki óðara taka hana aftur, já svona fór um sjóferð þá, hugsaði jeg með mjer og snaraði mjer út í bíl og fjekk mjer duglegan snabba.

Það er búíð að sýna Karlinn í kassanum 3svar sinnum fyrir troðfullu húsi í öll skiftin, og gera menn góðan róm að. Jeg fór í annað sinn sem hann var leikinn, og skemti mjer ágætlega, því þar var líka fröken X, en jeg var nú ekki alveg einn um hituna frekar en fyrri daginn, Helgi í Reykhúsum þurfti nú eitthvað að þefa af henni líka. Jeg verð að fara að fá mjer rýting eða skammbyssu til að geta firað á þessa kalla þegar þeir ætla að gerast úr hófi nærgöngulir.



*Theodór Kristjánsson t.v. og Finnur Jóhannesson.*

Það hefur verið heldur lítið teflt í Þjálfva síðan þú fórst, enginn taflfundur, og ekkert teflt út á við, jeg hef teflt eina kappskák við bróður minn, og hana vann jeg auðvitað.

Jónas er búinn að gera tvær tilraunir til að koma á aðalfundi Ársólar, en í hvorugt skiftið tekist fyrir illviðri. Jeg býst við að fara í borgina á morgun, og þá ætla jeg mjer rjett að rukka strákinn ef mögulegt er, og svo fæ jeg mjer auðvitað í staupinu fyrir 10 kallinn. En svo langar mig til að biðja þig ef þú ættir hægt með það, að finna fyrir okkur Jósef Thorlacius og rukka hann um 30 kr. sem pabbi á hjá honum, fyrir engjalán, síðan hann var á Sigtúnunum.

Þú ert ekki mikið að hafa fyrir því að segja mjer frá kvennafari þínu þarna fyrir sunnan, því ekki læt jeg mjer nú detta annað í hug en að þú prófir nú Reykjavíkurdömunar eitthvað. Það fór nú ein nýgift heimasæta að spyrja mig að því hvað þú hefðir farið að gera suður, hvort þú hefðir farið að útvega þjer konu. Jeg sagði að mjer þætti það ekkert ólíklegt, þegar allar bestu heimasæturnar fyrir norðan færu í hundana, þá gæti þú og þínir líkar ekki verið að leggja sig niður við úrganginn, sömuleiðis sagðist jeg fara á eftir ef þjer gengi vel. Þeir eru að segja að Y vinkona okkar frá Z sje að verða skolli þykk yndir belti.

Jeg held annars að jeg megi fara að hætta þessu rugli, jeg veit að þjer alveg hundleiðist það. Jeg bið þig svo að brenna þessum skeklum og treysti því að þú látir ekki nokkurn lifandi mann sjá þetta.

Vertu bless og hafðu það gott.

Finnur

# Frá sóknarnefnd Kaupangskirkju

*Fyrsta orgel Kaupangskirkju og tengsl þess við Sigtrygg Guðlaugsson frá Þröm.*

Þann 20. september síðastliðinn var Kaupangskirkju fært að gjöf orgel sem talið er að sé fyrsta orgel sem komið hafi í kirkju í Eyjafjarðarsveit. Viðar Orri Hauksson afhenti orgelið en það hafði verið í eigu hans og fjölskyldu hans um árabíl og hafði fyrir nokkru verið gert upp. Petra Björk Pálsdóttir organisti lék á orgelið í guðsþjónustunni 20. september sl.

Orgelið kom fyrst í Kaupangskirkju vorið 1879 og var leikið á það í fyrsta sinn við fermingu það vor. Það voru hjónin Guðný Jónsdóttir og Guðlaugur Jóhannesson bændur á Þröm sem keyptu það til kirkjunnar. Á Þröm mun hafa verið menningarheimili og þar var til langspil.

Synir þeirra hjóna voru gefnir fyrir tónlist og sýndu snemma hæfileika í þá átt. Sigtryggur Guðlaugsson var kostaður til náms í orgelleik hjá Magnúsi Einarssyni á Akureyri haustið 1878 og varð í framhaldi af því námi söngstjóri Kaupangssóknar og gegndi því starfi í 10 ár og hafði umsjón með sönglífi sóknar allan þann tíma. Sóknarnefnd Kaupangskirkju þakkar Víði Orra Haukssyni og fjölskyldu hans fyrir þessa einstöku gjöf.



*Orgelið.*



*Viðar Orri við orgelið.*



*Haukur Harðarson, Viðar Orri Hauksson, Halla Gunnlaugsdóttir og Helga Gunnlaugsdóttir.*

*Ljósmyndir: H. María Haraldsdóttir*





*Gleðileg jól*

Skógræktarfélag  
Eyfirðinga óskar öllum gleðilegra  
jóla og skjólsældar á nýju ári.  
Félagið fagnaði 90 ára afmæli í  
ár- elst starfandi skógræktarféлага  
á landinu. Við fögnum ávallt nýjum  
félögum en hægt er að sækja um  
adild á  
[stjornekjarnaskogur.is](http://stjornekjarnaskogur.is)

  
SKÓGRÆKTARFÉLAG  
EYFIRÐINGA

## *Kæru sveitungar og nærsveitamenn*

Við þökkum kærlega fyrir frábærar  
viðtökur á því herrans ári 2020.

*Við óskum ykkur gleðilegra jóla og hlökkum  
til að hitta ykkur á nýju ári.*

Matarstígur Helga magra

[www.matarstigur.is](http://www.matarstigur.is)



*Helgi magri*



# Allt fram streymir endalaust – eða eðlilegar breytingar?

**1965:** Austurhlíð, Ytri-Varðgjá, Syðri-Varðgjá, Eyrarland, Brúarland, Leifsstaðir, Fífilgerði, Króksstaðir, Arnarhóll, Kaupangur, Þórustaðir I, Þórustaðir II, Brekka, Svertingsstaðir, Gröf, Ytri-Hóll I, Ytri-Hóll II, Hjarðarhagi, Syðri-Hóll, Garðsá, Þverá I, Þverá II, Jódísarstaðir, Höskuldsstaðir, Garður, Staðarhóll, Öngulsstaðir I, Öngulsstaðir II, Öngulsstaðir III, Björk, Tjarnaland, Ytri-Tjarnir, Háagerði, Hóll, Ytra-Laugaland, Syðra-Laugaland, Klauf, Uppsali, Sigtún, Grýta, Munkaþverá, Rifkelsstaðir I, Rifkelsstaðir II, Litli-Hamar, Kambur, Stóri-Hamar I, Stóri-Hamar II, Bringa, Rútsstaðir/Akur, Sámsstaðir.

**1990:** Kaupangur, Brekka, Svertingsstaðir, Gröf, Ytri-Hóll II, Garðsá, Þverá, Jódísarstaðir, Garður, Staðarhóll, Öngulsstaðir II, Öngulsstaðir III, Ytri-Tjarnir, Ytra-Laugaland, Klauf, Uppsali, Sigtún, Munkaþverá, Rifkelsstaðir I, Rifkelsstaðir II, Kambur, Stóri-Hamar I, Bringa, Akur, Sámsstaðir.

**2015:** Svertingsstaðir, Garðsá, Garður, Ytri-Tjarnir, Klauf, Sigtún, Munkaþverá, Rifkelsstaðir I, Rifkelsstaðir II, Kambur, Stóri-Hamar I, Bringa, Rútsstaðir.

Hvaða upptalning er þetta eiginlega? Þetta er fjöldi bæja í gamla Öngulsstaðarhreppi þar sem voru fjós sem framleiddu mjólk til sölu á árunum 1965 til 2015. Efst er staðan eins og hún var um 1965 eða í 50 fjósum. Næst um 1990 í 26 fjósum og neðst þeir 13 bæir þar sem voru fjós í mjólkurframleiðslu 2015. Tekið skal fram að hér er ekki um hávísindalega úttekt að ræða þannig að einhverju kann að skeika í fyrri tímasetningunum. Samkvæmt þessu fækkar fjósum í framleiðslu á svæðinu um helming á hverjum 25 árum. Þá er spurningin: Hvað verða fjósin mörg 2040?

Hér er verið að fjalla um framleiðslu á mjólk til sölu. Kyrnar voru búnar að halda í okkur lífinu frá upphafi Íslandsbyggðar áður en mjólkinn varð söluvara.



Með aukinni mjólkurframleiðslu komu mjólkurbílnir. Þeir önnuðust einnig fólksflutninga: Hér er verið að fara í skemmtiferð frá Öngulsstöðum.

Við skulum skoða þróunina í gamla Öngulsstaðahreppi aðeins betur. Sett var á fót rjómbú að Þverá upp úr aldamótunum 1900. Það starfaði einungis í nokkur ár. Væntanlega vegna þess að þá fóru bændur að selja mjólk beint til neytenda á Akureyri: Fyrst bændurnir hver fyrir sig en lögðu inn í Mjólkursamlag KEA eftir að það var stofnað 1927.

Lítum aðeins nánar á þetta út frá þróuninni á einum bæ, Öngulsstöðum. Í þessari umfjöllun er Staðarhóll talinn með Öngulsstöðum en bærinn var byggður í landi jarðarinnar 1929. Þegar grafið var fyrir djúpflórum í fjósi á Öngulsstöðum um 1970 kom í ljós að þar undir voru flórar úr tveim eldri fjósum. Vitað er að þar var byggt fjós og hlaða 1930. Hlaðan stendur enn en fjósið var rífið þegar nýtt var byggt 1946. Hvenær fyrsta fjósið á þessum grunni var byggt er ekki vitað en á mynd sem tekin er um aldamótin 1900 er þar engin bygging. Í stuttu máli virðist þróunin vera þessi á Öngulsstöðum: Eftir að rjómbúúð leggur upp laupana upp úr 1910 er farið að selja mjólk í litlum mæli beint til neytenda á Akureyri; hugsanlega nokkur þúsund lítra á ári. Við stofnun mjólkursamlagsins 1927 er bætt í. Svo hefst hröð þróun: Á árunum 1929 til 1934 eru byggð þrjú fjós á jörðinni með samtals á milli 40 og 50 básum og upp úr því má ætla að innlegg hafi hratt stefnt í 80 til 100 þúsund lítra samtals á búnun.

Sama þróun varð á öðrum bæjum í sveitinni upp úr 1930 og áður en varði hafði kýrin sem um aldirnar hafði lagt sveitunum til grunnnæringu orðin undirstaða ræktunar og uppbyggingar sem átti sér ekki hliðstæðu í búskaparsögu landsins. Jarðýtur, skurðgröfur og seinna heimilistraktorarnir breyttu úthaga og fúamýrum í ræktað land og útihús og ný íbúðarhús þutu upp. Á básunum stóðu svo kýrnar alls ómeðvitaðar um hvaða byltingu þær höfðu komið af stað.

Til að klára þróunarsögu fjósa til mjólkurframleiðslu á Öngulsstöðum þá virðist hún vera eitthvað á þessa leið: Fyrst er byggt fjós til að framleiða mjólk til sölu um 1910. Þá kemur uppbyggingin um 1930 með 40 til 50 básum eins og áður sagði. Frá 1946 til 1952 er aftur byggt og eftir það eru rúmlega 100 básar í fjósunum á jörðinni. Næsta skref er síðan um 1975 og þá eru básarnir orðnir 150 í fjórum fjósum.

Í dag er ekkert fjós í mjólkurframleiðslu á Öngulsstöðum en þó hefur aldrei verið framleidd meiri mjólk af Öngulsstaðalandi en í núna. Framleiðslan fer að vísu öll fram í einu fjósi, byggðu 2007, sem stendur í Garði: Nýbýli sem byggt var út úr Jódísarstöðum upp úr 1950. Samkvæmt þessu hafa fjósbyggingar verið endurnýjaðar fimm sinnum með tuttuðu ára millibili að meðaltali á þessum rúmu hundrað árum síðan mjólkursala hófst á jörðinni. Nú styttist í að

nýja fjósið í Garði verði 20 ára. Hvað tekur við þá? Vonandi höfum við lært af þróun síðustu aldar og fjósin í dag orðin sveigjanlegri byggingar sem geta betur aðlagast breyttum aðstæðum enda hafa tímabilin milli byggingarskeiða lengst með árunum.

Hvaða breytingum finnum við fyrir í okkar daglega lífi við þessi miklu umskipti? Það er ekki framleidd minni mjólk í sveitinni en áður en bara á miklu færri stöðum og með færri höndum. Stóra breytingin er væntanlega að lífsklukkan stýrist ekki lengur af mjöltum kvölds og morgna: Hittumst eftir morgunmjaltir, söngæfing þegar allir eru búnir í fjósi og dansað þar til þurfti að fara heim í mjaltir. Nú er lífsklukkunni í sveitinni stýrt af því hvenær skóla lýkur á daginn, skrifstofur loka á Akureyri eða jafnvel hvenær frystitogari kemur að landi eða bíúð að slá frá steypuvirki gærdagsins.

Annar lærdómur er væntanlega hvað allt er hverfult: Okkur er svo tamt að



*Hér er mynd af Öngulsstaðartorfunni tekin um 1940. Útihúsin eru skemmtileg blanda af 19. og 20. öld. Torfið enn við líði en bíúð að byggja þrjú steinsteypt fjós og mjólkurframleiðsla orðin uppistaðan í búskapnum.*

finnst það sem er í dag muni vara um aldur og ævi. Einnig sjáum við hvað hratt er hægt að bregðast við. Tækifærið til að nýta ört stækkandi markað fyrir búvörur var gripið og nýtt til ótrúlega hraðra breytinga í búhátum á fyrri hluta síðustu aldar. Á örfáum árum breyttust sjálfsþurftarbúin í framleiðslueiningar þar sem

kýrin var undirstaða breytinganna. Leynast einhver hliðstæð tækifæri í umhverfi okkar hundrað árum seinna? Tækifæri sem við tökum ekki eftir í amstri dagsins. Öngulsstöðum nóvember 2020.

*Jóhannes Geir Sigurgeirsson*

*Öskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum gleðiríkrar jólahátíðar og farsældar á nýju ári.*

*Þökkum góð samskipti á árinu sem er að líða.*

*Starfsfólk Norðurorku*

*Jól 2020*





NORÐURORKA

VIRÐING – FAGMENNSKA – TRAUT

# Bændur flugust á

## Sönn eyfyrsk sakamál

**Bann 29. maí árið 1793 hélt Jón Jakobsson sýslumaður í Eyjafirði venjulegt manntalsþing í Saurbæ. Á þinginu fóru fram hefðbundin þingstörf en undir lokin kom Jón Jónsson, bóndi á Skáldstöðum fram og lýsti því „að Bjarni á Gilsá hafi næstliðinn föstudag lagt á sig hendur í fjárhúsum á Skáldstöðum og úti hafi hann af hans völdum verið hruflaður í andliti, blóðugur og bólginn, hvað hann segir Grímur í Villingadal og Ívar í Hólakoti hafi þar staddir séð á andliti hans...“**



Valdimar Gunnarsson.

Bjarni Hallsson á Gilsá lýsti því þegar yfir að þetta væri lygi og þar sem ekki lá beinlínis fyrir stefna í málinu var því frestað í bili uns stefnt hefði verið – ef málsaðilar sættust ekki í millitíðinni.

Ekki varð af sáttum og því var réttað í málinu í Saurbæ 21. október sama ár. Þar voru leidd fram nokkur vitni, Ívar Þórðarson í Hólakoti, Grímur Magnússon í Villingadal ytri, Davíð Tómasson á Kolgrímastöðum og Sigurður Oddsson1, líklega á Kolgrímastöðum og Jón Jónsson á Æsustöðum. Ekki gátu málsaðilar, Jón á Skáldstöðum (reyndar kominn í Æsustaði þegar þetta réttarhald fer fram) og Bjarni á Gilsá fengið málsvara til að flytja málið og því lagði Jón Jónsson sjálfur fram nokkrar spurningar sem hann óskaði að vitnin svöruðu:

1. Sáuð þér Jón Jónsson á Skáldstöðum í fjárhúsi þar næstliðinn 24ða maí þegar Bjarni á Gilsá með Sigurði og Davíð frá Leyningi voru að uppskrifa þeirrar jarðar hús?
2. Kom Jón á Skáldstöðum ekki þar inn í húsið þrjónandi sokk?
3. Talaði hann nokkuð til Bjarna eður Bjarni til hans eður hvaða orð voru það sem þér heyrðuð þá talast við?
4. Gekk ekki Bjarni út úr fjárhúsinu eftir Jóni reiðuglega og hvaða orð hafði hann þá við Jón?
5. Sá vitnið ekki eður formerkti að Bjarni á Gilsá sendi bæði óþægileg orð og verk utan og innan fjárhúsið Jóni á Skáldstöðum sama dag?
6. Sá vitnið Jón á Skáldstöðum ekki hruflaðan á nefinu og blóðugan og vörina á honum bólgna og blóðuga?

7. Kvartaði Jón á Skáldstöðum nokkuð um að Bjarni á Gilsá hefði misboðið sér í orðum eður verkum þann dag?

8. Var jörðin reglulega úttekin með friði og skikkanlegheitum af Bjarna og hans mönnum að Jóni viðveranda?

9. Var Bjarni Hallsson nokkuð drukkinn eða hindraður af brennivíni þann dag?

10. Flúði Jón ekki undan Bjarna og frá honum utan fjárhúsið sama staðar?

Vitnin sverja því næst eið að því að svara samkvæmt sannleikanum einum. Af svörum þeirra er ljóst að þau vilja heldur segja færra en fleira – eins og margra Eyfirðinga er síður – og þá sérstaklega Sigurður Oddsson. En spurningarnar voru vissulega dálítið leiðandi enda bentu flest svörin eindregið til þess að ákæra Jóns ætti við talsverð rök að styðjast.

Bjarni á Gilsá óskar eftir því að mega kalla til Magnús nokkurn í Kaupangi sem verjanda sinn í málinu en rétturinn hafnar því. Bjarni kveðst ekki „vera í standi“ til að verja mál sitt sjálfur en það kallar rétturinn „útflugtir“ því Bjarni sé með skýrari mönnum í þingsókninni (hreppnum). Jóni á Skáldstöðum hafði verið skikkaður talsmaður í málinu, nefnilega Bjarni Jónsson í Gullbrekku en hann afsakaði sig með því að hann væri eins konar vitni í málinu – líklega sem stefnuvottur. Flutti því Jón mál sitt sjálfur sem áður segir.

Að loknum vitnaleiðslunum leitaði sýslumaður eftir því hvort sættir gætu tekist en því fór fjarri. Bjarni á Gilsá lagði reyndar fram skriflegt tilboð þar sem hann kveðst geta sæst ef Jón á Skáldstöðum bjóði bætur fyrir þennan ófrið við sig og yrði sektaður fyrir að

hafa farið með rangt mál. Jón á Skáldstöðum neitar með öllu slíkri sætt og var því rétti frestað til næsta dags.

Daginn eftir, þann 22. október reifaði sýslumaður málið. Í þeirri málsreifun kemur fram að Jón hafi verið háflaslenn þennan umrædda dag og hafi e.t.v. verið nauðugt að flytja frá Skáldstöðum. Framburð vitnanna dregur sýslumaður saman á eftirfarandi hátt:

Þau innstefndu vitni

Ista Ívar Þórðarson sverja og sanna það saknæmt

- a. að Jón hafi beðið Bjarna að rífa ekki af sér spjarirnar þegar hann fór út úr fjárhúsinu.
- b. að [hann] hafi séð Jón hruflaðan á andliti og vörina bólgna.
- c. að Jón hafi lýst Bjarna valdan þeirra örkumsla á andlitinu þegar hann kom aftur til þeirra.
- d. [að] Jarðarúttektin hafi verið óend-anleg [þ.e. ekki verið lokið].
- e. [að] Bjarni hafi verið lítið glaður af brennivíni.

2 að Grímur í Villingadal vitnar sömuleiðis að Jón útgangandi úr fjárhúsinu hafi beðið Bjarna að rífa ei af sér leppana, segist hafa séð hruflur á nefinu á Jóni og vörina bólgna, samt heyrt Jón lýsa því að þetta væri af Bjarna völdum þá hann og hafi séð að Bjarni hafi brennivín smakkað og þeir báðir fljótlega út gengið.

3ja Davíð á Kolgrímastöðum sver og vitnar að Jón hafi af Bjarna verið handtekinn yfir öxlina þá Jón hafi sagt til Bjarna ríffðu ei af mér leppana, samt séð rauðleitan blett á nefi Jóns öðru megin og heyrt hann lýsa því að Bjarni væri valdur þeirra örkumsla sem hann hefði fengið.

1 Fyrrum bóndi á Þórustöðum í Kaupangssveit, faðir Júditar í Gröf og Rutar í Kaupangi – Ljósavattnssystra.

*Bjarni hefði og víst smakkað brennivín.*

*4rða Sigurður á Kolgrímastöðum sá Jón hruflaðan á nefinu.*

*5ta Jón Jónsson á Æsustöðum sá Jón og Bjarna utan fjárhúsið í flangsi og Jón þar eftir hruflaðan og blóðugan á nefinu öðru megin sem hann var ekki áður.*

Í ljósi þessara vitnisburða telur sýslumaður sannað að margnefnd meiðsli Jóns á Skáldstöðum hafi verið af völdum Bjarna á Gilsá. Raunar sé ekki fullsannað allt það sem Jón klagði upphaflega, þ.e. á manntalsþinginu í Saurbæ en engu að síður skuli Bjarni biðja Jón afsökunar á að hafa kallað hann lygara og gjaldi auk þess í fátækra-kassa hreppsins 48 skildinga fyrir slíkt orðbragð.

Eitthvað hefur sýslumaður verið orðinn styggur við þetta réttarhald því þegar hér er komið stendur í þingbókinni:

*... hefur verjandi sakarinnar, Bjarni Hallsson, undir gærdags dato látið framleggja seðil áhrærandi ósannferðugheit Jóns Jónssonar eftir af honum uppáhrópuðum eidfestum vitnum en soddan heimiska og ógrundaður hégómi sem prosessinn finnur að ekki kann að takast í yfirvegan getur ekki komið í aðgæslu fyrir þessum rétti og sama er að segja um so kallað forlíkunar [sátta] tilboð því hvort tveggja verður að teljast eins.*

Fyrir áverka þá sem lýst hefur verið dæmist Bjarni á Gilsá til að greiða Jóni, áður bónda á Skáldstöðum en nú á Æsustöðum, 9 lóð silfurs fyrir sár í andliti [á nefinu] og 4 lóð silfurs fyrir bólgnu vör, samtals 6 rikisdali og 72 skildinga. Auk þess skal hann svara í málskostnað 2 rikisdöllum og 32 skildingum og skal allt þetta greiðast innan 6 vikna frá uppkvaðningu dóms.

### Eftirmáli

Þessu máli var ekki alskostar lokið með þessum dómi. Í lok dómsins er það tekið fram að „*sú óheyrilega breytni fólksins á Gilsá við stefnunnar publication [birtingu]...*“ skuli athugast hjá æðri yfirvöldum og biður það síns tíma.

Stefnuvottar hreppsins voru Bjarni Jónsson í Gullbrekku og Benedikt Björnsson á Arnarstöðum og höfðu þeir þann 7. október birt stefnu í þessu máli á Gilsá. Jón Jónsson, fyrr Skáldstaðabóndi, hefur þá verið í för með stefnuvottum – og er lagður fram vitnisburður stefnuvottanna um framkomu heimilisfólks á Gilsá við Jón.

*1. Ingveldur, móðir Bjarna H[alls]s[onar]. vildi ei taka kveðju Jóns þá hann vildi heilsa henni heldur skammyrti hann og sagðist aungvan fals- eður Júdasar koss þiggja vilja þar hann sem réttur andskotans hermaður ofsækti Barnið sitt.*

*2. Þorsteinn vinnumaður brigslaði Jóni um eitthvað sem stefnuvottarnir ei segjast muna og sagði það upphaf hans skammarverka.*

*3. Var Jóni borinn grautur og skyr neðan í kollu þá Ingveldur líka hélt áfram sínu tali við Jón og stefnuvottarnir sáu til hans, var hann skyri slettur á vinstri kinninni en Þorsteinn hélt á spæni.*

*4. Tók Ingveldur enn aftur að tala til Jóns, talaði þá Bjarni til hennar og bað móður góða að gegna aungvum þrælum.*

*5. Sáu stefnuvottarnir skyrslettu á baki Jóns þegar hann gekk út þá og líka sessa hans og hnakkur var með vatni vættur og svívirtur etc.*

Þetta er allt talin svívirðileg framkoma og skoðuð sem móðgun við réttarins þjóna en er að vísu ekki kærð í þetta sinn og hefur að líkindum heyrt undir amtmann sem var yfirvald sýslumannsins og réttarvitnanna.

Á manntalsþinginu í Saurbæ þann 21. maí 1794 kvartar Jón á Æsustöðum um að

*„Bjarni á Gilsá hafi enn ekki fullnægt þeim afsagða héraðsdómi hér næstliðið haust. En þar hann tjáist forfallaður og mætir ekki fyrir réttinum kann ekki þar um trakterast að þessu sinni.“*

Ekki verður séð í bókum að það mál hafi verið rekið frekar né heldur hvað amtinu hefur sýnst að álykta um framkomu Gilsárfólksins þegar þeim var birt stefnan forðum.

Eins og þessi málarekstur birtist í dóma- og þingbókinni virðist nokkurrar vorkunnsemi gæta í garð Jóns Jónssonar. Að því er látið liggja að honum hafi verið nauðugt að hverfa frá Skáldstöðum, og bókað er:

*... hafi Jón heilsulasinn og einmana við þeirra forretningu þar verið þá réttinum er eigi ókunnig viðkomandi [þ.e. Bjarna] amasemi við saksóknarann [Jón Jónsson] næstliðið ár.*

Þetta lítur að vísu út eins og bæjaslúður en sýslumaður lætur sér sæma að bókfesta orðin engu að síður. Aftur á móti sést engin samúð með Bjarna Hallssyni og kann framkoma Gilsárfólks hafa spillt nokkuð fyrir hans málstað.

Þegar kannaðar eru aðrar heimildir um helstu persónur og leikendur í þessu fjárhúsadrama kemur reyndar svolítið önnur mynd fram.

Bjarni Hallsson á Gilsá ( f. 22. ágúst 1747, d. 20. apríl 1833) var í röð bestu bænda í Saurbæjarhreppi á sinni tíð og auk heldur kemur fram í þingbókinni að hann sé með skýrari mönnum í þingsókninni (hreppnum) og þess vegna vorkunnarlaust að verja sig sjálfur. Í húsvitjunarbókum fær hann umsagnir svo sem: dánumaður, vel skýr til munns og handa, vel lesandi, vel siðgóður og vel fróður. Hann eignaðist með konu sinni, Helgu Árnadóttur, a.m.k. 9 börn en aðeins 3 þeirra eignuðust afkomendur. Engu að síður er mjög margt manna hér í firðinum og víðar komið frá Bjarna og Helgu á Gilsá.

Jón Jónsson á Skáldstöðum (f. um 1741, d. 8. ágúst 1816) kom í Skáldstaði af Svalbarðsströnd og fluttist héðan austur í Fnjóskadal og síðar Aðaldal en endaði svo ævi sína á Ströndinni. Hann mun hafa haft viðurnefnið hinn harði og fær þá umsögn við húsvitjun í Aðaldal að hann sé talinn harðlyndur og stórstyrjaldarsamur, en kunní lítið í guðsorði. Fyrri kona hans var Guðrún Skúladóttir en síðari kona hans hét Ólöf Árnadóttir. Með þeim báðum eignaðist Jón börn en afkomendur þeirra munu hafa dáíð barnlausir.

*Valdimar Gunnarsson*

# Galdrar og fjölkunnugir menn í Eyjafjarðarsveit





Brynjólfur Brynjólfsson.

*Ekki er víst að allt sé satt sem skrifað stendur í þjóðsögunum. Einkum er erfitt að trúa tröllasögum og frásögnum af viðskiptum Sæmundar fróða við kölska. Við, seinni tíma fólk sem vorum ekki á staðnum þegar atburðirnir gerðust, getum lítið annað en reynt að sigta út það sem er satt frá því sem var fært í stílinn, eftir því sem skynsamlegast þykir.*

Sögur af fjölkynngi eru margar til. Hvernig sem það má vera, þá virðist hafa verið mun meira um galdrakarla á Vestfjörðum en annars staðar á landinu. Þessu er erfitt að trúa. Hafi fjölkynngi verið jafn útbreidd þar vestra og sögurnar segja þá hefði vart þurft að færa þær í letur, hvað þá í stílinn. Það hefði verið jafn óþarft eins og að tíunda það sérstaklega að Vestfirðir væru fyrir vestan en ekki austan, öfugt við Austfirði sem væru fyrir austan en ekki vestan. Á þessu eru aðeins tvær skýringar. Önnur er sú að Vestfirðingar til forna hafi verið meiri lygarar en aðrir Íslendingar, hin er sú, sem mér finnst trúlegri, að fleiri lygasögur hafi verið sagðar um Vestfirðinga en aðra Íslendinga. Af fjölkunnugum mönnum í Eyjafjarðarsveit fara ekki margar sögur í þessum bókmenntum en þær eru þeim mun trúverðugri en margar aðrar. Í næstu kapítulum verður gerð grein fyrir þeim.

Í þjóðsögum Jóns Árnasonar og Ólafs Davíðssonar segir allnokkuð af Torfa á Klúkum. Hann var fæddur um miðja 18. öld og var víðlesinn, hagnæltur og með ólíkindum ættfróður. Hann var álitinn rammgöldróttur en vildi sem minnst kannast við það sjálfur og fór ætíð vel með gáfu sína. Frá því er sagt að fjölkynngi Torfa hafi verið slík að jafnvel orðspor hans hafði töframátt. Hann hafði einstakt lag á að benda á týnda hluti sem öðrum voru huldur, hvort sem þeim hafði verið nappað eða þeir horfið með öðrum hætti. Þjófar sem vissu upp á sig sökina þurftu ekki annað en heyra að Torfi væri kominn í málið, þá gáfu þeir sig samstundis fram, vissu að leikurinn var þegar tapaður. Torfi hafði sagnaranda, ónefndan fornmann úr Sturlungatíð sem gengið hafði mann fram af manni. Þegar Torfi gjörðist gamall og hrumur kom hann andanum yfir á mann í Óxnadal þar sem andinn var að lokum grafinn í Engimýrahóla í rauðlitum eikarbauk.



Einhver máttur fylgir sérhverjum stað. Vert er að minnast á Kára á Klúkum sem uppi var á 20. öld. Hann var bæði hamrammur, forspár og veðurglökkur. Hann kvaðst eitt sinn hafa séð Hleiðargarðsskottu og var hún ekki frýnileg ásýndum. Frá viðskiptum hennar við fjölkunnuga segir í næsta kapítula.

Í þjóðsögum Ólafs Davíðssonar segir af Hleiðargarðsskottu sem var send á Sigurð bónda í Hleiðargarði um miðja 18. öld. Skotta kvaðst heita Siguríður en bóndi sá við henni og vísaði henni á nafna sinn og nágretta í Nesi. Hans dagar urðu ekki fleiri í þessari vist eftir viðskiptin við Skottu. Rétt þótti að kveða Skottu niður svo hún ylli ekki frekari ónotum í sveitinni. Var

fenginn til þess fjölkunnugur maður, Guðmundur frá Stóradal, er kvaðst geta kveðið drauginn niður ef hann fengi Þorbjargar dóttur Sigurðar í Hleiðargarði að launum. Tókust um það sættir og batt Guðmundur Skottu við grjót í Djúpadalsárgili. Hún var hins vegar ekki jafn sátt við gang við mála. Heitir þar síðan Sigguhvammur í höfuðið á Skottu. En Hleiðargarðsbóndinn efndi ekki heit sitt og fór þá Guðmundur og losaði Skottu aftur sem ásótti Sigurð bónda þaðan í frá. Einkum fór það illa í hálsinn á karli, hvar hann kenndi sér jafnan meins upp frá þessu. Saga þessi er nokkuð frábrugðin útgáfunum sem finna má í þjóðsögum Jóns Árnasonar en þar ber mun meira á fjölkynngi, flestar helstu karlpersónur eru þar fjölkunnugar mjög. Af sömu sökum og fyrr er getið, veljum vér þá útgáfu er trúlegri þykir til endursagnar hér.

Að lokum kemur hér saga úr safni Jóns Árnasonar sem kann að hafa verið færð lítillaga í stílinn. Þannig háttaði til að Sigfús lögréttumaður á Grund var borinn galdr af Eiríki á Dvergsstöðum árið 1711. Sigfús var fjölkunnugur mjög og átti í útistöðum við mann vestur undir Jökli. Sá sendi 18 drauga á Sigfús sem sá það fyrir og kvað í skyndi upp draug og magnaði mjög til að hafa sér til fulltingis gegn sendingunni. Héldu þeir af stað og mættu vestan draugunum rétt utan við garðshornið og voru þeir þá ekki nema seytján. Sigfús spyr hverju það sæti. Kváðust þeir hafa étið þann átjándan í Vatnskarði þar eð þeir fóru nestislausir að heiman. Hófst nú bardagi mikill sem endaði með því að allir draugarnir að vestan lágu í valnum. Að því loknu drap Sigfús drauginn sem hann hafði magnað sjálfur og eru þar með allir úr sögunni nema Sigfús sem hélt heim eftir þetta. Heitir þar síðan Djöfladæld eða Silfurdæld sem þeir áttust við.

Brynjólfur Brynjólfsson

# Forystusauðurinn Botni

## Frásögn Þórs Hjaltasonar á Akri af forystusauðnum Botna.

Botni var þannig til komin að þegar lömbin voru keypt eftir fjárskiptin 1951 þá fékk faðir minn Hjalti Guðmundsson botnotta gimbur á Laugalandi. Hún fór alltaf á undan lömbunum þegar þau voru rekin og virtist hafa í sér einhverja forystu. Þegar hún var tveggja vetra fór pabbi með hana í Villingadal og hélt henni þar undir forystuhrút sem þar var til. Um vorið komu undan henni tvö svarbotnótt lömb hrútur og gimbur. Pabbi gerði hrútinn að sauð. Hann var mjög skemmtilegur í allri umgengni, ekki stýggur og ákaflega þjáll. En sagan sem ég ætlaði að segja er af honum þegar hann er líklega fjögurra vetra. Fénu var alltaf sleppt upp fyrir girðingu eftir göngur og það fór mikið fram í Finnastaði í Sölvadal og Finnastaða heiðina og var féð þar mikið á haustin. Þá bjó í Seljahlíð Benedikt Sigfússon. Seinni part dags í mjög góðu veðri þá heyrir hann svo mikið jarm í kind austan við ána og fer að veita því eftirtekt. Sér hann þá að sauðurinn stekkur þar fram og til baka innan um féð og það stekkur allt saman í hóp. Þegar það var komið í hóp þá strunsar Botni af stað á undan hópnum sem fylgir honum eins langt og hann sá norður. Daginn eftir var hann kominn með allt féð norður í hálsinn ofan við Akur og var þá komin hríð. Hafði Botni náð að smala saman öllu fénu nema fjórum kindum sem voru upp á heiði og höfðu líklega ekki orðið varar við þegar hann var að smala því saman. Kindurnar voru þá settar niður fyrir girðingu og inn á tún. Við hefðum ekkert vitað um þetta nema af því að Benedikt sá þetta og varð vitni af því. Ég fór svo nokkru seinna og sótti þessar fjórar kindur suður í heiði.

Botni var skemmtileg skepna, hægt var að taka í hornið á honum og leiða hann með sér án þess að maður fyndi fyrir því. Systir hans var hálfgerð leiðinda tuðra og oft óþæg þó hún væri á undan fjárhópnum. Pabbi átti líka aðra forystuá og eitt sinn þegar rekið var heim úr réttunum ruku þær tvær langt á

undan á heimleiðinni en sauðurinn fór bara hæfilega hratt á undan safninu eftir veginum og lét sem hann sæi þær ekki. Þegar verið var að reka féð gat maður bent honum og næstum talað við hann. Pabbi átti oft forystukindur en þessi sauður var sá besti. Fénu var oft beitt hér upp í hálsinn og voru

nokkrar léttrækar reknar á undan og svo var lestin á eftir þeim, náði lestin oft upp á háholtið svo vel sást handan- að.

Skrifað um veturnætur 2020

Arnbjörg Jóhannsdóttir

Áburðarbæklingur LÍFLANDS  
2021 er kominn út.  
Þú finnur hann í verslunum  
LÍFLANDS eða á lifland.is

Fáðu Líf í tún og akra

LÍFLAND

LÍF  
ÁBURÐUR

Náðu þér í nýja  
áburðarbækling LÍFLANDS  
á prenti eða netútgáfu.

Fullt af fróðleik um hvernig skal  
fá líf í tún og akra.

# Hjá álfaborgum

*Snjólaug Sigurðardóttir frá Höskuldsstöðum eða Snjóka eins og hún er oftast kölluð, sagði mér eitt sinn frá því að hún hefði séð álfa þegar hún var barn að aldri, en enginn hafi trúað sér nema ömmu-systir hennar Kristbjörg Kristjánsdóttir frá Jódísarstöðum. Við Snjóka hittumst á ættaróðalinu einn sólríkan sunnudag í byrjun október og fórum á staðinn, sem er alllangt ofan við bæinn og þar sýndi hún mér klettana þar sem hún sá álfana.*

*Hvað varstu gömul þegar þú varst vör við þá fyrst?*

„Ég hef verið svona 7-8 ára og fór í berjamó hérna upp á Ásana og hljóp hér um allt í leit að góðu lyngi. Ég sá þá í nokkur ár eða fram að fermingu þá tók alveg fyrir þetta.“

*Getur þú lýst þeim?*

„Já, ég man sérstaklega eftir einum. Hann var alltaf í röndóttum buxum og með rauða skotthúfu, varla meir en hálfur metri á hæð og svo voru margir mun minni með honum, sennilega verið börnin hans sem hoppuðu hérna í þúfunum fyrir framan klettana. Þeir komu út á tveimur eða þremur stöðum en aldrei nema ég væri ein. Það þýddi ekkert fyrir mig að taka einhverja með mér til að sýna þeim álfana því að þá létu þeir ekki sjá sig.“

*Voru þeir bara hér?*

„Já, ég sá þá bara hér og þeir komu út þar sem eru sprungur í klettaveggjunum,“ segir Snjóka og lýsir því þegar hún sá álfana fyrst hafi hún hlaupið heim og sagt ömmu sinni frá þessu en hún var vantrúuð og sagði að þetta gæti ekki verið. Kibba frænka hafi hins vegar ráðlagt sér að hafa þetta bara fyrir mig.

*Varstu ekki svekkt þegar enginn trúði þér nema ömmusystir þín?*

„Nei, ekki svo, ég var ekkert að velta því fyrir mér, en ég var mjög hissa þegar ég sá þá og sat lengi og starði alveg agndofa en samt ekki hrædd. Svo hurfu þeir snögglega eins og hendi væri veifað. Mér fannst mjög gaman að sjá þá en afskaplega skrytið. Kibba frænka skildi þetta alveg hún



*Snjólaug Sigurðardóttir frá Höskuldsstöðum við klettinn þar sem hún sá álfana koma út.*

*Ljósmynd: Benjámín Baldursson.*

hefur eflaust sjálf verið eitthvað dulræn.“

*En þú, ertu svolítið næm eins og kallað er?*

„Ég er berdreymin en ég hef ekki séð neitt aftur og þessi mál voru aldrei neitt rædd heima. Skógi var plantað hér í miklu magni og nú eru þessi falletgu

klettabelti nær horfin og illfært gangandi fólk, trén standa svo þétt við klettana. Kannski myndi ég sjá þá aftur ef trén væru fjarlægð“, sagði Snjóka að lokum og við löbðuðum heim á leið í haustblíðunni.

*Viðtal: Benjámín Baldursson*



# Í skjóli trjáa

– Garðsárreitur og Skógræktarfélag Eyfirðinga

**Skógrækt á Íslandi er við það að slíta barnsskónum. Elstu starfandi skógræktarfélag landsins eru komin á tíræðisaldur og sumir skógarreitir landsins líka. Skógræktarfélag Eyfirðinga er elsta starfandi skógræktarfélag landsins og varð 90 ára í maí síðastliðnum, rúmum mánuði áður en Skógræktarfélag Íslands náði sama áfanga.**

Fyrsta verk Skógræktarfélags Eyfirðinga var að friða svæði í Eyjafirði þar sem skógarleifar var að finna af náttúrunnar hendi. Fyrsti reiturinn sem félagið náði samningum um er norðan megin við Garðsárgil en sá reitur var girtur af 1931 og á því 90 ára „friðunarfæmli“ á næsta ári, 2021. Í snarbröttum gilbarminum óx birki sem grasbítar höfðu ekki klifurfærni til að ná að eyða en eftir að svæðið í kring var friðað dreifði birkið úr sér og dafnaði.

Fyrstu áratuginu eftir friðun var lítið aðhafst en girðingu viðhaldið og fylgst með framvindu. Skógurinn dafnaði enda jarðvegur frjósamur, djúpur og rakur. Reiturinn var stækkaður bæði árið 1939 og 1951 og er í dag um 7 ha. Seinna var svo byrjað að gróðursetja í reitinn og aðallega á 6. áratugnum en nú má þar líta þéttan sitkagrenireit, myndarleg rauðgreni, lerki og nokkrar stórar alaskaaspir. Hæsta tré reitsins er einmitt alaskaösp sem gróðursett var 1950 og mældist í sumar 18 m á hæð. Hún er ansi krónu- og greinamikil og mældist krónan 16 m í þvermál og

stofninn 2,25 m að ummáli í brjósthæð. Aðrar tegundir sem hafa verið gróðursett í reitinn eru skógarfura, birki, hvítbirki, bergfura og blágreni en mjaðjurt og hvönn eru áberandi botngróður. Í sumar bauð félagið til skógargöngu í reitnum og af því tilefni voru gróðursett nokkrar trjáplöntur. Þannig bættist enn í tegundasafn reitsins þar sem fjórum lerkiblendingum, hinum svokallaða Hrym, var plantað ásamt stálpuðum eintökum af fjallapín og hvítþín.

Til gamans má benda á að birkið sem hefur verið gróðursett í reitinn er af öðrum uppruna en hið upprunalega Garðsárbirki og er ættað úr Bæjarstaðarskógi. Ekki er auðvelt fyrir leikmann að greina á milli kvæmanna nema þá helst á haustin. Garðsárbirkið (og líka annað birki upprunið fyrir norðan) haustar sig mun fyrir en birkið frá suðlægari slóðum þannig að á ákveðnum tímamarki er Garðsárbirkið orðið gult á meðan það sunnlenska er enn iðagrænt og þegar Bæjarstaðarbirkið er komið í haustlitina er Garðsárbirkið oft orðið berstripað.

Tvær aðkomur eru að skóginum. Við þá nyrðri er upplýsingaskilti og tröppur yfir girðinguna en þar er varla pláss til að leggja nema einum bíl. Við syðri innganginn er heyrullustæði og þægilegra að leggja bílum. Gönguleið hefur verið höggvin í gegnum reitinn á milli þessara inngönguleiða en einnig er hægt að ganga út að gilbarmi til að dást að útsýni og gróðri.

Í fullorðnu félagi eins og Skógrækt-

arfélagi Eyfirðinga eru verkefnið önnur en fyrir 90 árum. Í dag sér félagið um ellefu skógarreitum víðsvegar um Eyjafjörð og fer mikil vinna í að hirða um skóganna, grisja, leggja stíga, merkja



Horft upp Garðsárgil.

Ljósmynd Sigríður Hrefna Pálsdóttir



Skógarganga á vegum Skógræktarfélags Eyfirðinga í júlí 2020. Um 40 manns mættu og hlýddu á Helga Þórsson frá Kristnesi segja frá reitnum. Ljósmynd Sigríður Hrefna Pálsdóttir.



Horft út Eyjafjörð. Garðsárreitur í forgrunni austan við Garðsárgil.

Drónamynd Jonas E. Björk.



Garðsárreitur. Hér sést vel munur á staðarkvæmi og Bæjarstaðarkvæmi birkis. Garðsárbirkið í kringum gilið er tilbúið fyrir veturinn og orðið laflaust en birki í skógarjaðrinum ættað frá Bæjarstaðarskógi í Örafasveit er enn í haustlitunum. Drónamynd Jonas E. Björk.

gönguleiðir og aðgengi. Fyrir 90 árum voru áherslurnar á að finna skógarleifar og friða þær, hefja nýskógrækt og finna tegundir sem gætu þrífist á landinu og rækta trjáplöntur. Í dag njótum við góðs af því frumkvöðlastarfi sem framsýnt fólk hóf fyrir 90 árum. Við njótum góðs af þeirri reynslu og þekkingu sem hefur safnast í gegnum áratuginu en við berum líka ábyrgð á því að halda áfram að vinna af kappi við uppgræðslu og að

viðhaldi grænna skóga í Eyjafirði og um land allt. Í þessum skógum er bundið mikið kolefni, þeir eru athvarf ýmissa fuglategunda og skordýra og í þeim þrífast allskonar örverur og sveppir. Síðast en ekki síst þá gefa þeir okkur mannfólkinu kost á fjölbreyttari útivist og fleiri dögum til útivistar því alltaf er skjól í skóginum þó vindar þreyti okkur á berangri.

Allir eru velkomnir í Skógræktar-

félag Eyfirðinga – ég hvet alla sem vilja stuðla að vöxtulegum skógi og útivist í skógi til að ganga í félagið ([stjorn@kjarnaskogur.is](mailto:stjorn@kjarnaskogur.is)) og styrkja þannig starfið og skóganna í firðinum.

Fyrir hönd 90 ára Skógræktarfélags Eyfirðinga,

*Sigríður Hrefna Pálsdóttir  
formaður*



## Við Aldísartréð

Í suðvesturhorni á lóð Hrafnagilsskóla stendur birkitré, sem konur úr Kvenfélaginu Iðunni í Hrafnagilshreppi með Aldísi Einarsdóttur, sem þá var 100 ára, í broddi fylkingar gróðursettu. Tilfnið var að þá voru 70 ár liðin frá því að konur á Íslandi fengu kosningarétt. Stjórn Félags eldri borgara í Eyjafjarðarsveit ákvað nú á haustdögum að koma upp skilti við tréð sem lýsir tilurð þess og sögu. Því miður er tréð svolítið renglulegt og ber merki næringarskorts enda stutt niður á mól. Tréð yrði örugglega þakklátt ef einhver góðviljaður bóndi kæmi með nokkrar skóflur af búfjáraþurði og skenkti því í sumargjöf.



*F.v. Hulda M Jónsdóttir, Valgerður G Schiöth, Páll Ingvarsson, Ólafur G Vagnsson og Sveinbjörg Helgadóttir formaður Félags eldri borgara í Eyjafjarðarsveit.*

*Ljósmyndir: Benjamin Baldursson*





*Hrossarekstur fer norður héraðsreiðleið 6 meðfram Eyjafjarðarbraut vestri frá Melgerðismelum að Hrafnagilshverfi, en almennt er óheimilt að vera með hross í rekstri á héraðsleiðum skv. aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar.*

*Ljósmynd: Anna Sonja Ágústsdóttir*

## Reiðvegagerð í Eyjafjarðarsveit

**Hestamannafélagið Funi var stofnað fyrir 60 árum síðan og tilgangur félagsins var í þremur liðum.**

- **Að starfa að réttri og góðri meðferð hesta, efla áhuga fyrir uppeldi, tæmningu og notkun þeirra.**
- **Að vinna að því að koma upp reiðvegum í firðinum utan þjóðvegarsins.**
- **Að starfa samkvæmt gildandi búffjáræktarlögum eftir því sem það samræmist starfsemi þess.**

Starfsemi félagsins hefur tekið breytingum í áranna rás, en alla tíð hefur það verið á stefnuskrá félagsins að vinna að framgangi reiðvegagerðar í sveitinni. Hefur það verið gert með því að semja um reiðleiðir, koma þeim inn í skipulag og vinna að því að reiðvegirnir verði gerðir. Markmiðið hefur verið að koma upp reiðvegum utan þjóðvegarsins og þá þannig að þeir nýtist sem best og auki öryggi sem flestra bæði ríðandi, akandi og annarra vegfarenda.

Áhersla hefur verið lögð á að leggja reiðleið frá Akureyri að útivistar- og hestaparadísinni á Melgerðismelum og er sú leið komin í nokkuð gott lag. Er þá ríðið eftir bökkum Eyjafjarðar frá

Kaupangsbökkum að Miðbraut og þá farið yfir brúna og ríðið meðfram þjóðveginum að vestanverðu og fram eftir. Draumur hestamanna hefur verið að halda áfram suður bakkana frá Miðbraut og er sú reiðleið á aðalskipulagi, en ekki hefur tekist að semja við eigendur Munkaþverárbakka um þá leið.

Einnig er tenging við nágranna-sveitarfélög mikilvæg þannig að reið-

vegakerfi landsins myndi eina heild. Ágæt tenging er frá Kaupangsbökkum og austur í Þingeyjarsveit yfir Bildsárskarð. Aðrar tengingar eru inn Skjöldal og um Kambskarð yfir í Hörgársveit og inn Eyjafjarðardal upp á hálandið. Leiðin inn Eyjafjarðardal þarfnast lagfæringar og einnig þarf að bæta tengingu frá Eyjafjarðarbraut vestri að Skjöldal. Enn vantar tengingu til Akur-



*Jóhannes Gunnar Jóhannesson, Stefán Birgir Stefánsson og Steingrímur Magnússon við girðingarvinnu.*

*Ljósmynd: Herdís Ármannsdóttir*

eyrar vestan ár, en hún er hugsuð austan við Hrafnagilshverfið, en síðan vestan nýju göngu- og hjólaleiðarinnar frá Hrafnagilshverfi.

Reiðvegir á Íslandi hafa verið byggðir af Vegagerðinni, sveitarfélögum, hestamannafélögum og einstaklingum. Þéttbýlissveitarfélög hafa gjarnan lagt reiðvegina í sínu sveitarfélagi að mestu leyti en Vegagerðin hefur stundum lagt reiðvegi með nýjum vegum. Á fjárlögum er á hverju ári veitt fé til reiðvegagerðar og af því fé hafa runnið 8,5 mkr. til Norðurlands eystra á undanförunum árum. Hestamannafélögin hafa stjórnað ráðstöfun þessa fjár en ljóst er að ekki duga þessir peningar til mikilla framkvæmda. Sum sveitarfélög hafa lagt fram fé til reiðvegagerðar á mótí ríkinu og þannig hefur það verið hjá Eyjafjarðarsveit nú seinustu árin og ber að þakka það. Í sumar skrifuðu Eyjafjarðarsveit og hestamannafélagið Funi undir áframhaldandi samstarfssamning um uppbyggingu reiðvega í sveitarfélaginu. Sveitarfélagið leggur til fjárhæð allt að 2 mkr. á ári til ársloka 2023 gegn mót-



Jónas Vigfússon við girðingavinnu.

Ljósmynd: Herdís Ármannsdóttir

framlagi úr reiðvegasjóði og er það framlenging á fyrri samningi.

Nú í sumar var unnið við reiðvegerð undir fjöllum, nánar tiltekið á kaflanum frá Möðrufelli að Árgerðisbrekkunni. Þar unnu vaskir bændur og búalið í sjálfboðavinnu við að færa til girðingar og aka mól í reiðveginn. Stefnt er að því að ljúka reiðvegerðinni á næsta ári þannig að vegurinn nái

niður að reiðleiðinni meðfram Eyjafjarðarbraut vestri annars vegar við Finnastaðaá og hins vegar við Samkomugerði. Er þetta langþráður draumur því á þessu svæði eru reknar tvær tamningastöðvar og reiðskóli auk almennra útreiða og mun framkvæmdin auka öryggi vegfarenda til muna.

Jónas Vigfússon Litla-Dal



Vinna við reiðveg undir fjöllum á haustdögum 2020.

Ljósmynd: Jónas Vigfússon

# Tjarnavirkjun vígð

*Þegar maður er í ritnefnd Eyvindar hugar maður oft um efni í blaðið. Strax eftir útgáfu blaðsins í fyrra var ég farin að hugsa um grein um Tjarnavirkjun til að setja í næsta blað. Í sumarbyrjun viðraði ég þessa hugmynd mína við Ágúst Guðmundsson einn eiganda virkjunarinnar og tók hann vel í þessa hugmynd.*

Ég hófst svo handa við að fara í gegnum myndir sem ég og Hjalti höfðum tekið af framkvæmdunum. Samt fannst mér vanta fleiri myndir svo ég fékk



*Fyrir byrjun.*



*Byrjað á skurðinum.*



*Uppskipun á rörum.*



*Rörin flutt.*



*Sumstaðar eru beygjur.*



*Stærsta grjótið fleygað.*



*Rör flutt til.*



*Hér er unnið efni til að setja í kringum rörin.*



*Rör sett niður.*



*Rör hýft í skurðinn.*

aðgang að myndum sem Árni Sveinn Sigurðsson verkfræðingur hjá Eflu hafði tekið á framkvæmdartímanum. Flestar myndirnar eru teknar af Árna,

nokkrar eru frá okkur Hjalta og fáeinar komu frá Ágústi. Ágúst sendi mér svo eftirfarandi texta um Tjarnavirkjun.

Tjarnavirkjun er staðsett við innsta

byggða ból Eyjafjarðar og kennd við Tjarnir. Vatnsréttarhafar eru Hólsgerði, Tjarnir, Halldórsstaðir, Torfufell og Laugarengi. Lengi hefur verið talað um



*Þjappað yfir.*



*Ýtt yfir rörin,*



*Fyrsti áfangi stíflunnar.*



*Það var smíðað í allskyns færi.*



*Byggt yfir byggingarsvæðið.*



*Það var unnið í öllu veðri.*



*Stíflan.*



*Stíflusvæðið.*



*Vatninu hleypt á.*



*Ágúst Guðmundsson gangsetur vélina.*



*Haldið áfram með stífluna*



*Búið að steypa allt.*

að orkuöryggi Eyjafjarðar sé af skornum skammti og ætti Tjarnavirkjun að styðja við þá þörf og þá sérstaklega orkuöryggi Eyjafjarðarsveitar. Verið er að ganga frá búnaði, svokölluðum eyjarekstri, sem gerir virkjuninni kleift að framleiða rafmagn þrátt fyrir að flutningsleiðir orku bregðist. Mikið kapp var á lagt að umhverfið mætti njóta vafans og voru raflínur lagðar í jörðu sem og að tryggt yrði að fiskgengd myndi ná upp fyrir inntak. Byggður var fiskistigi sem er að reyn-

ast mjög vel enda hefur veiði verið góð ofan inntaks. Settar voru svokallaðar coanda ristar sem varna því að seiði og fiskur komist í inntakið.

Við það að Tjarnavirkjun var reist fengu bændur í innsveitum Eyjafjarðar þriggja fasa rafmagn frá Hleiðargarði og inn úr við mikinn fögnuð.

#### Helstu lykiltölur Tjarnavirkjunar

Virkjuð fallhæð 51 m  
 Virkjað rennsli 2,8 m<sup>3</sup>/s  
 Uppsett afl 1,0 MW

Áætluð orkuframleiðsla 9 GWh/ári  
 Stærð inntakslóns 1,0 ha  
 Miðlun Engin  
 Lengd aðrennslispípu 1.400 m  
 Þvermál aðrennslispípu 1,1 – 1,4 m

18. júlí sl. var Tjarnavirkjun vígð. Við vígsluna komu yfir 200 manns og gerðu menn sér glaðan dag. Daginn eftir var svo opið hús og komu fjölmargir íbúar sveitarinnar til að skoða og bera mannvirkið augum.

*Arnbjörg Jóhannsdóttir*



Frágangur eftir.



Frágangi lokið.



Gegnum rörið.



Stöðvarhúsið í smíðum.



Stöðvarhúsið að verða tilbúið



Allt komið í gang.

# Búnaðarfélag Eyjafjarðarsveitar, mikilvægur hlekkur í samfélagi bænda

*Þegar haft var samband við mig og ég beðinn um að taka saman smá greinarstúf um Búnaðarfélag Eyjafjarðarsveitar og starfsemi þess hér í sveit, þá fór hugurinn strax á flug og ég fór að rifja upp alla þá fundi sem maður hefur mætt á og öll fróðlegu erindin sem hafa verið haldin á þeim fundum. Þessir fundir hafa ekki einungis verið til gagns heldur líka ákveðinn félagslegur vettvangur fyrir bændur sveitarinnar til að hittast og skiptast á skoðunum, fréttum og fróðleik. Ég lagði mig ungur fram um að geta mætt á þessa fundi því þarna voru rædd málefni sem ungur upprennandi bóndi brann fyrir, ræktunarstarf, vélar og tæki og annað sem tengist landbúnaði.*

Aðalfundir félagsins höfðu lengi vel einn fastan lið, en þá fór Guðmundur Steindórsson ráðunautur hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar yfir skýrsluhald nautgriparæktarinnar og ná þau erindi jafnvel lengra aftur, eða áður en búnaðarfélögin hér í sveit voru sameinuð.

Ég gróf upp gamla möppu með bréfum sem tilheyrðu Búnaðarfélagi Hrafnagilshrepps og þar er margt merkilegra heimilda. Á þeim sér maður glöggð að hlutverk Búnaðarfélagsins hefur breyst mikið í gegnum árin. Tilgangur félagsanna var eins og nú er að eiga og reka árstíðabundin tæki og verkfæri í sameign til hagsbóta fyrir félaga sína. Búnaðarfélögin hafa greinilega tekið virkan þátt í uppbyggingu sveitarfélagsins og reglulega verið beðin um að beita sér fyrir, eða jafnvel styrkja með fjármunum, hin ýmsu framfara- og samfélagsmál í gömlu hreppunum. Þar má t.d. nefna byggingu brúar yfir Eyjafjarðará við Hrafnagil og uppbyggingu á aðstöðu Hestamannafélagsins Funa á Melgerðismelum. Einnig hefur verið leitað til búnaðarfélaganna um byggingu hressingarhælis í Skjaldarvík í Glæsibæjarhreppi. Þá má sjá að bændur hafa látið til sín taka í gegnum búnaðarfélögin þegar þurfti að ýta við stjórnvöldum varðandi breytingar í hinum ýmsu samfélagslegu verkefnum dreifbýlisins. Þannig að segja má að búnaðarfélögin hafi verið mikilvæg fyrir fólkið í sveitinni og verið kjörinn vettvangur fyrir það til að sýna samtakamátt sinn.

En þá að Búnaðarfélagi Eyjafjarðarsveitar eins og það heitir í dag.

Félagið var stofnað í júní 2009 þegar saman runnu Búnaðarfélag Öngulstaðarhrepps og Búnaðarfélag Hrafnagilshrepps. Samstarf þessara félaga var orðið það mikið og stutt á milli svæðanna að það þótti eins gott að skella þeim saman í eitt, enda ætti þá að verða



10 rúmmetra Joskin taðdreifari sem keyptur var frá Þór hf. í sumar. Dreifir öllu frá taði til skeljasands.

til sterkari eining sem réði betur við fjárfestingar sem óumflýjanlega fylgdu nútíma búrekstri. Búnaðarfélag Saurbæjarhrepps stendur enn fyrir utan og rekur sitt félag á svæði gamla Saurbæjarhrepps en þó hafa aðilar sem eru með búsetu á því svæði fengið aðild í Bf. Eyjafjarðarsveitar og eru þeir nú orðnir um 15 talsins. Rétt til aðildar eiga bæði einstaklingar og einkahlutafélög, sem rekin eru í sveitinni, gegn hóflegu árgjaldi. Alls eru um 65 félagar skráðir í félagið og þar af eru margir fyrrverandi bændur sem eru löngu hættir búskap sem teljast í raun vera hálfgerðir heiðursfélagar og hefur það komið til tals að leyfa þeim að njóta þess með því að þeir fái aðildina frítt. Skráð einkahlutafélög sem eru aðilar að félaginu eru 17 talsins.

Starfsemi Bf. Eyjafjarðarsveitar snýst í dag að langmestu leyti um rekstur tækjaleigu fyrir félaga sína. Aðrir geta líka fengið tækin leigð en þá gegn 50% hærra gjaldi en til okkar sem erum félagar.

Búnaðarfélagið hefur verið í stöðugum vexti frá stofnun og voru eignir félagsins um síðustu áramót um 18

milljónir króna og enn bætist við á þessu ári. Rekstrartekjur ársins 2019 voru ríflega 5,6 milljónir og hagnaður ársins 2,2 milljónir. Félagið hefur verið rekið með finum hagnaði mörg undanfarin ár enda er það grundvöllur þess að hægt sé að endurnýja tækjakost þess reglulega, enda eru kröfur og framþróun tækni í landbúnaði miklar og mikið hagsmunamál fyrir bændur í sveitarfélaginu að geta haft aðgang að afkastamiklum og góðum tækjum í þau verk sem þarf að vinna í búrekstri dagsins í dag. Dráttarvélar bænda stækka líka og því þarf búnaðarfélagið að vera í stakk búið til að mæta kröfum um hagkvæmari tæki á hverjum tíma.

Tækjæign félagsins er að langmestu leyti tvíþætt, annarsvegar eru það jarðvinnslutæki, ss. plógar, herfi og valtar og hinsvegar mykjudreifarar eða haugsugur og haugtankar. Til eru tvær haugsugur, þrjár mykjudreifarar, fimm plógar af öllum stærðum og gerðum, þrjár valtar, tvö herfi og einn flagjafni. Einnig er svo til malarvagn, kílplógur sem ráðgert er að geta notað líka til að plægja niður lagnir og svo vinnupallar sem eru þarfapening við hinar ýmsu bygginga-





*Fjórskera Kverneland vendiplógur er afar gott verkfæri sem leggur grunn að góðu sáðbeði.*

frankvæmdir eða hreinlega til að hengja upp útiseriurnar fyrir jólin.

Stærstur hluti tekna félagsins kemur inn á notkun tækjanna þegar vorverk standa yfir eða frá miðjum apríl og fram í miðjan júní, þá eru bændur að bera mykju á tún sín og flög og einnig að plægja, herfa, valta og sá og þannig leggja grunn að fóðuröflun komandi sumars. Svo koma haustverk og þá kemur annað tímabil þar sem notkun tækjanna eykst mikið og þá sérstaklega ef vel haustar og hægt er að plægja tún og akra nánast fram að jólum.

Jarðrækt hefur vaxið töluvert undanfarna tvo áratugi hér sveit með aukinni kornrækt og hefur búnaðarfélagið fjárfest talsvert í tækjum því tengdu undanfarin ár. Það má segja að vinsælustu jarðvinnslu- og mykjutækin stoppi nánast aldrei þessa tvo vormánuði sem bændur leggja nótt við dag til að koma fræi niður í jörðina.

Nýverið fjárfesti félagið í afkastamiklum taðdreifara og er það í fyrsta skipti sem bændum býðst að leigja slíkt tæki hjá félaginu. Margir bændur eru farnir að nota kornhalm sem undirburð og einnig eru nokkrir farnir að nýta sér moltu við jarðræktina og er því þessi dreifari kærkomin viðbót við tækjaflotann. Einnig var keypt diskaherfi sem mun að öllum líkindum geta aukið afköst við jarðvinnslu töluvert.

Það má segja að notkun tækjanna

undanfarin ár hafi náð alveg frá Vatnsenda í suðri og norður í Hvamm að vestanverðu og Þórstaði að austanverðu. Auk þess hafa bændur á Svalbarðströndinni fengið tækin leigð og jafnvel aðilar á Akureyri. Þar sem þetta svæði nær yfir ríflega 40 km þá hefur verið nauðsynlegt að hafa bækistöðvar fyrir tækin á tveimur stöðum. Eins og er er helmingur þeirra staðsettur miðsvæðis í sveitarfélaginu eða í Torfum og hinn helmingurinn er eilítið norðar eða í Klauf. Tækjaverðir eru Þórir í Torfum og Hermann Ingi í Klauf og sjá þeir um að tækjunum sé viðhaldið en sú krafa sett á notendur tækjanna að þau séu ávallt smurð og skilað hreinum eftir notkun.

Reynt hefur verið að skipta tækjunum jafnt á milli tækjavarða þannig að aðgengi bænda sé sem jafnast að tækjunum og ef þannig háttar til að víxla þeim á milli staða.

Fyrir nokkrum árum var stofnuð facebooksiða búnaðarfélagsins til að gera samskiptin auðveldari og markvissari. Þarna inn eru td sett inn fundarboð, nýjustu upplýsingar og áminningar til manna um umhirðu og umgengni við tækin. Þarna er líka vettvangur til að ræða hugmyndir að nýjum tækjakaupum þó að alltaf sé nú skemmtilegra að hittast einhverstaðar á hinum mörgu samkomustöðum sem við höfum aðgang að hér í sveitinni.

Búnaðarfélagið hefur oft staðið fyrir fræðsluerindum fyrir bændur og um árabíl voru haldnir rabbfundir að vetri til þegar önnur starfsemi félagsins liggur að mestu í dvala. Þessir fundir hafa verið bæði gagnlegir og góðir auk þess að gefa mönnum tækifæri á að hittast og spjalla. Félagið hefur líka tekið þátt í námskeiðum í plægningum og lagt til sín tæki í það og hafa þessi námskeið verið afar vel sótt og tala menn um það að þeir hafi haft mikið gagn af.

Stjórn Búnaðarfélags Eyjafjarðarsveitar skipa Hákon Bjarki Harðarson á Svertingsstöðum sem er formaður, Þórir Nielsson í Torfum sem er gjaldkeri og Tryggvi Jóhannsson sem er ritari. Varamenn eru Jóhann Jóhannesson á Stóra Hamri og Þórólfur Ómar Óskarsson í Grænuhlíð.

Þrátt fyrir breyttar áherslur í starfsemi félagsins á síðustu árum, úr því að vera stuðningur við hin ýmsu uppbyggingarverkefni sveitarinnar yfir í að reka nær eingöngu tækjaleigu, þá er mikilvægi öflugs búnaðarfélags gríðarlegt fyrir starfandi bændur og tryggir það að þeir þurfa ekki að leggja í eins miklar fjárfestingar þegar kemur að tækjakosti. Sem dæmi þá kostar einn góður plógur og ein haugsuga, sem nánast enginn nútíma bóndi getur verið án, á bilinu 7-10 milljónir. Herfi kostar 2,5 milljónir og valti annað eins. Það munar um minna að geta leigt þessi tæki í nokkra daga á ári frekar en að fjárfestingin standi heima á hlaði, ónotuð stærstan hluta úr ári.

Við sjáum fyrir okkur að á næstu misserum höldum við áfram að reka okkar góða félag vel þannig að hægt sé að halda áfram á sömu braut og undanfarin ár, þ.e. að leggja bændum til tæki sem mæta kröfum þeirra um notkunar-gildi þannig að félagið geti áfram aukið við tækjæign sína og þannig byggjum við smátt og smátt upp enn öflugra búnaðarfélag. Einnig tel ég undirritaður að félagið þurfi að viðhalda þeirra gömlu og góðu menningu að bændur og aðrir áhugamenn um landbúnað hittist reglulega til að ræða saman og fræðast.

F.h. Búnaðarfélags Eyjafjarðarsveitar  
*Þórir Nielsson Torfum*

# Rafstöðin á Munkaþverá

*Þverá efri var landnámsjörð Ingjalds, elsta sonar Helga magna og Þórunnar hyrnu. Ingjaldur var fullorðinn þegar hann kom til Íslands og hafði farið í víking með föður sínum og öfum, þeim Katli flatnef og Eyvindi austmanni. Eyjólfur sonur Ingjalds fór til Noregs til að forframa sig og það gerði Glúmur sonur Eyjólfss líka. Utanfarir voru því algengar á Munkaþverá frá fyrstu tíð.*

Átjándi og níjtjándi öld áttu það sammerkt að þær enduðu með náttúruhamförum á Íslandi sem höfðu allskonar áhrif. Eftir eldgosið í Lakagígum 1783-4 lækkar hitastig á norðurhveli jarðar og það verður uppskerubrestur í Norður-Evrópu. Í Frakklandi er fólk svangt og bylting og aftökur rústa samfélaginu sem gerir Napóleón kleift að komast til valda. Ástandið er svo slæmt að fólk fer að borða kartöflur sem spretta þótt hveitið þroskist ekki og margir flytja vestur um haf. Þeir sem ráða málum í Kaupmannahöfn velta fyrir sér hvort eigi að flytja Íslendinga til Jótlands. Konungurinn er orðinn þreyttur á stöðugum útgjöldum og betlibréfum, því á íslensku nýlendunni er lítið að græða eftir að skipin með klausturgóssinu eru búin að flytja allt yfir hafið. Íslenskir embættismenn eru niðurlægðir þegar þeir biðja um aðstoð og réttarbætur og sú niðurlægning nær hámarki árið 1798 þegar konungur leggur alþingi Íslendinga niður. Í Kaupmannahöfn byrjar níjtjándi öldin ekki vel því árið 1807 sprengja Englendingar Kaupmannahöfn í rúst og stela flotanum sem hafði verið byggður fyrir íslenska klausturslífríð. Danski flottinn var um tíma talinn sá næst stærsti í heiminum og Englendingar vilja koma í veg fyrir að Danir fari í hernaðarbandalag við Frakka.

Fátækt og vistarband ákveða framtíð og líf þorra fólks á Íslandi og ekkert batnar á fyrstu árum nýrrar aldar því það koma fá eða engin skip með vörur og þótt hingað komi erlend fiskiskip er bannað að eiga viðskipti við þau. Eins og oft áður og eftir, verða Íslendingar að bjarga sér sjálfir. Þótt áföllin séu færri á níjtjándi öld en á öldinni áður eru Íslendingar ein fárra þjóða í Evrópu sem geta búist við mannfelli á hverjum vetri. Eftir Öskjugosið 1875 og öskufallið sem því fylgdi fara heiðarbylín norðaustanlands í eyði og margir ætla vestur, þar sem smjórið drýpur af hverju strái.

Munkaþverá hefur fóstorað marga



*Stefán Jónsson bóndi á Munkaþverá.*

merka menn. Nikulás Bergsson var þar fyrsti eða annar ábóti og var um tíma þekktasti Íslendingurinn utan landsteinana vegna pílagríma sem fóru í fótspor hans og fylgdu leiðarlýsingu sem hann hafði skrifað. Jón Arason biskup menntaðist í klastrinu og miklu fyrr var Halldóra Gunnsteinsdóttur húsmóðir á Þverá. Hún var ein af þeim sem lítið hefur verið hossað en er ein mesta hetja Íslandssögunar fyrir sín líknarstörf. Munkaþverár er getið í flestum stærstu atburðum héraðsins og svo var og er Munkaþverá kostajörð. Á tæplega 400 árum hafði klaustrið sem þar var, safnað undir sig jörðum og átti mikið land meðfram Eyjafjarðará svo dæmi sé tekið.

Stefán Jónsson var fæddur 19. mars 1866 á Munkaþverá og hann fór í Möðruvallaskóla og var þar í 3 ár. Síðan fer hann vestur til Ameríku en þá höfðu bræður hans tveir, Jakob og Jón sest þar að. Margt hefur verið framandi í Dakota fyrir bóndasoninn og eflaust hefur Stefáni þótt mikið til um lestarnar sem bruna milli fylkja með tilheyrandi gufumekki og hávaða. Það hefur verið fagnaðarfundur hjá þeim bræðrum og margt verið skrafað og eins og Íslendinga er háttur hafa aðrir Íslendingar í Dakota viljað hitta þá sem voru nýkomnir frá gamla landinu. Fljótlega

sér Stefán að tæknin margfaldar afköst og til dæmis afkastar hestasláttuvél meira en átta sláttumenn. Hann fer ásamt bræðrum sínum á heimssýninguna í Chicago 1893 og þar er margt að sjá. Þeir bræður fylgjast með fólki fara inn í lítinn klefa sem er svo halaður upp af rafmagnsvindu og þá þarf fólk að ekki að ganga stigann. Stefán hugsar með sér hvað ætli gerist ef þetta stoppar á miðri leið? Svo er það síminn hans Bell, það undrataeki sem getur flutt mannsröddina margar mílur eftir stálvírum í annað símtæki. Það eru fleiri Íslendingar en þeir bræður að skoða þetta nýja dót og síra Matthías Jochumsson arkar um með pípuhatt og svælir vindil milli þess sem hann andaði að sér nútímanum og nýtur þess að vera til. Þeir bræður setjast niður til að fá sér að borða og bera saman bækur sínar um sýninguna og eru sammála um að rafmagnsljósinn hans Edison séu kannski hvað mögnuðust. Þeir muna vel eftir skammdegismyrkrinu í torfbænum og óvæntum hljóðum í bæjargöngunum og þá er líklegt að draugar séu á ferð eða jafnvel gamla skotta kennd við Hleiðargarð. Þeir velta fyrir sér hvort eitthvað af því sem þeir sjá muni einhvern tíma koma til Íslands og eru sammála um að seint verði spurvagnar akandi um Staðarbyggðina en eru á einu máli um að rafmagnnið, sem enginn sá en gat látið hluti hreyfast og búið til ljós og yl, sé það sem á eftir að breyta heiminum.

Í Ameríku fyrir aldamótin 1900 er margt að gerast og karlmenn ganga um með byssur og kúrekar halda nautgriphjörðum til beitar. Stöðugt er brotið meira land undir akra því lífsspeki dagsins er: því stærra því betra. Það verður til þess að frumbyggjar eru reknir af löndum sínum og einn af þeim á eftir að bjarga lífi Jóns, bróður Stefáns, þegar hann veiktist. Þessi tími á eftir að verða allskonar skáldum yrkisefni. Borgir stækka og þeir sem hafa frumkvæði og dugnað geta orðið ríkir og keypt það nýjasta og finasta. Pen-



Horft upp eftir giliinu frá brúnni. Fallið sem var virkjað var er ekki mikið og enn stendur einn staurinn sem flutti ljósið í húsin á Munkaþverártorfunni.



Séð niður í stöðvarhúsið. Leifar af vélbúnaðinum eru enn á staðnum.

ingar verða afl framfara og Rockefeller veðjar á olíu og verður ríkasti maður í heimi. Hann er dæmi um að allir geti orðið ríkir. Enginn vinnandi maður þarf að svelta því það er nóg til.

Eftir 5 ára dvöl í útlandinu er ættjörðin farinn að toga í Stefán og hann fer heim til að yrkja jörð forfeðranna. Hann kaupir ameríska kolaeldavél sem hann gefur móður sinni. Konurnar af bæjunum í kring koma fyrir jólin og fá að baka í ofninum í kolaeldavélinni. Stefán verður einn af vormönnum Eyjafjarðar á mörgum sviðum. Hann byggir fyrsta steinhús framan Akureyrar og kaupir hestasláttuvél í félagi við aðra. Bændurnir sem búa í nágrenninu koma og fylgjast með þegar hestarnir eru spenntir fyrir þetta útlenda apparat en finnst sláttuvélin ekki slá nógu vel.

Rafmagnið sem hvorki er hægt að sjá né skilja er á leiðinni því það á að virkja Glerá á Akureyri. Stefán hugsar með sér að kannski geti hann notað Þverána sem rennur sunnan við bæinn og er engum til gagns. Hann semur við mennina sem byggja Glerárrafstöðina um að koma til sín þegar þeir hafa lokið vinnu þar. Það gera þeir og Stefán fer í félag með öðrum ábúendum á Munkaþverártorfunni um framkvæmdirnar.

Þegar verkið hófst var byrjað á að sprengja höft burtu til að vatnið færi rétta leið. Síðan var byggt steinhús sem

átti að hýsa túrbínuna og rafalinn og það þurfti að smíða stiga niður í gilið og að láta túrbínuna síga niður og koma henni fyrir. Að endingu eru rafmagnsstaurnir settir upp og festar á þá línurnar sem flytja rafmagnið heim í Munkaþverá. 1923 kviknar fyrsta rafmagnsljós í Eyjafirði fram og rafmagnið frá Þverárvirkjun sér 4 heimilum fyrir ljósum og kirkjan fær líka rafmagn. Það eru 2 útiljós á steinhúsinu á Munkaþverá; það eru 100 kerta perur í þeim og útiljósinn verða kennileiti í dimmviðri.

Þau sem voru í félagi með Stefáni um rafstöðina voru: Jón og Hallgrímur Júlíussynir og Margrét Júlíusdóttir og maður hennar Jón Jóhannesson. Húsið sem rafalinn var í var rúmur 15 fermetrar að flatarmáli og hæð þess var 2,5 metrar og þykkt veggja 22 cm. Kostnaður við framkvæmdina var alls 16.000 kr sem gætu verið um 5 milljónir á núvirði.

Eins og rafmagnsljósinn eru dásamleg eiga þau til að slokkna á veturna þegar mesta þörfin er fyrir þau en þá hefur komist krapí í ristina sem hleypir vatni inn á túrbínuna og þá þarf að hreinsa hana. Það þarf reyndar að fara daglega til að smyrja í koppa á vélunum og ef eru hengjur í giliinu er hættulegt að fara niður í það, en sem betur fer varð aldrei slys þótt einu sinni lægi nærri.

Virkjunin á að geta framleitt 18 kW og það er meira en nóg meðan það eru ekki rafmótorar sem þarf að snúa. Þegar komið er fram á miðbik tuttugustu aldar eru bændur farnir að súgurrka hey og það krefst mikils rafmagns og þá þarf að slökkva á öllu sem hægt er til að súgurrkunarblásarinn fái sitt. Þegar útvarpið kom í Munkaþverá voru miklar truflanir í því og stundum heyrðist lítið eða ekkert og ástæðan fyrir því er að allskonar hljóðbylgjur verða til í rafstöðinni sem trufla útvarpsmerkið. Ættingi Munkaþverárfólks deyr í Reykjavík og heimilisfólkið klæðist sparifötum og fer á næsta bæ til að hlusta á jarðarförina í útvarpinu.

Eftir því sem virkjunin eldist verður meiri viðhald á henni og hægt og bítandi bæstast við rafmagnstæki og þegar komið er fram á árið 1957 kemur Laxárrafmagnið og leysir Þverárvirkjun af hólmi. Löngu síðar var túrbínan seld og hún var gerð upp og sá Þormódsstöðum í Sölvadal fyrir ljósi og yl. Það var löngu síðar eða 1995 eftir að skriða gróf gömlu Þormódsstaðavirkjunina í kaf en það er önnur saga.

#### Heimildir:

Súkur XX árgangur, 32 hefti 1993. Kristín og Kristján Jónsbörn. Stefán G. Jónsson og Gestur Hjaltason.

*Logi Óttarsson frá Garðsá.*

# Frá Laugalandsprestakalli

## Skírnir

*Þessi börn voru skírð í Eyjafjarðarsveit á árinu:*

**Viktor Jensen**, skírður 18. janúar.

Foreldrar: Maria Jenssen og Jónas Hjartarson, Akureyri.

**Alexander Nökkvi**, skírður 15. febrúar.

Foreldrar: Kristín Björnsdóttir Jensen og Gunnbjörn Rúnar Ketilsson, Bakkatröð 5.

**Orri Alexander**, skírður 22. febrúar.

Foreldrar: Sæbjörg Rut Guðmundsdóttir og Ómar Valur Steindórsson, Akureyri.

**Dagur**, skírður 7. mars.

Foreldrar: Helga Hansdóttir og Valtýr Aron Þorrason, Akureyri.

**Guðmundur Yrkill**, skírður 7. mars.

Foreldrar: Ingibjörg Auður Guðmundsdóttir og Andri Yrkill Valsson, Kópavogi.

**Sunneva Eik**, skírð 14. mars.

Foreldrar: Sílvia Grettisdóttir og Steinar Ingi Gunnarsson, Noregi.

**Alfred**, skírður 28. júní.

Foreldrar: Anne Sigergaard Moltsen og Elmar Kristjánsson, Danmörku.

**Stefanía Hrönn**, skírð 25. júlí.

Foreldrar: Helga Jóhannsdóttir og Steinar Grettisson, Reykjavík.

**Hrefna Rut**, skírð 15. ágúst.

Foreldrar: Rakel Matthíasdóttir og Egill Már Kristinsson, Akureyri.

**Lárus Reynir**, skírður 15. ágúst.

Foreldrar: Ragnhildur Reynisdóttir og Jakob Lárusson, Hafnarfirði.

**Briet Embla**, skírð 15. ágúst.

Foreldrar: Margrét Jóhannsdóttir og Dagur Elí Guðnason, Reykjavík.

**Elisabet Rósanna**, skírð 22. ágúst.

Foreldrar: Stefanía Árdís Árnadóttir og Skarphéðinn Páll Ragnarsson, Bakkatröð 7.

**Berglind María**, skírð 5. september.

Foreldrar: Erna María Halldórsdóttir og Eiður Jónsson, Sunnutröð 2.

**Gunnar Nói**, skírður 10. október.

Móðir: Ágústína Gunnarsdóttir, Akureyri.

**Einar Sigurður**, skírður 26. september.

Foreldrar: Telma Rut Einarsdóttir og Þór Magnússon, Reykjavík.

**Árný Sól Jónsdóttir**, skírð 31. október.

Foreldrar: Tinna Ösp Viðarsdóttir og Jón Kristjánsson, Þórustöðum.

## Fermingar

*Þessi ungmenni voru fermd á árinu:*

**Í Kaupangskirkju 31. maí:**

Matthildur Eir Valdimarsdóttir, Vaðlabýggð 9.

**Í Munkaþveráarkirkju 18. júlí**

Berglind Heiða Gísladóttir, Akureyri.

**Í Akureyrarkirkju 9. ágúst:**

Kolbrún Líf Elmarsdóttir, Jórunnarstöðum.

**Í Munkaþveráarkirkju 16. ágúst:**

Ragnheiður Milla Bergsveinsdóttir, Kópavogi.

**Í Kaupangskirkju 22. ágúst:**

Friðrika Ólöf Stefánsdóttir, Króksstöðum.

**Í Grundarkirkju 29. ágúst:**

Guðlaug Árný Davíðsdóttir, Akureyri.

**Í Grundarkirkju 30. ágúst:**

Aron Máni Sverrisson, Bakkatröð 9.

Björgvin Hrafn Brynjólfsson, Bakkatröð 1.

Eyþór Rúnarsson, Espiholti.

Fannar Nói Þorvaldsson, Bakkatröð 4.

Gabriele Rimkute, Kristnesi 9.

Ívar Arnbro Þórhallsson, Ysta-Gerði.

Kara Björt Tryggvadóttir, Skógartröð 1.

Laufey Lilja Hermannsdóttir, Akureyri.

Marín Mist Ingvadóttir, Teigi.

Marselína Freyja Þórarinsdóttir, Stekkjarlæk.

Trausti Hrafn Ólafsson, Sunnutröð 10.

Urður Emma Róbertsdóttir, Samkomugerði.

**Í Munkaþveráarkirkju sunnudaginn 30. ágúst:**

Emilía Dagbjört Guðmundsdóttir, Syðra-Laugalandi.

Margrét Dana Þórsdóttir, Tjarnagerði.

Marvin Páll Freysson, Uppsölum 1.



*Tólf börn fermdust í Grundarkirkju sunnudaginn 30. ágúst.*



*Sr. Jóhanna Gísladóttir ásamt fermingarbörnum sem fermdust í Munkaþveráarkirkju sunnudaginn 30. ágúst. Margrét Dana Þórsdóttir, Emilía Dagbjört Guðmundsdóttir og Marvín Páll Freysson.*

## Hjónavígslur

*Bessi hjónaefni voru gefin saman á árinu:*

18. júlí í Grundarkirkju:

**Fjóla Kim Björnsdóttir og Styrmir Frostason,**  
Holtsemi.

28. ágúst í Munkaþverárkirkju:

**Marsibil Sara Pálmadóttir og Jens Kristinn Eliasson,**  
Vestmannaeyjum.

## Andlát

*Eftirfarandi samferðafólk og sveitungar kvöddu okkur á árinu sem er að líða:*

**Gunnar Jónasson**, bóndi, Rifkelsstöðum. Fæddur 16. ágúst 1939 og lést 11. febrúar 2020. Útför fór fram 21. febrúar 2020. Hann var jarðsettur í Munkaþverárkirkjugarði 21. febrúar 2020.

**Matthildur Ólafía Bjarnadóttir**, garðyrkjufræðingur, Rein. Fædd í Reykjavík 27. maí 1952 og lést 4. mars 2020. Útför fór fram 12. mars 2020 og var ker jarðsettt í Munkaþverárkirkjugarði 15. ágúst 2020.

**Jónína Þórðardóttir**, fyrrum húsfreyja, Bjargi, fæddist á Öngulstöðum 25. september 1927 og lést 23. júní 2020. Útför fór fram 2. júlí 2020. Jarðsettt var í Munkaþverárkirkjugarði 2. júlí 2020.

**Sturla Snæbjörnsson** kennari, fæddur í Hólshúsum 21. nóvember 1945 og lést í Reykjavík 22. mars 2020. Kveðjuathöfn fór fram í Reykjavík og ker jarðsett í Grundarkirkjugarði 3. júlí 2020.

**Héðinn Jónasson** málarameistari. Fæddur 20. júlí 1947 að Rifkelsstöðum 2 og lést 8. júlí 2020. Útför hans fór fram 17. júlí og var hann jarðsettur í Akureyrarkirkjugarði.

**Rósa Árnadóttir**, kennari og húsfreyja, Höskuldsstöðum. Fædd 11. desember 1929 að Æsustaðagerði og lést 31. júlí. Útför hennar fór fram 12. ágúst 2020. Jarðsett var í Munkaþverárkirkjugarði 12. ágúst 2020.

**Haukur Berg**, bóndi, Fífilgerði. Fæddur 5. desember 1933 á Akureyri og lést 7. ágúst 2020. Útför fór fram 14. ágúst 2020. Jarðsett var í Akureyrarkirkjugarði.

**Örlygur Þór Helgason**, bóndi, Þórustöðum, fæddur 19. ágúst 1933 og lést 8. september 2020. Útför fór fram 18. september 2020. Jarðsett var í Kaupangskirkjugarði.

**Þórdís Sigurðardóttir**, bóndi og hrossaræktandi frá Árgerði í Djúpadal. Fædd 21. september 1914 í Teigarkoti í Skagafirði og lést 20. nóvember á Akureyri. Útför fór fram 30. nóvember frá Akureyrarkirkju.

**Stefán S. Arnason**, rútbílstjóri og bóndi, Þórustöðum. Fæddur á Siglufirði 16. júlí 1933, lést 24. nóvember. Útför fór fram frá Akureyrarkirkju 4. desember.

*Guð blessi minningu þeirra.*



*Ljósmynd: Inga Dagný Eydal.*



Skammdegissól.

Ljósmynd: Anna Guðmundsdóttir

## Rafrænt helgihald yfir hátíðarnar

Allar upptökur birtast á facebook-síðu kirkjunnar í Eyjafjarðarsveit

*3. sunnudagur í adventu :*

Jólasamvera sunnudagaskólans.

Helgistund í streymi frá Munkaþveráarkirkju.

*Aðfangadagskvöld :*

Helgistund í streymi. Prestur: Jóhanna Gísladóttir.

*Jóladagur :*

Hátíðarmessa tekin upp í Grundarkirkju sem sýnd verður  
á sjónvarpsstöðinni N4 kl. 13.

*Annar dagur jóla :*

Helgistund í streymi. Prestur: Svavar Alfred Jónsson.

*Gamlársdagur :*

Rafræn helgistund. Prestur: Jón Ragnarsson.

*Gledileg jól og farsælt komandi ár*

# VIÐ LEGGJUM GRUNN AÐ GÆÐUM

Í öllum þeim fjölbreyttu störfum sem tengjast íslenskum landbúnaði, hvort sem það er að yrkja landið, fódra dýr, girða af land eða framleiða matvæli

- þá er Bústólpi aldrei langt undan.



**Bústólpi**

FÓÐUR OG ÁBURÐUR

Bústólpi ehf - fódur og áburður - Oddeyrartanga - 600 Akureyri - bustolpi@bustolpi.is - Sími 460 3350 - www.bustolpi.is

